

Ágúst 2022



# Kortlagning kynjasjónarmiða Stöðuskýrsla 2022



**Kortlagning kynjasjónarmiða — Stöðuskýrsla 2022**

**Útgefandi:**

Forsætisráðuneytið | Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
for@for.is | fjr@fjr.is

Ágúst 2022

**Umbrot og textavinnsla:**

Forsætisráðuneytið | Fjármála- og efnahagsráðuneytið

©2022 Forsætisráðuneytið | Fjármála- og efnahagsráðuneytið

stjornarradid.is

# Efnisyfirlit

<b>1. Ávarp ráðherra</b>	<b>4</b>
<b>2. Útdráttur</b>	<b>6</b>
<b>3. Jafnrétti ávallt í forgrunni ákvarðanatöku</b>	<b>9</b>
<b>4. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða</b>	<b>11</b>
<b>5. Stöðutaka</b>	<b>13</b>
Kynskiptur vinnumarkaður	14
Ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf	18
Utanríkismál	21
Alþjóðleg þróunarsamvinna	24
Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla	27
Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar	36
Sveitarfélög og byggðamál	42
Almanna- og réttaröryggi	48
Réttindi einstaklinga	50
Samgöngu- og fjarskiptamál	55
Landbúnaður	60
Sjávarútvegur og fiskeldi	62
Ferðapjónusta	65
Orkumál	67
Markaðseftirlit og neytendamál	70
Umhverfismál	71
Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál	78
Fjölmíðlun	84
Framhaldsskólastig	86
Háskólastig	89
Önnur skólastig	91
Sjúkrahúspjónusta	96
Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa	101
Hjúkrunar- og endurhæfingarrými	112
Lyf og lækningavörur	117
Örorka og málefni fatlaðs fólks	120
Málefni aldraðra	124
Fjölskyldumál	127
Vinnumarkaður og atvinnuleysi	134
Húsnæðisstuðningur	137
Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála	141



# 1. Ávarp ráðherra

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er jafnrétti kynjanna eitt af leiðarstefunum. Kynja-jafnrétti er því áfram, líkt og á síðasta kjörtímabili forgangsmál þar sem jafnréttismál verða ávallt í forgrunni ákvarðanatöku stjórnvalda.

Forsætisráðuneytið fer með yfirstjórn jafnréttismála og hefur samráð við önnur ráðuneyti um verkefni á sviði málaflokksins. Undir hann falla aðgerðir hins opinbera á sviði kynjajafnréttis sem og jafnréttis í viðtækari merkingu. Stjórnarmálefnið mannréttindi fluttust til forsætisráðuneytis með forsetaúrskurði nr. 125/2021 og með þeim flutningi fæst ákveðin samlegð með jafnréttismálum.

Heimsfaraldurinn sem Ísland líkt og öll heimsbyggðin hefur glímt við undanfarin tvö ár, hefur haft ólík áhrif á konur og karla. Það er þekkt staðreynd að heimilisofbeldi og þá ofbeldi karla gegn konum sérstaklega, eykst í tíð heimsfaraldra enda er félagsleg einangrun stór áhættuþáttur þegar kemur að heimilisofbeldi. Þess vegna gripu stjórnvöld meðal annars til ákveðinna mótvægisáðgerða sem byggðu á kyngreindum gögnum sem drógu fram ólík áhrif á kynin.

Innan Stjórnarráðsins er er lögð áhersla á að þróa aðferðir, bæta verklag og ferla sem tryggja að jafnrétti sé í forgrunni ákvarðanatöku. Ríkisstjórnin hefur samþykkt verklag við framlagningu mála í ríkisstjórn þar sem upplýsingar um áhrif á jafnrétti eiga að liggja fyrir þegar mál eru kynnt í ríkisstjórn. Ef efni minnisblaðsins þykir hafa mikil kynjaáhrif skal stutt samantekt liggja fyrir í minnisblaðinu og eins skal gera grein fyrir ástæðum þess ef ekki er talin þörf á jafnréttismati.

Forsætisráðuneytið fylgir eftir þessu nýja verklagi og stefnt er að því að taka saman tölfræði um jafnréttismat varðandi minnisblöð sem lögð eru fyrir ríkisstjórn.

Skýrsla þessi er unnin af forsætisráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu með aðkomu allra ráðuneyta. Það er von mín að þær upplýsingar sem hér koma fram nýtist við stefnumótun í málaflokkum og við vinnslu allra mála sem unnin eru á vettvangi ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

*Katrín Jakobsdóttir,*  
*forsætisráðherra*



Kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð hefur sannað gildi sitt sem öflugt verkfæri í leið að markmiði stjórnvalda um stöðugt aukið kynjajafnrétti í samfélaginu.

Stefna stjórnvalda á hverjum tíma birtist með hvað skýrustum hætti í fjármálaáætlun til fimm ára og í fjárlögum hvers árs. Með góðri mynd af stöðu kynjanna líkt og birtist í þessari skýrslu getum við tekið mið af kynjasjónarmiðum við stefnumörkun á öllum sviðum ríkisrekstursins þegar stóru línurnar eru lagðar í fjármálaáætlun fyrir kjörtímabilið. Sú sýn vísar svo veginn þegar kemur að nánari útfærslu og mati á áhrifum á kynjajafnrétti.

Greining á áhrifum fjárlagafrumvarps á jafnrétti gefur okkur ágæta mynd af áhrifum þess á almenning í landinu. Þannig er kynjuð fjárlagagerð lykilþáttur í árangursmiðaðri fjárlagagerð þar sem áhersla er á tengsl milli fjárveitinga og árangurs. Í því felst að ráðstöfun fjármuna leiði til aukins samfélagsvirðis eða sjáanlegra jákvæðra breytinga fyrir samfélagið og ólíka hópa þess.

Stöðuskýrslan byggir á kyngreindum tölfræðigögnum sem að miklum hluta er safnað af stofnunum ríkisins og skráð í gagnagrunna þeirra. Hér er um að ræða eitt af óendanlega mörgum tækifærum sem felast í betri söfnun og nýtingu opinberra gagna. Stöðugt er unnið að því að bæta alla umgjörð á því sviði, m.a. að hægt sé að deila þeim með öruggum hætti og að veita í auknum mæli opinn aðgang að gögnum. Horft er til þess að þessi vinna verði einnig til að bæta aðgengi að kyngreindum gögnum.

Með aðkomu allra ráðuneyti að vinnu á þessu sviði hefur okkur tekist að festa verklagið enn betur í sessi og aukið sjálfbærni þess til lengri tíma. Það þykir orðið sjálfsagður hlutur að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið í huga í öllu fjárlagaferlinu og það þókar okkur í átt að sameiginlegu markmiði okkar um jafnrétti kynjanna.

*Bjarni Benediktsson,  
fjármála- og efnahagsráðherra*

## 2. Útdráttur

Í stöðuskýrslunni, sem nú kemur út í þriðja sinn, má finna greiningu á stöðu kynjanna á flestum málefnasviðum ríkisins. Öll ráðuneyti hafa unnið jafnréttismat á málefnasviðum og málaflokkum sem þau bera ábyrgð á en efni skýrslunnar er tekið saman af forsætisráðuneytinu og fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Skýrslunni er ætlað að varpa ljósi á þær áskoranir sem til staðar eru í jafnréttismálum og takast má á við með sértækum markmiðum eða aðgerðum. Þá eru í skýrslunni dregin fram kynja- og jafnréttis-sjónarmið sem hafa þarf í huga við stefnumótun, lagasetningu, fjárlaga- og áætlanagerð eða aðra ákvarðanatöku.

### Helstu niðurstöður:

---

***Íslenskur vinnumarkaður er kynskiptur, bæði lárétt og lóðrétt, og má sjá birtingarmyndir þess mjög víða:***

---

Margar af helstu útflutningsgreinum, eins og sjávarútvegur, landbúnaður og orkugeirinn, eru heldur karllægir atvinnuvegir. Í ferðapjónustu eru konur af erlendum uppruna í yfirgnæfandi meiri hluta þeirra sem sinna láglau nastörfum.

Einhæft atvinnulíf hefur mikil áhrif á brottflutning kvenna af landsbyggðinni. Umtalsvert færri konur en karlar búa í sveitarfélögum með færri en 1.000 íbúa.

Mikill kynjahalli er í mörgum samgöngugreinum. Sem dæmi eru konur innan við 1% skipstjórnamanna. Þrátt fyrir lágt hlutfall kvenna í flugi er hlutfall starfandi kvenflugmanna á Íslandi með því hæsta í heiminum.

Konur eru um þriðjungur menntaðra lögreglumanna en hlutfall kvenna lækkar mikið eftir því sem ofar dregur í starfsstigi.

Konur eru í miklum meiri hluta meðal starfsfólks í heilbrigðisþjónustu, umönnun og kennslu. Þá eru konur í meiri hluta meðal starfsfólks og gesta menningarstofnana.

Konur eru í miklum meiri hluta vaktavinnufólks hjá ríkinu. Þær eru mun líklegri en aðrar konur sem starfa hjá ríkinu til að vera í hlutastarfi. Starfshlutfall kvenna í vaktavinnu hefur þó aukist við innleiðingu betri vinnutíma.

Á meðan vel hefur gengið að jafna hlut kynjanna í stjórnnum félaga í eigu ríkisins eru aðeins 25% stjórnarformanna konur og tæplega 40% lykilstjórnenda í ríkisfyrirtækjum.

Hlutfall kvenna meðal frumkvöðla er lágt og hlutfall þeirra meðal umsækjenda og styrkþega er hvað lægst í umfangsmestu stuðningsúrræðunum við nýsköpun. Kynjahlutfall styrkþega er almennt jafnara í minni og sérhæfðari stuðningsúrræðum en í flestum tilfellum hallar þar enn á konur.

Námsval í framhalds- og háskólum er ólíkt milli kynja. Í framhaldsskóla eru stúlkur fleiri í bóknámi en drengir fleiri í starfsnámi og þar er einnig mikil kynjaskipting milli greina. Hlutfall drengja sem hverfa frá námi í almennu bóknámi er um helmingi hærra en stúlkna.

Strax í grunnskóla byrja drengir að dragast aftur úr stúlkum námslega og gefa einkunnir það til kynna. Mikil fylgni er milli lokaeinkunna úr grunnskóla og brotthvarfs úr framhaldsskóla.

Konur eru næstum tveir þriðju hlutar nemenda í háskólum en karlar eru naumur meiri hluti akademískra starfsmanna Háskóla Íslands. Hlutfall kvenna í akademískum stöðum lækkar eftir því sem ofar dregur í framgangsstiga háskólanna.

Konur og karlar eru álíka líkleg til að fá opinbera rannsóknarstyrki en hærri styrkir eru veittir í greinum þar sem karlar eru í meiri hluta og enn hallar mikið á konur í öndvegisstyrkjum sem eru hæstu styrkirnir.

Hlutfall karla og kvenna sem eru í atvinnuleit er sambærilegt. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisskrá er um 40% sem er mun hærra en hlutfall þeirra á vinnumarkaði.

---

***Konur hafa að meðaltali tæplega 13% lægri atvinnutekjur en karlar. Dæmi um áhrif þess:***

---

Fleiri karlar en konur tóku út séreignarsparnað í kjölfar kórónuveirufaraldursins og þeir tóku út næstum tvo þriðju hluta heildarupphæðar.

Aldraðar konur hafa almennt lægri tekjur en aldraðir karlar. Þær eru líklegri til að eiga minni lífeyrissparnað á efri árum og reiða sig því í meira mæli en karlar á lífeyri almanna-trygginga.

Mun fleiri aldraðar konur eiga rétt á fjárhagslegum viðbótarstuðningi en karlar. Fjárhagsleg staða aldraðra með erlendan ríkisborgararétt er umtalsvert verri en íslenskra.

Um fjórðungur feðra en aðeins um tíunda hver móðir fékk hámarksgreiðslur frá Fæðingarorlofssjóði. Nýting feðra á rétti sínum til fæðingarorlofs hefur aukist hægt í takt við hækkun hámarksgreiðslna.

---

***Rannsóknir benda til að enn beri konur almennt meiri ábyrgð á umönnun barna en karlar. Dæmi um birtingarmyndir þess:***

---

Konur vinna að meðaltali færri vikulegar vinnustundir í launaðri vinnu en karlar.

Konur ferðast að jafnaði fleiri en styttri ferðir daglega en karlar.



Mæður nýta nánast allan sameiginlegan rétt foreldra til fæðingarorlofs en hlutfall feðra sem fullnýta ekki sjálfstæðan rétt sinn hefur farið minnkandi.

Við sambúðarslit semja langflestir foreldrar um sameiginlega forsjá barna en lögheimili þeirra er í flestum tilfellum hjá móður. Konur eru því líklegri en karlar til að eiga rétt á ýmsum tekjutengdum bótum sem taka sérstakt tillit til einstæðra foreldra.

- 
- Meiri hluti greiddra barnabóta fór til kvenna.
  - Þegar aðeins einn fullorðinn er á heimili eru viðtakendur húsnæðisbóta í flestum tilvikum konur.
- 

---

***Konur lifa lengur en karlar en eiga að meðaltali færri ár við góða heilsu og eru líklegri til að lifa við heilsubrest í daglegu lífi. Meðal ástæðna og birtingarmyndar:***

---

Karlar eru líklegri en konur til að verða fyrir ofbeldi af hálfu ókunnugra en konur hins vegar af hálfu einhvers sem þær þekkja.

Karlar eru mun líklegri en konur til þess að aka of hratt eða undir áhrifum og einnig líklegri til að slasast alvarlega eða látast í umferðarslysum.

Konur nýta heilbrigðisþjónustu meira og fá ávísað meira af lyfjum en karlar.

Veikindahlutfall kvenna sem starfa á Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri er mun hærra en karla.

Fleiri karlar en konur fá greiddar bætur vegna slysa en fleiri tilkynntir atvinnusjúkdómar eru frá konum en körlum.

Verri heilsa kvenna birtist einnig í aukinni örorku en konur eru um 60% þeirra sem eru með 75% örorkumat. Mikil fjölgun örorkulífeyrisþega í hópi kvenna 50 ára og eldri bendir til þess að áhrifin séu utanaðkomandi og samfélagsleg.

Geðraskanir eru nú algengasta orsök þess að konur eru metnar til örorku. Dregið hefur úr vægi stoðkerfissjúkdóma meðal kvenna og karla og er talið að aukin áhersla á endurhæfingu skýri það. Konur eru þó áfram í mun meira mæli metnar til örorku vegna stoðkerfissjúkdóma.

## 3. Jafnrétti ávallt í forgrunni ákvarðanatöku

Jafnrétti er eitt af leiðarstefjum í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar sem kynntur var í nóvember sl. Kynjajafnrétti verður þannig áfram **forangsmál í ríkisstjórnarsamstarfinu og ávallt í forgrunni við ákvarðanatöku.**

Í vinnumarkaðsmálum verður unnið **gegn launamun kynjanna**. Farið verður í aðgerðir til að draga úr kynbundnum launamun hjá hinu opinbera og hefur sérstakur aðgerðahópur stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar, sem skipaður var af forsætisráðherra, það hlutverk að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun sem skýrist af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum. Markvisst verður unnið **gegn kynbundnu ofbeldi** og réttarstaða brotaþola bætt. Ráðist verður í framhald aðgerðaáætlunar um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins og verður þar m.a. litið til atriða er varða sáttamiðlun og styttri málsmeðferðartíma. Einnig verður lagt fram uppfært frumvarp til laga um styrkari réttarstöðu brotaþola. Loks verða jafnréttis- og kynfræðsla og ofbeldisforvarnir eflað í grunn- og framhaldsskólum. **Forvarnaáætlun meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni**, ásamt áætlun um aðgerðir fyrir árin 2021–2025 er fullfjármögnuð og verður rík áhersla lögð á að fylgja henni eftir með sérstöku mælaborði. Ábyrgðaraðilar aðgerða eru þar ýmist stofnanir, ráðuneyti eða samtök.

Í **málefnum hinsegin fólks** verður lögð fram fyrsta aðgerðaáætlunin sem ætlað er að skilgreina stefnu stjórnvalda og lýsa tilteknum verkefnum sem ýmist er ætlað að varpa ljósi á stöðu hinsegin fólks í samfélaginu eða fela í sér beinar aðgerðir. Aðgerðaáætlunin er liður í þeirri ætlun sem endurspeglar í stjórnarsáttmála að koma Íslandi í fremstu röð í málefnum hinsegin fólks.

Þá verða **kynja- og jafnréttissjónarmið í forgrunni** við lausn ýmissa áskorana á kjörtímabilinu.

- Almannaþjónusta verður eflað frekar og skattar lækkaðir með það að markmiði er að bæta lífskjör þeirra sem verst standa.
- Réttlát umskipti fyrir alla hópa samfélagsins verður leiðarstef í yfirstandandi umbreytingum vegna loftslagsváringar og tæknibreytinga.
- Lögð er áhersla á að öll fái tækifæri til að taka þátt í samfélaginu. Fólki verði gert kleift að nýta hæfileika sína og krafta.
- Áfram verður dregið úr greiðsluþátttöku fólks fyrir heilbrigðisþjónustu til að tryggja jafnt aðgengi.
- Bil milli fæðingarorlofs og leikskóla verður brúað í samvinnu við sveitarfélögin og þjónusta við börn og barnafjölskyldur aukin.



- 
- Sérstök áhersla verður lögð á að rýna stöðu kynjanna í skólakerfinu og koma til móts við ólíkar þarfir þeirra.
- 
- Stutt verður sérstaklega við börn af erlendum uppruna í skólakerfinu.
- 
- Stutt verður við íþróttþreyfinguna til að jafna stöðu karla og kvenna í íþróttum.
- 
- Friðsamlegar lausnir, sjálfbær þróun, jafnrétti kynjanna, lýðræði og mannréttindi eru áfram hornsteinar íslenskrar utanríkisstefnu.
-

## 4. Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða

Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða eða kynjasamþætting er aðferð sem gengur út á að sjónarmið allra kynja séu til staðar þegar ákvarðanir eru teknar. Markmiðið er að tryggja að þarfir allra kynja séu uppfylltar og að ekki halli á eitt kyn. Með því að nota aðferðir kynjasamþættingar má tryggja að stefna og starfsemi mismuni ekki eftir kynjum heldur stuðli að frekari uppbyggingu og jafnrétti kynja. Allt frá árinu 2008 hafa jafnréttislög kveðið á um að kynjasamþættingar skuli gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð sem gerð er á vegum ráðuneyta og opinberra stofnana. Í gildandi jafnréttislögum frá 2020 er hugtakið útvíkkað og talað um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða. Þannig er gert ráð fyrir að tekið sé mið af fleiri mismunabreytum en kyni og með þeim hætti unnið gegn fjölbættri mismunun. Forsendur þessa eru m.a. kyngreind tölfræðigögn og aðrar greinargóðar upplýsingar um stöðu ólíkra hópa líkt og þær sem birtast í þessari skýrslu.

Dæmi um verklag í íslenskri stjórnslu sem miðar að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða er jafnréttismat meðfram lagasetningu. Þar er gert ráð fyrir að tekið sé mið af stöðu kynjanna og áhrifum lagasetningar á kynin og aðra jaðarsetta hópa við undirbúning og ákvarðanatöku við gerð stjórnarfrumvarpa.

Annað dæmi er kynjuð fjárlagagerð sem hefur það að markmiði að stuðla að jafnrétti, betri nýtingu opinbers fjár og almennri velferð. Hugað er að því hvaða áhrif ákvarðanir varðandi útgjöld og tekjuöflun ríkisins hafa á jafnrétti kynjanna áður en þær eru teknar. Í ljósi ólíkrar stöðu kynjanna geta slíkar ákvarðanir ýmist stuðlað að jafnrétti, viðhaldið núverandi stöðu eða aukið kynjamisrétti eða kynjabil. Við þessa vinnu þarf að þekkja og bera kennsl á innbyggða hvata og áhrif tekjuöflunar og útgjalda ríkisins á stöðu og tækifæri kynjanna.

Kynjuð fjárlagagerð á sér stoð í lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, en jafnframt er unnið eftir [fimm ára áætlun um kynjaða fjárlagagerð 2019-2023](#). Í áætluninni er áhersla lögð á samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við gerð fjármálaáætlunar og fjárlaga. Nokkur stór skref í þá átt hafa verið stigin á síðustu árum en enn eru tækifæri til úrbóta.

Skortur á kyngreindum tölfræðigögnum reynist ennþá ákveðin hindrun við greiningu á jafnréttisáhrifum, ýmist vegna þess að gögn hafa ekki verið tekin saman, ekki gerð aðgengileg til greiningar eða vegna þess að gagnaöflun krefst frekari kannana eða rannsókna. Nú er að störfum starfshópur um kyngreind tölfræðigögn sem hefur það að markmiði að bæta yfirsýn yfir slík gögn og stuðla að því að söfnun og notkun á kyngreindum tölfræðigögnum hjá opinberum aðilum verði samræmd. Hópurinn vinnur að stöðumati og tillögum að úrbótum sem eru í samræmi við áherslu í stjórnarsáttmála um samræmda úrvinnslu, geymslu og framsetningu opinberra gagna ásamt greiðara aðgengi almennings að gögnum. Næstu skref í vinnu hópsins eru vinnsla fræðsluefnis um kyngreind tölfræðigögn.

Mikil tækifæri eru í aukinni samtvinnun mismunabreyta við greiningu á jafnréttisáhrifum svo hún taki í auknum mæli tillit til ólíkrar stöðu einstaklinga innan hópa kvenna og karla og þeirra sem ekki skilgreina sig á þann hátt. Í þessari skýrslu er mest fjallað um stöðu kvenna og karla en að einhverju marki einnig um stöðu fólks eftir uppruna, aldri og félagslegri stöðu. Oft skortir haldbær gögn, brotin niður eftir fleiri mismunabreytum en kyni. Auk þess skortir almennt upplýsingar um stöðu jaðarsettra hópa á einstaka málefnasviðum og er mikilvægt að vinna að úrbótum á þessu sviði.

## 5. Stöðutaka

Fyrsta grunnskýrsla kynjaðrar fjárlagagerðar kom út í mars 2019. Uppfærð skýrsla var birt í mars 2021, með breyttu heiti. Nú er talað um kortlagningu kynjasjónarmiða enda nýtast niðurstöður skýrslunnar við samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í víðu samhengi, ekki eingöngu við kynjaða fjárlagagerð. Þetta er því þriðja stöðuskýrslan frá 2019, sú fyrsta í tíð nýrrar ríkisstjórnar.

Við útgáfu stöðuskýrslu 2021 áréttaði ríkisstjórnin að niðurstöður skýrslunnar yrðu nýttar við stefnumótun og að tekið yrði tillit til kynja- og jafnréttissjónarmiða við ákvarðanatöku. Til að vinna að þessu samþykkti ríkisstjórnin að niðurstöður jafnréttismats skyldu liggja fyrir við kynningu mála í ríkisstjórn. Mótað hefur verið verklag sem verið er að innleiða. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar frá í nóvember 2021 segir að jafnréttismál verði ávallt í forgrunni við ákvarðanatöku.

Á fleiri sviðum hefur verið unnið að bættu verklagi sem miðar að því að kynja- og jafnréttissjónarmið séu hluti af ákvarðanatökuferlinu. Þannig meta ráðuneyti nú áhrif fjárlagatillagna á jafnrétti kynjanna og gera grein fyrir niðurstöðu þess við skil á tillögum. Kynja- og jafnréttissjónarmið eru höfð til hliðsjónar í öllu fjárlagaferlinu og þar til mál eru lögð fyrir Alþingi. Verklag við jafnréttismat á stjórnarfrumvörpum hefur verið uppfært og lögð er áhersla á að matið fari fram strax á áformastigi, að tekið sé mið af niðurstöðum þess við frumvarpsgerð og það uppfært reglulega eftir því sem línur skýrast.

Þessi framfaraskref eru möguleg vegna aukinnar þekkingar á kynja- og jafnréttissjónarmiðum auk meðvitundar um mikilvægi þess að tekið sé mið af þeim við stefnumótun og ákvarðanatöku. Vinnsla og útgáfa þessara stöðuskýrslna á stóran þátt í því. Líkt og í fyrri skýrslum hafa öll ráðuneyti komið að greiningu á málaflokkum sem þau bera ábyrgð á en einungis er fjallað um málaflokka á ábyrgð framkvæmdarvaldsins. Ekki er fjallað um málaflokka sem snúa að stjórnsýslu og rekstri aðalskrifstofa ráðuneytanna.

Í þessari skýrslu hefur tölfræði verið uppfærð og lögð áhersla á að dýpka þá greiningu sem fyrir var eða taka fyrir ný viðfangsefni innan einstakra málaflokka. Auk þess er fjallað um fleiri málaflokka en áður, t.d. á sviði heilbrigðismála. Þá er nú í fyrsta skipti sérstök umfjöllun um afmarkaða þætti sem hafa mikil og margvísleg áhrif á jafnrétti kynjanna á fjölda málefnasviða.

Í umfjölluninni hér á eftir er vísað til númera málaflokka eins og þau birtast í fjármálaáætlun og í fjárlögum, en starfsemi ríkisins er skipt upp í 35 málefnasvið sem svo eru brotin niður í alls 105 málaflokka. Hér er ekki fjallað um öll málefnasvið og málaflokka og því eru númer málaflokka ekki alltaf í réttari röð.

## Kynskiptur vinnumarkaður




### Kyngreind tölfraeðigögn

Hagstofa Íslands rannsakar reglulega vinnumarkaðinn til að fá áreiðanlegar upplýsingar um störf fólks, vinnutíma, atvinnuleit, menntun o.fl. Gögnin eru sundurgreind eftir kynjum. Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar hefur verið framkvæmd frá árinu 1991. Umfjöllunin hér að neðan byggir á gögnum frá Hagstofunni nema annað sé tekið fra

### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Atvinnuþátttaka á Íslandi er mikil og með því hæsta sem gerist meðal ríkja OECD. Á árinu 2020 mældist atvinnuþátttaka kvenna mest á Íslandi og hefur staðan verið samþæring mörög undanfarin ár. Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands vinna konur þó að meðaltali færri vinnustundir en karlar þar sem karlar vinna vikulega tæpar 43 stundir en konur tæpar 36. Þá eru umtalsvert fleiri konur en karlar í hlutastarfi.

Fjöldi starfandi árið 2020, 25–64 ára




NIKK (norrænar upplýsingar um kyn) rannsaði á árunum 2013-2016 hlutastörf á Norðurlöndum. Í öllum löndunum gegna konur hlutastarfi í mun meira mæli en karlar. Mynstrið endurspeglar t.d. að ábyrgð á fjölskyldu og börnum er ójöfn. Einnig er hlutastarfið í mörgum tilvikum ekki að eigin ósk. Á sumum vinnustöðum, sérstaklega í starfsgreinum þar sem konur eru í meiri hluta, er ekki boðið upp á fullt starf. Þá getur einnig þróast „hlutastarfamening“ þar sem þess er vænst að konur sem eignast börn vilji minnka við sig starfshlutfall. Þar fyrir utan getur hlutastarf verið afleiðing af heilsuleysi eða erfiðum vinnuástandum.<sup>1</sup>

<sup>1</sup>Um hlutastarfameningu og fullt starf sem viðmið á vinnumarkaði: Leiðir til jafnréttis í vinnutíma á Norðurlöndum. <https://nikk.no/wp-content/uploads/2019/11/2015-Part-time-culture-Icelandic.pdf>

Íslenskur vinnumarkaður er kynskiptur, bæði lárétt og lóðrétt. Lárétt kynskiptur vinnumarkaður þýðir að ákveðin starfssvið eru talin tilheyra sérstaklega einu kyni umfram annað og er tilteknum störfum að miklu leyti sinnt af einu kyni.

### Kynjahlutfall starfandi eftir atvinnugreinum 2020




Ýmislegt hefur verið gert til að reyna að bregðast við stöðunni. Sem dæmi hafa stjórnvöld í samstarfi við Samtök iðnaðarins sett af stað átakið #kvennastarf þar sem konur eru hvattar til náms í iðn- og verkgreinum. Með sambærilegum hætti hefur sjónum verið beint að karlkyns kennaranemum og starfandi kennurum sem eru karlkyns. Þannig hefur náðst nokkur árangur sem birtist m.a. í fjölgun karlkyns umsækjenda í kennaranám síðustu ár. Þá hefur Félag Íslenskra Hjúkrunarfræðinga, í samstarfi við háskólana, reglulega beitt sér til að fjölga körlum í hjúkrun en það hefur ekki borið sambærilegan árangur.

Önnur vídd lárétt kynskipts vinnumarkaðar birtist ef horft er annars vegar á almenna markaðinn og hins vegar hið opinbera. Um 43% kvenna sem eru á vinnumarkaði starfa hjá hinu opinbera (þ.e. um 19% hjá ríki og 24% hjá sveitarfélögum), en einungis um 15% karla. Hlutfall kvenna og karla á almennum vinnumarkaði er svipað á meðal yngsta aldurshópsins en strax um 25 ára aldur lækkar hlutfall kvenna umtalsvert umfram hlutfall karla. Hlutfall kvenna er svo áberandi hærra en hlutfall karla í öllum aldurshópum hjá bæði ríki og sveitarfélögum.<sup>2</sup>

<sup>2</sup>Launamunur karla og kvenna. Rannsókn á launum 2008-2020. <https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2021/93d565e8-b337-4013-9fee-855b080681f4.pdf>

Í lóðrétt kynskiptum vinnumarkaði tilheyra efstu ábyrgðarstöður innan fyrirtækja og stofnana yfirleitt körlum á meðan konur raðast neðar í lagskiptingu undir körlunum.

### Kynjahlutfall æðstu stjórnenda og embættismanna



Upplýsingar fengnar frá Hagstofu Íslands og af vef Kauphallarinnar, Stjórnarráðsins, Hæstaréttar og Alþingis.

Stjórnvöld hafa beitt ýmsum leiðum til að stuðla að jafnari stöðu kynjanna í röðum æðstu stjórnenda. Lengi hefur verið í lögum ákvæði um jafna þátttöku kynjanna í nefndum og ráðum á vegum hins opinbera. Með jafnréttislögum frá árinu 2008 er skýrt kveðið á um að sama eigi við um stjórnir opinberra hlutafélaga og fyrirtækja sem ríki eða sveitarfélag er aðaleigandi að. Frá árinu 2013 hafa verið í gildi lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja og lífeyrissjóða og hafa þau haft mikil áhrif á kynjasamsetningu stjórnna. Lögin taka ekki til formennsku í stjórnnum og hallar þar enn verulega á konur. Í uppfærðri eigandastefnu ríkisins sem birt var á síðasta ári er aukin áhersla lögð á jafnrétti kynjanna, þ.m.t. að litið sé til kynjasjónarmiða við ráðningu stjórnenda og starfsfólks. Aðgerðir stjórnvalda hafa átt sinn þátt í því að stuðla að ákveðinni viðhorfsbreytingu í samfélaginu hvað stjórnendur varðar og má greina jafnara kynjahlutfall í ýmsum áhrifastöðum á allra síðustu árum þótt karlar séu þar enn í meiri hluta.

Kynskipting vinnumarkaðarins hefur mikil áhrif á launamun kynjanna og skýrir mestan hluta launamunar kynjanna. Laun eru lægri í stéttum þar sem konur eru í meiri hluta starfandi og starfa konur, líkt og að ofan greinir, frekar í opinbera geiranum. Þá eru karlar líklegri til að vera í stjórnendastörfum. Sjá nánari umfjöllun um þetta í [skýrslu starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa](#). Meðal annarra skýringa er sú staðreynd að karlar verja að meðaltali fleiri stundum við launaða vinnu en konur, líkt og fram kom að ofan.

Síðastliðið haust kom út ný [rannsókn Hagstofu Íslands á launamun kynjanna sem tók til árunna 2008-2020](#). Helstu niðurstöður hennar sýna að launamunur kynjanna hefur

dregist saman undanfarin ár og á það við hvort sem litið er til atvinnutekna, óleiðréttis launamunar eða leiðréttis launamunar. Launamunurinn er mestur á almenna markaðnum en minnstur á meðal starfsfólks sveitarfélaga.

Skýrslan varpar einnig ljósi á þörfina á því að skoða stöðu kynjanna á vinnumarkaði heildstætt og að enginn einn mælikvarði nægi til þess að fá þá yfirsýn. Mikilvægt er að skilja af hverju vinnumarkaðurinn er kynskiptur og af hverju tekju- og launamunur er til staðar. Til þess þurfi m.a. að líta til þátta eins og af hverju karlar vinna meira en konur, mismunandi náms- og starfsvals, af hverju gegna konur síður stjórnunarstöðum og af hverju laun í hefðbundnum kvennastéttum eru lægri en í hefðbundnum karlastéttum.

#### **Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Við alla stefnumótun, fjárlaga- og áætlanagerð er mikilvægt að hafa í huga kynjasamsetningu í þeim atvinnugreinum sem ráðstafanir beinast að. Þannig má draga úr líkum á að íþyngjandi eða ívilnandi ráðstafanir beinist að einu kyni umfram annað.

#### **Stjórnarsáttmáli**

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar kemur fram að gripið verði til aðgerða til að draga úr kynbundnum launamun.



## Ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf



### Kyngreind tölfræðigögn

Hér á landi hefur ekki verið framkvæmd formleg tímanotkunarrannsókn. Reglulega hafa þó verið framkvæmdar rannsóknir á því hvernig fólk telur sig verja tíma sínum. Þjóðmálastofnun gerði rannsóknir á verkaskiptingu kynjanna á heimilum árin 2005 og 2010<sup>3</sup> og Félagsvísindastofnun gerði sambærilega rannsókn árið 2013<sup>4</sup> en allar byggja þær á rannsóknum International Social Survey Programme (ISSP) á fjölskyldulífi og kynjahlutverkum.

Forsætisráðuneytið leitaði til Hagstofu Íslands á vormánuðum 2021 um að bæta átta spurningum við lífsskjararannsókn sína til að meta áhrif kórónuveirufaraldursins á verkaskiptingu á heimilum. Voru niðurstöður greindar eftir kynjum, því hvort börn væru á heimilinu eða ekki og því hvort fólk byggði innan eða utan höfuðborgarsvæðis. Umfjöllunin hér byggir að miklu leyti á niðurstöðum þessarar rannsóknar.<sup>5</sup>

### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Á heimsvísu eru 75% ólaunaðrar vinnu við umönnun og heimilisstörf í höndum kvenna og stúlkna.<sup>6</sup> Kynjamunurinn er hvað minnstur í Evrópu og Norður-Ameríku en alls staðar verja konur meiri tíma en karlar við slík störf. Heimsfaraldur kórónuveiru hefur dregið fram þennan kynjamun og í mörgum tilfellum aukið hann.

Niðurstöður lífsskjararannsóknar Hagstofunnar frá 2021 eru í samræmi við erlendar kannanir. Þær sýna að þegar fólk með börn á heimilinu er borið saman við fólk á barnlausum heimilum komi í ljós að fólk með börn á heimilum ver margfalt meiri tíma við umönnun en fólk án barna, konur umtalsvert meira en karlar. Lítil sem enginn munur er á kynjum á barnlausum heimilum. Draga má þá ályktun af þessum gögnum að konur beri almennt meiri ábyrgð á umönnun barna en karlar.


<sup>3</sup> Sjá: Þóra Kristín Þórsdóttir og Kolbeinn Stefánsson. Verkaskipting kynjanna fyrir og eftir bankahrun (2010). [https://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/frettabref\\_thjodmalastofnunar\\_10\\_2010.pdf](https://thjodmalastofnun.hi.is/sites/thjodmalastofnun.hi.is/files/frettabref_thjodmalastofnunar_10_2010.pdf)

<sup>4</sup> Sjá: Kolbeinn Stefánsson. Viðauki – Verkaskipting, vinna og heimili (2015) [https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/Stada\\_karla\\_og\\_kvenna\\_29052015.pdf](https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2015/Stada_karla_og_kvenna_29052015.pdf), bls. 173-207.

<sup>5</sup> <https://hagstofa.is/utgafur/tilraunatolfraedi/heimilisstorf-tt/>


<sup>6</sup> <https://oecd-development-matters.org/2019/03/18/why-you-should-care-about-unpaid-care-work/>

## Meðaltal stunda varið í umönnun á viku



Í lífsskjararannsókn Hagstofunnar var fólk beðið um að leggja mat á hvort álag af heimilisstörfum hefði breyst miðað við fyrir kórónuveirufaraldurinn. Töldu 15% bæði karla og kvenna að álag hefði aukist en 76% kvenna og 80% karla töldu álagið vera svipað. Töluverður munur reyndist aftur á svörum eftir því hvort börn voru á heimilinu eða ekki. Fjórðungur fólks með börn á heimilinu taldi álagið hafa aukist á móti rétt um einum af hverjum tíu á heimilum án barna. Umönnun barna er því ríkjandi þáttur í því hvort álag hafi aukist á heimilinu eða ekki.


## Álag af heimilisstörfum á kórónuveirufaraldursins miðað við áður



Þegar fólk var beðið um að leggja mat á verkaskiptingu á heimilum, þ.e. hvernig heimilisstörfum er skipt á milli para, sögðu 83% einstaklinga með börn á heimilinu og 89% ein-

staklinga án barna verkaskiptinguna vera svipaða nú og áður. Ef við lítum sérstaklega til breytinga á verkaskiptingu á heimilum með börn segja 9% einstaklinga með börn verkaskiptinguna jafnari nú en áður og 7% svarenda með börn segja hana ójafnari nú en áður. Af þessu má draga þá ályktun að verkaskipting foreldra á heimilisstörfum og umönnun hafi ekki breyst mikið á tímabilinu sem var skoðað.

### Verkaskipting í kórónuveirufaldrinum miðað við áður



Á grunni þessarar rannsóknar er hægt að segja að þótt íslenskt samfélag hafi breyst mikið á undanförunum árum, m.a. með tilkomu fæðingarorlofs feðra og því að heimilishald sé orðið samstarfsverkefni þeirra sem þar búa, eru það enn konur sem bera meginábyrgð á umönnun barna.

### Niðurstöður og næstu skref

Ólaunuð vinna á heimilum er á Íslandi, eins og annars staðar í heiminum, að miklu leyti unnin af konum. Það er því mikilvægt að þessi vinna sé viðurkennd sem hluti af efnahagslífinu og að stefnumótun sé nýtt til að endurskilgreina verkaskiptingu á heimilum og mikilvægi dagvistunar og skólakerfisins fyrir atvinnulífið. Íslensk stjórnvöld hafa í langan tíma byggt upp nauðsynlega þjónustu og í dag höfum við dagvistun, framfærslu í fæðingarorlofi, rétt til fjarveru frá vinnu vegna veikinda barna auk sveigjanlegs vinnufyrirkomulags.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Ójöfn skipting ólaunaðra heimilis- og umönnunarstarfa milli kvenna og karla hefur áhrif á stöðu og tækifæri kvenna. Einnig þarf að hafa í huga að ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf hafa áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar. Taka þarf mið af þessu við stefnumótun og fjárlaga- og áætlanagerð og huga sérstaklega að áhrifum sem breytingar í opinberri þjónustu kunna að hafa á ólaunaða vinnu og jafnrétti kynjanna.

# Utanríkismál



## Utanríkismál og stjórnsýsla utanríkismála Málaflokkur 4.1

Hér verður fjallað um norðurslóðamál. Árið 2013 átti Ísland frumkvæði að því að ráðist var í jafnréttisverkefni á vettvangi Norðurskautsráðsins. Ísland hefur lagt áherslu á að halda umræðunni gangandi og hefur nú þriðja fasa verkefnisins Jafnrétti kynjanna á norðurslóðum verið lokið með tilkomu [nýrrar skýrslu](#) um stöðuna og tillögur um aðgerðir og frekari tækifæri til rannsókna/öflunar gagna

### Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreind gögn skortir almennt um norðurslóðir og ekki hafa verið tekin saman kyngreind tölfraeðigögn um þátttöku í starfi Norðurskautsráðsins í heild.

### Kynjasjónarmið

Staða kynjanna er um margt ólík á norðurslóðum, t.d. hvað varðar félagslega stöðu, menntun og atvinnutækifæri. Ítarleg skýrsla um jafnrétti á norðurslóðum kom út í tengslum við lok tveggja ára formennskutíðar Íslands í Norðurskautsráðinu í maí 2021. Skýrslunni er skipt í sex þemu: lög og stjórnsýsla; öryggi; kyn og umhverfi; verund frumbyggja, kyn, ofbeldi og sátt; fólksflutninga; valdeflingu. Skýrsluhöfundar benda á skort á kyngreindum gögnum fyrir svæðið og strax í fyrsta kafla skýrslunnar fæst sú niðurstaða að markmiðum jafnréttis hafi ekki verið náð á norðurslóðum. Sú niðurstaða er ítrekuð í kaflanum um öryggi sem bendir á hve jaðarsett og vanrækt samfélög á norðurslóðum eru. Eðlileg afleiðing af því er tilfinnanlegur skortur á innviðum á norðurslóðum (þ.m.t. húsnæðisskortur) og landlægt óöryggi. Skýrslan bendir á að jafnrétti kynjanna sé forsenda fyrir skilvirkri og sjálfbærri umhverfisvernd og auðlindanýtingu en atvinnutækifæri á norðurslóðum séu víða mjög karllæg. Karlmennt flytji því til svæðisins til að starfa við auðlindanýtingu en konur sæki námstækifæri til suðlægari svæða. Þessi veruleiki skapar misræmi milli kynjanna í norðlægum samfélögum. Enn fremur er bent á vandamál tengd vestrænni kynjatvíhyggju, nýlendustefnu og himinháa tíðni ofbeldis gegn konum af frumbyggjaættum. Niðurstaða síðasta kafla skýrslunnar er að leggja þurfi meiri áherslu á pólitíska, efnahagslega og borgaralega valdeflingu og að taka þurfi mið af sjónarmiðum frumbyggja við stefnumótun um jafnrétti kynjanna.

Þá eru vísbendingar um kynjahalla í þátttöku í starfi Norðurskautsráðsins. Sem dæmi um það hafa allir formenn embættismannanefndar Norðurskautsráðsins verið karlar ef frá er talinn fyrsti formaður nefndarinnar (1996-1998). Frá árinu 2007 hafa aðeins tvær konur verið fulltrúar Íslands í embættismannanefnd ráðsins, en níu karlar. Meira kynjajafnvægi ríkir milli fulltrúa Íslands í sex vinnuhópum Norðurskautsráðsins og sérfræðihópi þess um söt og metan.

### Niðurstöður og næstu skref

Vinna er að hefjast við eftirfylgni með skýrslu um jafnrétti á norðurslóðum sem m.a. mun felast í að kynna niðurstöður skýrslunnar, vinna mat á áhrifum heimsfaraldurs

á jafnrétti á norðurslóðum og ekki síst mótun markvissrar innleiðingar á samþættingu kynjasjónarmiða í störfum Norðurskautsráðsins sjálfs. Ætla má að nýsamþykkt stefna ráðsins (Arctic Council Strategic Plan) til næstu tíu ára muni styrkja þá viðleitni en hún tiltekur að Norðurskautsráðið skuli vinna að jafnrétti kynjanna og eyða mismunun á norðurslóðum í því augnamiði að stuðla að sjálfbærni og jafnvægi í forystustörfum og ákvarðanatöku, jafnt hjá einkageiranum sem hinu opinbera.

Norðurslóðadeild utanríkisráðuneytisins hefur áhuga á að greina framlög til norðurslóðamála m.t.t. kynjasjónarmiða og skoða þau verkefni sem Ísland tekur þátt í með vinnuframlagi og/eða fjármunum. Íslenskir sérfræðingar taka þátt í starfi þeirra sex vinnuhópa sem starfa á vegum Norðurskautsráðsins og á hverjum tíma eru um eða yfir 100 verkefni í vinnslu. Ísland styður og tekur þátt í hluta þessara verkefna.

#### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Í ljósi þess að hve miklu leyti samfélög frumbyggja á norðurslóðum eru frábrugðin samfélögum sunnar á svæðinu þarf einnig að skoða hvaða sjónarmið og aðstæður á norðurslóðum geti torvelað hefðbundna baráttu fyrir jafnrétti kynjanna og markmiðssetningu því tengda. Það mat verður lagt til grundvallar um hvort farið verði í stærra verkefni, þ.e. skoðun á jafnréttisáhrifum verkefnanna sjálfra.

#### Stjórnarsáttmáli

Í stjórnarsáttmála kemur fram að unnið verði að því að styrkja enn frekar stöðu og ímynd Íslands sem norðurslóðaríkis og áfram byggð upp innlend þekking í málefnum svæðisins.

→ Í því samhengi geta íslensk stjórnvöld dregið sérstaklega fram stöðu Íslands í jafnréttismálum og lagt áherslu á samstarf um kynja- og jafnréttismál á norðurslóðum.

#### Utanríkisviðskipti Málaflokkur 4.2

Hér er fjallað um viðskiptaþjónustu, stuðning við íslenskan útflutning og gerð fríverslunar- og viðskiptasamninga. Nánari umfjöllun um kyngreind tölfræðigögn, kynjasjónarmið og starf Íslands á þessu sviði erlendis er að finna í [Kortlagningu kynjasjónarmiða - Stöðuskýrslu 2021](#).

#### Kyngreind tölfræðigögn

Kyngreind tölfræðigögn skortir um eigendur og lykilstjórnendur útflutningsfyrirtækja og hver leita aðstoðar viðskiptaþjónustu utanríkisþjónustunnar og Íslandsstofu.

#### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Helstu atvinnuvegir tengdir viðskiptasamningum Íslands eru frekar karllægir geirar, auk þess sem erlend gögn sýna að konur eiga aðeins um 15-20% útflutningsfyrirtækja og að fyrirtæki í eigu kvenna eru almennt smærri og frekar í þjónustugeirum. Jafn aðgangur kynjanna að alþjóðamörkuðum er mikilvægur, eykur samkeppnishæfni, hækkar laun og stuðlar að fjölbreyttari viðskiptaháttum.

Ísland hefur beitt sér fyrir því að setja ákvæði um jafnrétti í fríverslunar- og viðskipta-samninga og lagt áherslu á valdeflingu kvenna í alþjóðlegu samstarfi. Fríverslunar-samningur Íslands, Noregs og Liechtenstein við Bretland er fyrsti samningurinn sem

Ísland er aðili að sem inniheldur slíkt jafnréttisákvæði.

Ísland leiðir óformlegan vinnuhóp innan Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um viðskipti og jafnrétti ásamt Botswana og El Salvador. Vinnuhópurinn var stofnaður í kjölfar ráðherrafyrirlýsingar um efnahagslega valdeflingu kvenna sem samþykkt var á ráðherrafundi WTO í Buenos Aires árið 2017. Vinnuhópurinn safnar saman upplýsingum frá aðildarríkjum og vinnur að því að deila leiðum til þess að afnema kynbundnar viðskiptahindranir. Búist er við að ný ráðherrafyrirlýsing verði samþykkt á næstunni sem renni betri stoðum undir þessa vinnu innan WTO.

#### Niðurstöður og næstu skref

Afla þarf frekari gagna um eignarhald og stjórnir útflutningsfyrirtækja til að kortleggja stöðuna. Kyngreindar upplýsingar eru nauðsynlegar til þess að hægt sé að meta árangur aðgerða sem gripið yrði til með það að markmiði að tryggja jöfn tækifæri karla og kvenna í markaðssókn erlendis og við gerð viðskiptasamninga.

Spurningakönnun um stöðu og viðhorf kynjanna til utanríkisviðskipta hefur verið í þróun í utanríkisráðuneytinu og verður send til breiðs hóps fólks í atvinnulífinu. Vonir eru bundnar við að niðurstöður könnunarinnar muni nýtast við stefnumótun og ákvarðana-töku í málaflöknum en einnig í viðskiptasamningagerð og við gerð verkferla. Niðurstöður könnunarinnar væru einnig framlag Íslands í vinnuna innan vinnuhóps WTO um viðskipti og jafnrétti. Kortlagning þessi verður fyrsta skrefið í samtali utanríkis-þjónustunnar og Íslandsstofu við atvinnulífið um jafnrétti í utanríkisviðskiptum. Markmiðið með samtalinu er að greina hvort til staðar séu kerfisbundnar hindranir eða aðrar, sem utanríkisþjónustan og Íslandsstofa gætu aðstoðað við að yfirstíga, en einnig að vekja athygli á því sem Ísland er að gera á þessu sviði á alþjóðavettvangi og hvernig það getur nýst atvinnulífinu.

#### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Aukinn stuðningur við íslenskan útflutning hefur verið forgangsmál við framkvæmd utanríkisstefnu í kjölfar COVID-19. Niðurstöður spurningakönnunarinnar eiga að gefa mynd af stöðunni eins og hún er, og auðvelda markmiðssetningu og val aðgerða í stefnumótun

#### Stjórnarsáttmáli

Í stjórnarsáttmála er áhersla á frjáls og opin alþjóðaviðskipti og greiðan aðgang íslensks atvinnulífs að erlendum mörkuðum.

→ Mikilvægt er að tryggja jöfn tækifæri kvenna og karla þegar kemur að markaðssókn erlendis.



## Alþjóðleg þróunarsamvinna



### Alþjóðleg þróunarsamvinna Málaflokkur 35.1

Heildræn markmið íslenskra stjórnvalda í alþjóðlegri þróunarsamvinnu taka mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun þar sem leitast er við að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð á grundvelli mannréttinda, kynjajafnréttis og sjálfbærrar þróunar.

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Í þróunarsamvinnu er rík áhersla lögð á að kyngreina öll tölfraeðigögn eins og frekast er unnt. Byggt er á mælikvörðum í ólíkum hlutum árangurskeðjunnar, m.a. fyrir aðföng, þ.e. hve mikið fjármagn er veitt í jafnréttisverkefni í þróunarsamvinnu sem hlutfall af því heildarfjármagni sem veitt er til þróunarsamvinnu Íslands. Unnið er markvisst eftir jafnréttisstiku þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC)<sup>7</sup>, þar sem öll verkefni eru flokkuð og skráð samkvæmt framlagi þeirra til jafnréttismála. Verkefni eru þannig rýnd m.t.t. jafnréttismála og ef kynjahalli er til staðar er gripið til sértækra aðgerða í þágu kynjajafnréttis. Þetta gefur kost á að skoða þróun hvað varðar framlög til jafnréttismála yfir lengri tíma.

Samstarfsaðilar Íslands í þróunarsamvinnu nýta kyngreind gögn og því er jafnan aðgangur að slíkum gögnum í þeim fjölþjóðlegu verkefnum sem Ísland styður. Gerð er krafa um að jafnréttissjónarhorni sé beitt í þeim verkefnum frjálsra félagsamtaka sem Ísland styður og er sá þáttur m.a. lagður til grundvallar mati á umsóknum um stuðning af hálfu ráðuneytisins. Í tvíhliða verkefnum eru kyngreind gögn höfð til hliðsjónar, s.s. í mennta-, heilbrigðis- og hreinlætisverkefnum Íslands, þar sem tiltekinn er fjöldi og hlutfall drengja og stúlkna sem nýtur góðs af verkefnum.

Jafnréttismál eru skilgreind sem bæði sértækt markmið í stefnu Íslands og þverlægt. Þetta hefur í för með sér að jafnréttismálin eru upp að ákveðnu marki tiltekin sérstaklega í fjármálaáætlunum undir sértilgreindu fjárlagaviðfangi, en eru einnig órjúfanlegur hluti af öðrum verkefnum innan þróunarsamvinnu.

<sup>7</sup> DAC gender equality policy marker - OECD

### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Konur og stúlkur lifa víða um heim við mikla mismunun, þar sem staða þeirra er ekki tryggð að lögum. Staða kynjanna er afar mismunandi í flestu þróunarsamhengi. Í ljósi þessa leggur Ísland mjög mikla áherslu á jafnréttismál í þróunarsamvinnu. Nánari umfjöllun um kynja- og jafnréttissjónarmið í alþjóð-legri þróunarsamvinnu er m.a. að finna í [Kortlagningu kynjasjónarmiða – Stöðuskýrslu 2021](#).

Hlutfall framlaga til sértækra jafnréttisverkefna hækkaði lítillega milli áráanna 2019 og 2020 af heildar fjármagni til málefna sviðsins og framlög hækkuðu úr 14% árið 2019 í 15% fyrir árið 2020. Verkefni eru gerð aðgengileg á vefsíðunni [www.openaid.is](http://www.openaid.is) sem er opin gagnagrunnur um stuðning Íslands við alþjóðlega þróunarsamvinnu og birtir m.a. tölfræði um jafnréttisstiku OECD DAC.

Jafnréttismál eru höfð að leiðarljósi í verkefnum í tvíhliða samvinnu, áherslur í verkefnavali taka mið af jafnréttismálum, jafnframt því sem þau eru samþætt verkefnum. Þannig er t.d. sterk áhersla á verkefni á sviði kyn- og frjósemiheilbrigðis í Malaví, sérstaklega mæðravernd; verkefni á sviði menntunar huga sérstaklega að skólagöngu stúlkna og vatns- og hreinlætisverkefni tengjast sterkt jafnréttismálum, enda bera konur og stúlkur meginþungann af vatnsöflun. Stuðst er við kyngreind gögn í framkvæmd og vöktun verkefna þar sem tiltekinn er fjöldi og hlutfall drengja og stúlkna sem nýtur góðs af verkefnum.

Ísland undirbýr nýtt verkefni í Sierra Leóne sem beinist sérstaklega að fátækum stúlkum og konum sem hafa verið jaðarsettar í samfélaginu vegna fæðingarfistils, þ.e. áverka sem hafa í för með sér miklar þjáningar og oft félagslega einangrun. Verkefnið, sem framkvæmt er í samstarfi við Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (United Nations Population Fund, UNFPA) og stjórnvöld í Sierra Leóne, tekur á heildstæðan hátt á orsökum og afleiðingum fæðingarfistils fyrir konur og stúlkur með það að markmiði að útrýma fistli í landinu á komandi árum. Í því felst m.a. vitundarvakning, fræðsla og betra aðgengi að kyn- og frjósemisheilbrigðisþjónustu, bætt mæðravernd ásamt því að draga úr kynbundnu ofbeldi sem eru mikilvægir fyrirbyggjandi þættir gegn fæðingarfistli. Með verkefninu mun Ísland hafa tækifæri til að hafa umbreytandi áhrif á líf fátækra og jaðarsettra kvenna og stúlkna og jafnframt stuðla að auknum mannréttindum þeirra

### Niðurstöður og næstu skref

Jafnréttismál eru áfram megináhersluatriði í þróunarsamvinnu Íslands. Þar eru margvíslegar aðgerðir innleiddar á hverju ári til að bæta stöðu kvenna og stúlkna á öllum þeim málefna sviðum sem Ísland starfar á. Jafnréttisstika OECD er nýtt til að greina jafnréttisverkefni á vegum Íslands en auk þess hefur ný vídd verið tekin í notkun fyrir jafnréttisstiku til að mæla umbreytandi jafnréttisverkefni.

Ísland hefur hlotið gullvottun frá Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna (United Nations Development Programme, UNDP) fyrir vinnu á sviði jafnréttismála og þróunarsamvinnu. Ísland er jafnframt fyrsta gjafríkið sem undirgengst slíka vottun.

Meðal þeirra atriða sem voru nefnd sérstaklega framúrskarandi í úttektinni vegna jafnréttisvottunarinnar má nefna frumkvæði Íslands innan mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna um árlegan jafnlaunadag sem farið var að halda hátíðlegan í september 2020, vinnu Íslands á sviði þróunarsamvinnu í Malaví, þar sem unnið er heildstætt með samfélögum til að taka á kyn- og frjósemisheilbrigði, og starf í Úganda þar sem Ísland aðstoðar héraðsyfirvöld við að útrýma skaðlegum samfélagsviðhorfum um tíðir kvenna. Loks má nefna aukið aðgengi stúlkna að menntun.

Jafnréttisvottunarverkefni UNDP veitir stofnunum viðurkenningu samkvæmt alþjóðlegum stöðlum sem mæla jafnrétti. Þær stofnanir sem gangast undir vottunina geta fengið brons-, silfur- eða gullvottun. Er ferlið afar virt á alþjóðavettvangi og mælir það hæfni og árangur stofnana á sviði jafnréttismála og valdeflingar kvenna út frá settum árangursviðmiðum. Alþjóða- og þróunarsamvinnuskrifstofa utanríkisráðuneytisins hefur unnið með UNDP að vottuninni síðan 2019.

#### **Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Í stefnumiðum í jafnréttismálum fyrir alþjóðlega þróunarsamvinnu eru lagðar línur varðandi helstu forgangsmál Íslands. Þau eru: kynbundið ofbeldi, heilbrigði, valdefling, umhverfis- og loftslagsmál, menntun og aukin þátttaka karla í jafnréttismálum. [Stöðu- taka á aðgerðaáætlun í þróunarsamvinnu 2019-2020](#) sýnir stöðu á framkvæmd sértækra aðgerða fyrir undanfarin tvö ár. Í nýrri aðgerðaáætlun fyrir tímabilið 2021-2023 eru sett fram helstu markmið og aðgerðir á sviði jafnréttismála innan málaflokksins. Þar er m.a. lögð áhersla á virka forystu Íslands í aðgerðabandalagi um kynbundið ofbeldi innan átaksverkefnis UN Women, *Kynslóð jafnréttis* (Generation Equality Forum), áframhald á samstarfi vegna jafnréttisverkefna í Palestínu og stuðning við jafnréttisverkefni Alþjóða- viðskiptamiðstöðvarinnar (International Trade Centre, ITC) og Mannfjöldasjóð Sp. Enn fremur er stefnt á að halda rakarastofuviðburði á vegum utanríkisráðuneytisins til að auka þátttöku karla í jafnréttismálum og mótun nýrrar landsáætlunar um konur, frið og öryggi.

# Skatta-, eigna- og fjármálaumsýsla



## Skattar og innheimta Málaflokkur 5.1

### Kyngreind gögn

Skattar eru oft flokkaðir sem beinir og óbeinir skattar. Með beinum sköttum er átt við skatt sem lagður er á greiðandann sem er sá hinn sami og ber skattbyrðina, einstaklingur eða lögaðili. Með óbeinum sköttum er átt við skatt þar sem greiðandanum er ekki ætlað að bera skattinn, heldur er honum gert að innheimta hann við sölu á vöru og þjónustu og skila skattinum í ríkissjóð. Neytandi vörunnar eða þjónustunnar er sá sem endanlega ber skattinn. Út frá eðli þessara skatta er auðveldara að kyngreina beina skatta, þar sem greiðandi er sá hinn sami og ber skattbyrðina, en óbeina skatta. Í álagningarskrá einstaklinga eru gögn um einstaka skatta og bætur kyngreind. Í álagningarskrá lögaðila eru þær upplýsingar ekki jafn aðgengilegar. Til þess að nálgast þær er álagningin tengd við einstakar atvinnugreinar og flokkun fyrirtækja þar sem kyngreind gögn liggja fyrir. Skatta á vöru og þjónustu er heldur flóknara að kyngreina, til að afla kyngreindra gagna er farið eftir greiningu og rannsóknum á neysluhegðun kynjanna.

Á síðustu árum hefur verið lögð mikil áhersla á ítarlegar greiningar á gögnum úr álagningarskrá einstaklinga. Til þess hefur verið þróað innra mælaborð fjármála- og efnahagsráðuneytisins um skiptingu eigna, skulda og skattbyrði einstaklinga út frá ólíkum samfélagsþáttum, s.s. hjúskaparstöðu, kyni, aldri, fjölda barna á heimili o.fl. sem nýttist við ákvarðanatöku og stöðumat. Sambærilegar upplýsingar eru birtar á vefnum [tekjusagan.is](http://tekjusagan.is).

### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Hægt er að sjá skiptingu á því hve margir greiddu tekjuskatt á tekjuárinu 2020 í töflu sem birt var á [vef Stjórnarráðsins](#) með frumvarpi til fjárlaga 2022. Eftirfarandi tafla sýnir sömu upplýsingar skipt eftir kynjum. Taflan sýnir að það er ekki mikill kynjamunur, en helst þó í hlutfalli þeirra sem greiða tekjuskatt.


Fjöldi framteljenda	Karlar	Konur	Samtals
Á árinu 2021 fengu 317.000 einstaklingar skattframtal á vefnum	163.000	154.000	317.000
Um 74% framteljenda greiða tekjuskatt til ríkisins	124.000	110.000	234.000
Um 306.000 einstaklingar greiða útsvar til sveitarfélaga	157.000	149.000	306.000
Um 12.000 einstaklingar töldu ekki fram skattskyldar tekjur og greiða því hvorki tekjuskatt né útsvar	6.000	6.000	12.000

Árin 2020 og 2021 voru gerðar ýmsar skattkerfisbreytingar sem hægt er að kyngreina og meta út frá áhrifum þeirra á kynin. Í tekjuskatti einstaklinga var nýtt lægsta þrep tekið

upp sem leiddi til 7,3 ma.kr. skattalækkunar sem kom 52% í hlut kvenna. Breytingarnar voru miðaðar að fólki með lágar og meðaltekjur og þar sem konur eru að jafnaði tekju-lægri en karlar nutu þær í meira mæli góðs af breytingunni. Í upphafi árs 2021 var lægsta þrepið lækkað enn frekar og leiddi það til 14,2 ma.kr. skattalækkunar sem kom 52% í hlut kvenna. Í fjármagnstekjuskatti var frítekjumarkið tvöfaldað, fór úr 150.000 kr. í 300.000 kr. og var útvíkkað yfir arð og söluhagnað skráðra fyrirtækja. Ef fjármagnstekjuskattur er leiðréttur fyrir hjúskaparstöðu kemur í ljós að ávinningur breytinganna nýttist jafnt körlum sem konum.

Barnabætur eru hluti af tekjuskattskerfinu og eru ákvarðaðar út frá skattframtali. Markmið barnabóta hér á landi er að vinna gegn fátækt barna og auka ráðstöfunartekjur tekju-lægri fjölskyldna. Barnabótakerfið tekur sérstakt tillit til aðstæðna foreldra sem búa ein með börnum sínum þar sem barnabætur greiddar með fyrsta barni eru 67% hærrí hjá einstæðum foreldrum samanborið við foreldra í sambúð og 43% hærrí með börnum umfram eitt. Árið 2022 verða greiddar 13,7 ma.kr. í barnabætur og 1,1 ma.kr. í barnabótaauka og munu 69% af heildarbarnabótum fara til kvenna. Ástæður þess stafa að miklu leyti af því að 87% einstæðra foreldra sem deila lögheimili með börnum sínum, voru konur ásamt því að konur hafa lægri tekjur. Einstæðar mæður sem fengu greiddar barnabætur árið 2021 fengu að meðaltali 585.000 kr. á ársgrundvelli. Til samanburðar fengu einstæðir feður að meðaltali 377.000 kr. og foreldrar í sambúð fengu hvort um sig 185.000 kr. að meðaltali óháð kyni. Ljóst er að barnabætur spila mikilvægt hlutverk í tekjujöfnun kynjanna og hafa mikil áhrif á ráðstöfunartekjur einstæðra mæðra. Stefnt er á frekari kynjagreiningu á bótakerfum tekjuskatts seinna á árinu.


### Greiddar barnabætur eftir kyni og hjúskaparstöðu



Í heimsfaraldrinum kynntu stjórnvöld efnahagsúrræði sem nýtast áttu heimum. Úttekt séreignarsparnaðar var eitt af þeim úrræðum. Úrræðið átti að gera fólki kleift að nýta eigin sparnað til að mæta efnahagslægd. Karlar eiga að meðaltali hærrí upphæðir til

ráðstöfunar en konur og nýttu fleiri karlar sér úrræðið eða um 60% af heildarfjölda. Auk þess hafa karlar tekið út um 64% af heildarupphæð.

### Úttekt séreignarsparnaðar Fjöldi



Í heimsfaraldrinum kynntu stjórnvöld einnig efnahagsúrræðið Allir vinna þar sem endurgreiðsluhlutfall virðisaukaskatts hækkaði tímabundið í 100%. Úrræðið náði í fyrstu til mjög karllægra atvinnugreina þar sem karlar eru í yfirgnæfandi meiri hluta starfandi. Úrræðið var svo útvíkkað þar sem fleiri atvinnugreinar voru teknar inn, en hallaði þó áfram verulega á kvenlæga atvinnugeira.

VSK-endurgreiðslur (uppfært 23.3.2022)	Fjárhæð m.kr.
Íbúðarhúsnæði: nýbyggingar og viðhald	10.377
Íbúðarhúsnæði: hönnun og eftirlit	744
Frístundahúsnæði	1.440
Heimilishjálp og regluleg umhirða heimila	492
Bifreiðaviðgerðir einstaklinga	606
Annað húsnæði sveitarfélaga	2.417
Húsnæði almannaheillafélaga	315
<b>Alls</b>	<b>16.390</b>

### Niðurstöður og næstu skref

Áfram verður lagt mat á möguleg kynjaáhrif fyrirhugaðra breytinga á skatta- og bóta-kerfum. Halðið verður áfram að leggja mat á jafnréttisáhrif við gerð lagasetninga og



breytinga, þar sem stuðst er við tölfræðigögn, greiningar og rannsóknir. Unnið verður áfram að því að kyngreina sem flest gögn. Árið 2022 eru áherslur á frekari kynjagreiningu á bótakerfum tekjuskatts. Auk þess verður lögð sérstök áhersla á að kyngreina gögn skattstofna sem snúa að ökutækjum og eldsneyti.

#### **Stjórnarsáttmáli**

Lækka á skatta í samræmi við þróun ríkisfjármála með það að markmiði að bæta lífskjör þeirra sem verst standa. Einnig á að vinna að því að tryggja betur fjárhagslega stöðu barnafólks í gegnum skatta- og bótakerfi og verður sérstaklega hugað að því að efla barnabótakerfið.

→ Þessar áherslur eru líklegar til að stuðla að jafnrétti, sérstaklega ef áfram verður tekið mið af viðkvæmri stöðu einstæðra foreldra.

Jafnframt á að móta og innleiða framtíðartekjuöflunarkerfi ríkissjóðs vegna umferðar og orkuskipta og í því samhengi er einnig vert að skoða bílæign og notkun ólíkra hópa.

## Eignaumsýsla ríkisins Málaflokkur 5.2

Undir málaflokkinn fellur fyrirvar gagnvart félögum, fasteignum, jörðum og auðlindum sem eru í eigu ríkisins, auk opinberra framkvæmda. Umfjöllunarefni málaflokksins eru ólík en í eftirfarandi umfjöllun er sjónum beint að kynjaskiptingu í félögum í eigu ríkisins annars vegar og jafnréttismati á opinberum framkvæmdum hins vegar.

### Kyngreind tölfræðigögn


Á [vef Stjórnarráðsins](#) eru birtar upplýsingar um skipan stjórna í félögum í eigu ríkisins. Þar eru birtar upplýsingar um kynjaskiptingu innan stjórna í félögunum fyrir árin 2016–2021 ásamt hlutfalli kynja í stöðu formanns stjórna í félögum í eigu ríkisins. Auk þess eru laun stjórnarmanna og forstjóra birt á vefnum. Upplýsingarnar eru uppfærðir árlega í tengslum við birtingu ríkisreiknings. Árið 2021 var í fyrsta sinn gefin út [ársskýrsla um ríkisfyrirtækin](#), fyrir starfsárið 2020. Í henni er greint frá kynjahlutfalli starfsmanna og lykilstjórnenda ríkisfyrirtækjanna í lok ársins 2020. Sambærileg skýrsla verður birt árlega á haustmánuðum og í henni verða birt yfirlit fyrir hvert og eitt fyrirtæki og kynjahlutfall innan þeirra.

Í verkfærakistu fyrir jafnréttismat á opinberum framkvæmdum sem nýlega var unnin fyrir Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir (FSRE) er tillaga um hvers konar kyngreindra gagna er mikilvægt að afla og skrá við opinberar framkvæmdar. Það eru kyngreindar upplýsingar um þau sem koma að gerð húsnæðisins, þau sem nýta meginþætti þjónustunnar, starfsfólk niður á ólíkar stöður, slys á vinnustað og áreitni og ofbeldi gagnvart starfsfólki. Ekki liggur fyrir hvort slík gögn séu alla jafna til staðar.

### Kynjasjónarmið


Ákvarðanir í tengslum við málaflokkinn hafa ólík áhrif á kynin af því að staða kynjanna innan hans er ólík. Þar er einkum um að ræða þætti er varða ólík völd, áhrif og tengslanet karla og kvenna. Sögulega hafa karlar verið í miklum meiri hluta í stjórnendastörfum og öðrum valdastöðum.

Mikilvægt er að gera upplýsingar um skipan stjórna í ríkisfyrirtækjum aðgengilegar til að auka gagnsæi og aðhald við eftirfylgni aðgerða sem miða að jafnri stöðu kynjanna. 46% einstaklinga í stjórnnum félaganna eru konur og á vef Stjórnarráðsins má sjá hlutfallsskiptingu kynja innan stjórna ríkisfyrirtækja. Aðeins 25% stjórnarformanna félaga í eigu ríkisins eru konur og þrátt fyrir lítils háttar breytingar milli ára hefur staðan ekki breyst að ráði undanfarin sex ár. Mikið kapp er nú lagt á að jafna stöðu kynjanna í formennsku stjórnanna.



Við lok ársins 2020 voru konur 39% lykilstjórnenda í félögum í eigu ríkisins sem er lægra en hlutfall kvenna meðal starfsfólks.

### Kynjahlutfall 2020



Í tengslum við undirbúning framkvæmdar við nýtt húsnæði fyrir viðbragðs- og löggæslu-aðila á höfuðborgarsvæðinu lét Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir vinna jafnréttismat á verkefninu og verður sú vinna nýtt til að þróa verklag og viðmið við jafnréttismat á umfangsmeiri byggingaframkvæmdum. Jafnréttissjónarmið sem þar koma fram varða m.a. umönnunar- og heimilisbyrði fólks, öryggi starfsfólks og gesta, jafnan aðgang kynjanna að opinberum byggingum, staðalmyndir og kynhlutverk og jöfn tækifæri kynjanna til góðrar heilsu. Þá er talið mikilvægt að taka mið af þörfum þeirra sem skilgreina kyn sitt á annan hátt og skoða sérstaklega þarfir hreyfihamlaðs fólks, fólks með skyntuflanir, fólks sem er heyrnar- eða sjónskert, fólks af erlendum uppruna og fólks sem er á ólíkum aldri.

Sem dæmi þarf við hönnun að tryggja öryggi starfsfólks og gesta en konur og jaðarsettir hópar eru oft berskjaldaðri fyrir áreitni og ofbeldi. Einnig þarf að tryggja að gert sé ráð fyrir að starfsfólk geti sinnt umönnunarskyldum í gegnum síma í næði. Þá skiptir hitastig og hljóðvist miklu máli en hitastig vinnustaða miðar yfirleitt við líkama karla.

Tryggja mætti milda lýsingu eða gólflysingu sem getur fallið að þörfum fólks með skyntruflanir og fólks sem líður almennt illa. Til að tryggja aðgengi ætti almennt að leita allra leiða til að hjálpa fólki að bjarga sér sjálft innan opinberra bygginga. Allar leiðbeiningar ættu að vera skýrar, myndrænar og táknrænar. Skipulag og leiðbeiningar á flugvöllum eru góð fyrirmynd.

### Niðurstöður og næstu skref

Endurskoðuð almenn eigandastefna ríkisins var birt á árinu 2021. Þar er lögð aukin áhersla á gagnsæi og jafnræði við val í stjórnir sem mun leiða til jafnari stöðu kynjanna í stjórnun. Þá er einnig lögð aukin áhersla á mannauðs- og jafnréttismál félaga sem m.a. er ætlað að stuðla að jafnari kjörum og jafnari hlut karla og kvenna meðal stjórnenda og starfsfólks félaganna. Skýrar, aðgengilegar og gagnsæjar upplýsingar um skipan stjórna og kynjahlutfall stjórna eru lykillinn að aðhaldi við ákvarðanatöku og þær bæta yfirsýn þeirra sem taka ákvörðun um skipan stjórna. Þá er bættri upplýsingagjöf um kynjahlutfall framkvæmdastjóra og lykilstjórnenda ríkisfyrirtækja einnig ætlað að auka hvata fyrirtækjanna til að bæta jafnrétti og jafna kynjahlutföll í stjórnendateymi sínu. Upplýsingum um kynjahlutföll lykilstjórnenda og starfsmanna ríkisfyrirtækja eru gerð skil í ársskýrslu ríkisfyrirtækja 2020 sem fjármála- og efnahagsráðuneytið gaf út í desember 2021.

Fyrsta ítarlega jafnréttismatið á fyrirhugaðri byggingaframkvæmd á vegum ríkisins var unnið á árinu 2021 og er unnið að mótun verklags við slíkt mat sem nýtt verður við stærri opinberar framkvæmdir.

### Stjórnarsáttmáli

Leita á ýmissa leiða til að flýta fyrir nauðsynlegum opinberum framkvæmdum.

→ *Við forgangsröðun og skipulag slíkra framkvæmda er mikilvægt að tekið sé mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum.*

## Fjármálaumsýsla ríkisins Málaflokkur 5.3

Undir málaflokkinn heyrir umsýsla með rekstrarlegum innviðum ríkiskerfisins á sviði mannauðsmála, fjármála og innkaupa. Hér verður sjónum beint að mannauðsmálum og breytingum sem miða að *betri vinnutíma* í vaktavinnu.

### Kyngreind tölfræðigögn

Mannauðskerfi Orra heldur utan um starfsmanna- og launagreiðslukerfi ríkisins. Starfsmannahlutinn hefur að geyma víðtækar upplýsingar um launakjör og þær forsendur sem þarf við launaútreikninga. Þar eru einnig aðgengilegar upplýsingar um starfshlutfall, hvort starfsfólk teljist dagvinnu- eða vaktavinnufólk og hvernig laun eru samsett. Þannig er t.d. auðvelt að skoða hvort tekst að ná því markmiði betri vinnutíma í vaktavinnu að draga úr yfirvinnu. Öll gögn eru greinanleg eftir kynjum og aldri en einnig niður á stofnanir, starfseiningar, stéttarfélög og bandalög, svo dæmi séu nefnd.


### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Konur eru tæplega 70% starfsmanna ríkisins og mun algengara að þær séu í hlutastarfi en karlar. Um helmingur kvenna var í hlutastarfi árið 2020 en einungis rúmlega 20% karla. Konur sem vinna vaktavinnu eru mun líklegri til að vera í hlutastarfi en þær sem sinna störfum sem eingöngu krefjast viðveru á dagvinnutíma enda almennt viðurkennt að vaktavinna sé meira slítandi en hefðbundin dagvinna. Stórar kvennastéttir eins og hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar höfðu lengi krafist viðurkenningar á þessari staðreynd og m.a. lagt til að vaktavinnufólk skilaði færri vinnustundum en dagvinnufólk.

Í kjarasamningum veturinn 2019-2020 var komið til móts við þessar kröfur og samið um betri vinnutíma í vaktavinnu. Helstu breytingarnar voru að vinnuvikan stýttist úr 40 í 36 virkar stundir og launamyndun vaktavinnufólks tók mið af fleiri þáttum en áður. Í nýju launamyndunarkerfi fjölga vaktaálagflokum og vægi vinnustunda er metið eftir áhrifum á heilsu og öryggi starfsfólks sem getur leitt til aukinnar styttingar vinnutíma. Þá er greiddur sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölbreytileika og fjölda vakta.

Markmið kerfisbreytinganna er að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks, auðvelda samþættingu vinnu og einkalífs og gera störf í vaktavinnu eftirsóknarverðari. Breytingunum er einnig ætlað auka stöðugleika í mönnun hjá stofnunum ríkisins og er það einkum gert með því að bjóða starfsfólki í hlutastörfum að hækka starfshlutfall sitt. Hlutastarfsmenn eiga rétt á að hækka starfshlutfall um a.m.k. 10-12% en skila áfram sama vinnuframlagi. Greining á gögnum í Orra, starfsmanna- og launagreiðslukerfi ríkisins, leiðir í ljós að frá maí til nóvember 2020 voru konur í vaktavinnu að meðaltali í 66% starfshlutfalli en það hlutfall hafði aukist um 11% ári síðar eftir að kerfisbreytingin var innleidd og var þá komið í 77%.


#### Aukning á meðaltalsstarfshlutfalli kvenna í vaktavinnu á milli árunna 2020 og 2021



Með breyttum vinnutíma og umbreytingu á launamyndunarþáttum var lagt upp með að þau sem voru í fullu starfi fyrir kerfisbreytingu myndu ekki lækka í launum. Starfsfólk í hlutastarfi átti rétt á að auka starfshlutfall sitt um sem næmi styttingu vinnuskyldu.

Jafnframt var stofnunum ætlað að gera starfsfólki kleift að bæta enn frekar við starfshlutfall sitt yrði því við komið í starfsemi og skipulagi stofnunar. Laun hækka með herra starfshlutfalli og því óhætt að fullyrða að betri vinnutími tryggi starfsfólki sem eykur starfshlutfall sitt hærri laun. Áður en betri vinnutími tók gildi voru einungis um 20% kvenna í vaktavinnu í fullu starfi en í maí 2021 var þetta hlutfall komið í 34%.

### Vaktavinnufólk í fullu starfi fyrir og eftir innleiðingu betri vinnutíma



### Niðurstöður og næstu skref

Gögnin sýna að það markmið betri vinnutíma að hækka starfshlutfall vaktavinnufólks hafi nýst konum ágætlega þar sem þær hækka hlutfallslega meira í starfshlutfalli en karlar. Þó ber að hafa í huga að þær voru mun fleiri í hlutastarfi fyrir innleiðingu. Ætla má að heildartekjur þeirra hafi einnig hækkað á tímabilinu og skili sér í hærri ævitekjum og betri lífeyrisréttindum. Skoðað verður hvort þessar breytingar hafi haft tilætluð áhrif á heilsu, öryggi starfsfólks og jafnvægi vinnu og einkalífs. Áfram verður fylgst með helstu lykiltölum varðandi betri vinnutíma í vaktavinnu því að verkefnið er eins konar tilrauna-verkefni á gildistíma kjarasamninganna sem renna út þann 31. mars 2023.

### Stjórnarsáttmáli

Fara á í aðgerðir til að draga úr kynbundnum launamun hjá hinu opinbera.

→ Greiningar sem birtar voru í stöðuskýrslu 2021 sýndu að meðallaunakostnaður á hvert stöðugildi hjá ríkinu er 15% hærri fyrir stöðugildi karla en kvenna. Ein helsta ástæða þessa launamunar er kynskiptur vinnumarkaður og vanmat á hefðbundnum kvennastörfum. Í kjölfar skýrslu sem starfshópur um vanmat á kvennastörfum skilaði á síðasta ári var skipaður aðgerðahópur um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði skipaður fulltrúum stjórnvalda og aðilum vinnumarkaðarins. Verkefni hópsins er að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun kynjanna sem skýrist af kynskiptum vinnumarkaði og kerfisbundnu vanmati á hefðbundnum kvennastörfum.



## Nýsköpun, rannsóknir og þekkingargreinar



### Vísindi og samkeppnissjóðir í rannsóknum Málaflokkur 7.1

#### Kyngreind tölfræðigögn

Gefin eru út kyngreind gögn um úthlutanir úr Rannsóknarsjóði. Rannsóknarsjóður styrkir vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám á Íslandi.

Gefin er út kynjuð greining verkefnastjóra og meðumsækjenda í Rannsóknarsjóð og árangurshlutfall birt sem byggir á umsóknargögnum og úthlutunum styrkja.

Hagstofa Íslands safnar annað hvert ár kyngreindum upplýsingum um fjölda þeirra sem vinna við rannsóknir í fyrirtækjum, háskólum og rannsóknarstofnunum á Íslandi. Hagstofan skilar tölum í alþjóðleg samburðarrit, m.a. SHE figures sem gefið er út af framkvæmdastjórn ESB. Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið safnar kyngreindum upplýsingum um akademíska starfsmenn háskóla.

#### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Nýjustu tölur Hagstofunnar um hlutfall starfandi kvenna við rannsóknir eru frá 2019 en Hagstofan tekur saman upplýsingar á tveggja ára fresti. Konur eru 55% þeirra sem starfa við rannsóknir í háskólastofnunum, í opinberum stofnunum eru þær 43%. Hlutfall kvenna sem starfa við rannsóknir innan fyrirtækja er hins vegar 30%. Innan akademíunnar eru konur enn í minni hluta prófessora (33%) en eru í meiri hluta dósentar og lektora (60%).

Rannsóknarsjóður styrkir vísindarannsóknir og rannsóknartengt framhaldsnám á Íslandi. Styrktarflokkar Rannsóknarsjóðs eru Öndvegissstyrkir, Verkefnisstyrkir, Nýdoktorastyrkir og Doktorsnemastyrkir og fagráðin eru sex talsins eftir fagsviðum. Árangurshlutfall styrkþega Rannsóknarsjóðs 2021 eftir kynjum er nokkuð jafnt, meðal verkefnastjóra er árangurshlutfall karla 21,4% og árangurshlutfall kvenna 19,7%. Meðal meðumsækjenda er árangurshlutfall karla 15,7% og árangurshlutfall kvenna 21,5%.

Enn er kynjaður munur milli fagsviða sem speglast í hlutfalli umsækjenda í styrki Rannsóknarsjóðs, bæði meðal verkefnastjóra og meðumsækjenda.

Rannsóknarsjóður <i>Kyn verkefnastjóra eftir fagræðum</i>	Karlur			Konur		
	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall
Raunvísindi og stærðfræði	60	14	23,3%	14	3	21,4%
Verkfræði og tæknivísindi	49	12	24,5%	17	4	23,5%
Náttúru- og umhverfisvísindi	22	5	22,7%	29	5	17,2%
Lífvísindi	28	4	14,3%	21	6	28,6%
Klínískar rannsóknir og lýðheilsa	19	5	26,3%	33	4	12,1%
Félagsvísindi og menntavísindi	30	7	23,3%	66	12	18,2%
Hugvísindi og listir	44	7	15,9%	38	9	23,7%
<b>Samtals</b>	<b>252</b>	<b>54</b>	<b>21,4%</b>	<b>218</b>	<b>43</b>	<b>19,7%</b>

Árið 2021 hallaði á karla í félagsvísindum og menntavísindum en í raunvísindum og stærðfræði annars vegar og hins vegar verkfræði og tæknivísindum hallaði á konur. Hæsta fjármagn styrkja úr Rannsóknarsjóði árið 2021 rann til lífvísinda annars vegar og félagsvísinda og menntavísinda hins vegar. Meðal meðumsækjenda var árangurshlutfall kvenna árið 2021 minna en karla í raunvísindum og stærðfræði og í hugvísindum og listum, en í öðrum fagræðum hærra en karla.

Þegar litið er til árangurshlutfalls karla og kvenna eftir styrktegundum Rannsóknarsjóðs skera Öndvegisstyrkir sig úr.

Kyn verkefnisstjóra <i>eftir styrktegundum</i>	Karlur			Konur			Heild	
	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall	Sótt	Veitt	Árangurshlutfall	Sótt	Veitt
Öndvegisstyrkir	34	13	38,2%	25	2	8,0%	59	15
Verkefnisstyrkir	131	23	17,6%	103	24	23,3%	234	47
Nýddoktorastyrkir	43	9	20,9%	32	8	25,0%	75	17
Doktorsnemastyrkir	44	9	20,5%	58	9	15,5%	102	18
<b>Samtals</b>	<b>252</b>	<b>54</b>	<b>21,4%</b>	<b>218</b>	<b>43</b>	<b>19,7%</b>	<b>470</b>	<b>97</b>

Öndvegisstyrkir Rannsóknarsjóðs hafa verið veittir frá árinu 2004. 74 verkefni hafa verið styrkt frá stofnun sjóðsins. Þar af hafa 18 konur og 80 karlar hlotið styrk. Aðeins fjórar konur hafa fengið styrk sem einstaklingar frá upphafi og 48 karlar. Fimm karlar hafa fengið styrk í tvígang og þrjár hafa fengið þrjá styrki. Öndvegisstyrkir eru hæstu

styrkir Rannsóknarsjóðs og úthlutað til lengsta tímabilsins. Hér hallar verulega á konur. Árið 2021 sóttu 34 karlar um í Öndvegissjóð sem verkefnastjórar og var 13 þeirra veittur styrkur (38,2% árangurshlutfall). 25 konur sóttu um í sjóðinn en tvær hlutu styrk (8% árangurshlutfall kvenna).

Hæsta fjármagn Öndvegissstyrkja við úthlutun árið 2021 fór til fagráðanna *klínískar rannsóknir og lýðheilsa* og verkfræði og tæknivísindi. Innan klínískra rannsókna og lýðheilsu var árangurshlutfall karla 26,3% og kvenna 12,1%. Talsvert fleiri konur en karlar sóttu um í þessu fagráði sem verkefnastjórar, 33 konur sóttu um og fjórar hlutu styrk en 19 karlar sóttu um og hlutu fimm karlar styrk. Innan *verkfræði og tæknivísinda* var árangurshlutfall karla og kvenna nokkuð jafnt, meðal karla var árangurshlutfallið 24,5% (49 sóttu um og 12 var veittur styrkur) en hjá konum var árangurshlutfallið 23,5% (17 sóttu um og fjórum var veittur styrkur). Færri konur sóttu um í þessu fagráði en karlar árið 2021, bæði sem verkefnastjórar og sem meðumsækjendur.

Ef skoðaðir eru aðrir styrktarflokkar út frá kyni verkefnastjóra er árangurshlutfall nokkuð jafnt milli kynja árið 2021. Þó sækja færri konur um styrki miðað við karla, nema í doktorsnemastyrki. Kynjahlutfallið er nokkuð jafnt fyrir úthlutun Rannsóknarsjóðs á doktorsnemastyrkjum. Árið 2021 hlutu níu karlar og níu konur doktorsnemastyrki en fleiri konur sóttu um og endurspeglast það í árangurshlutfalli sem var 15,5% hjá konum en 20,5% hjá körlum.

Framlög í Tækniþróunarsjóð hafa verið aukin á síðustu árum og nema nú um 3,6 ma.kr. og er Tækniþróunarsjóður því stærsti samkeppnissjóðurinn á sviði nýsköpunar. Þegar verkefni eru greind eftir kyni verkefnastjóra sést að konur voru um þriðjungur umsækjenda árið 2020. Það er hins vegar athyglisvert að það er mikill munur á milli atvinnugreina og rímar þetta í öllum aðalatriðum við niðurstöður norrænu skýrslunnar. Hlutfall kvenna er hæst í þremur flokkum; heilbrigðis- og velferðarþjónustu, fræðslu- og menntatengdri þjónustu og almennri verslun og þjónustu. Í tæknigreinum er hlutfall kvenna hins vegar áberandi lágt.

Matvælasjóður er á sínu þriðja starfsári og hefur hann til ráðstöfunar 600 m.kr. Á árinu 2021 veitti hann alls 64 styrki og voru 53% verkefnanna leidd af kvenkyns verkefnastjóra en 47% af karlkyns verkefnastjóra. Þegar lagt var mat á þau störf sem myndu skapast af verkefninu var í 72% tilfella talið að kynjaskipting starfa væri jöfn milli kynja, í 20% tilfella myndu fleiri konur fá störf en aðeins í 8% verkefna var það metið svo að fleiri karlmenn myndu fá störf.

### Niðurstöður og næstu skref

Eins og reifað var í fyrri stöðuskýrslu er hvorki talið nauðsynlegt né æskilegt að gera breytingar á sjóðakerfinu enda sýna gögn að það þjónar tilgangi sínum m.t.t. þess að mat á umsóknum byggist á gæðum. Þó er mikilvægt að kynjasjónarmið séu höfð í huga við útdeilingu opinberra rannsóknarstyrkja, að haldið verði áfram kynjaðri greiningu á sókn og við útdeilingu opinberra rannsóknarstyrkja og að efla sókn kvenna í Verkefnis- og Öndvegissstyrki. Áfram verður þess gætt að kynjahlutföll fagráða og stjórna sjóðanna séu sem jöfnust.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Verið er að vinna að rannsókn um jafnréttisáhrif Rannsóknarsjóðs sem mun nýtast við stefnumótun.

### Stjórnarsáttmáli

Hlúa á að skapandi hugsun, þekkingu og vísindum og tryggja öllum tækifæri til þátttöku. Einnig á að efla grunnsjóði í rannsóknum, nýsköpun og skapandi greinum.

→ *Mikilvægt er að tryggja kynjunum jöfn tækifæri og efla sérstaklega sjóði á sviðum þar sem konur eru í meiri hluta eða kynjahlutföllin eru sem jöfnust.*

## Nýsköpun, samkeppni og þekkingargreinar Málaflokkur 7.2

### Kyngreind tölfraeðigögn

Það er til margvísleg kyngreind tölfraeði um nýsköpun og atvinnulíf og má þar m.a. nefna greiningu á stofnendum nýrra fyrirtækja, Jafnvægisvog FKA (Félags kvenna í atvinnulífinu) og úttekt á stöðu kvenna í íslenska orkugeiranum. Til viðbótar við þessi gögn var gefin út skýrslan [Female Entrepreneurship in the Nordics](#) sem unnin var af Nordic Innovation. Í henni er farið dýpra í skoðun á einstökum þáttum út frá kynjum.

Þetta eru mikilvægar greiningar, auk þess sem þær setja íslenskan veruleika í samhengi við stöðuna á hinum Norðurlöndunum.

Margvísleg kyngreind tölfraeðigögn liggja einnig fyrir um úthlutanir og umsóknir úr sjóðum á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytis og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis. Í umsóknarferli sjóðanna eru umsækjendur m.a. beðnir um að meta samfélagsleg áhrif ef verkefni þeirra fá brautargengi, s.s. kynjahlutföll starfa sem verða til og hvort kynjamunur sé á þeim hópum sem munu njóta góðs af væntanlegri afurð. Í lok árs 2020 kom út rannsóknarskýrslan [Valdefling kvenna til nýsköpunar](#) (höfundur: Alma Dóra Ríkarðsdóttir) þar sem þessi gögn eru greind og settar fram tillögur um atriði sem betur mega fara.


### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Norðurlöndin eru á meðal þeirra þjóða sem þykja skara fram úr þegar kemur að jafnréttismálum. Þrátt fyrir það er hlutfall kvenna meðal frumkvöðla á Norðurlöndum afar lágt samkvæmt skýrslu Nordic Innovation og ekki hærra en í löndum sem eru talin standa þeim að baki á sviði jafnréttis. Skýrslan staðfestir einnig fyrri alþjóðlegar rannsóknir þess efnis að það sé munur á þátttöku og viðhorfi karla og kvenna þegar kemur að frumkvöðlastörfum. Það hefur vissulega verið aukning á þátttöku kvenfrumkvöðla í atvinnulífinu en þessi þróun er hæð, einkum í hraðvaxandi tæknigreinum.

Lítum á nokkra sjóði og endurgreiðsluúrræði sem falla undir málefnasviðið: Fjármagn til endurgreiðslna vegna rannsókna og þróunar hefur aukist mjög á undanförunum árum og á árinu 2021 var heildarupphæðin um 10 ma.kr. Í öllum tilvikum eru það fyrirtæki sem

fá endurgreiðslurnar í sinn hlut og mikilvægt er að hafa í huga þegar skoðaðar eru tölur um úthlutanir að þær eru greindar eftir kyni verkefnastjóra. Þegar kyn verkefnastjóra er skoðað fyrir árin 2020 og 2021 sést að karlar eru að baki þremur af hverjum fjórum umsóknum og konur því einungis fjórðungur verkefnastjóra sem kemur kannski ekki á óvart þegar haft er í huga að flest fyrirtækin sem njóta endurgreiðslna eru tækni-fyrirtæki þar sem karlar eru í meiri hluta starfandi.

### Umsóknir um skattfrádrátt vegna rannsóknar- og þróunarverkefna 2021 Kyn verkefnastjóra



Lóa – nýsköpunarstyrkir fyrir landsbyggðina, var sett á laggirnar á árinu 2021 og voru veittir 29 styrkir alls að upphæð tæplega 150 m.kr. Lóa er umtalsvert minni sjóður en Tækniþróunarsjóður og verkefni að jafnaði ekki eins tæknileg. Hér er kynjahlutfallið miklu jafnara; verkefni sem leidd eru af körlum fengu 55% styrkjanna en verkefni sem voru undir forystu kvenna hlutu 45% styrkjanna.

Endanlegar tölur um endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar á árinu 2021 liggja ekki fyrir en gera má ráð fyrir að alls nemi endurgreiðslur á árinu ríflega 2 ma.kr. Sé tekið mið af stöðu endurgreiðslna í októbermánuði þá útdeilast 83% af fjármagninu til kvikmynda-verkefna þar sem kynjahlutfall starfa er jafnt. 16% af fjármagninu fara til verkefna sem fleiri karlar starfa við en í aðeins 1% verkefna eru konur meiri hluti starfsmanna.

Endurgreiðslur vegna tónlistar hafa vaxið hratt á þeim fimm árum sem kerfið hefur verið við lýði og reiknað er með að þær nemi um 60 m.kr. á árinu 2021. Kynjahlutfall starfa er umtalsvert ójafnara en í kvikmyndum og í ríflega 55% verkefna eru fleiri karlar en konur. Kynjahlutfallið er jafnt í ríflega 40% verkefna en í aðeins 5% verkefna starfa fleiri konur en karlar.

Stuðningskerfi nýsköpunar á Íslandi er víðfeðmt og margháttaður stuðningur sem frumkvöðla- og sprotafyrirtæki geta sótt sér. Þessi stuðningur stendur öllum opinn óháð kynjum en það er hins vegar munur á því hvernig kynin notfæra sér hann. Fyrir það fyrsta eru karlar líklegri en konur til að bregðast við hefðbundinni auglýsingu eða kynningu og sækja um frumkvöðlastuðning, t.d. þátttöku í hraðli, eða senda inn umsókn um styrk. Því þarf að huga vel að því að beita öðrum og þá oft persónulegri aðferðum við kynningu.

Þegar kemur að skipulagðri fræðslu og þjálfun fyrir frumkvöðla þá hentar konum almennt betur að fá meira utanumhald og eftirfylgni en körlum. Viðskiptahraðlar hafa verið áberandi á síðustu árum og þeir taka yfirleitt nokkrar vikur og eru snarpir og lausnamiðaðir. Til að mæta þörfum kvenna hafa verið þróuð frumkvöðlaverkefni sem standa yfir í 6-12 mánuði þar sem frumkvöðlarnir fá mikla leiðsögn, vinnurými, samtal og aðgang að fjárfestum á meðan viðskiptahugmyndin er að fullmótast og takast á flug (e. incubator). Hluti af þessu er áhersla á öflugt og virkt tengslanet og „mentora“kerfi

### Niðurstöður og næstu skref

Nýsköpun er í eðli sínu áhættusöm því að þar er róið á ókunnug mið og hvoru tveggja fjármunir og tími geta tapast. Konur eru almennt varkárari en karlmenn sem sýna sig vera áhættusæknari og gera meiri kröfur um hagnað.

Til að auka veg kvenna í nýsköpun er mikilvægt að efla sérstaklega þá þætti innan stuðningskerfisins sem sýnir sig að henti konum vel, t.d. að bjóða þjálfun sem nær yfir lengri tíma og veita mikið utanumhald og eftirfylgni. Jafnframt geta stjórnvöld gert kröfur til þeirra fyrirtækja sem fá opinberan stuðning, t.d. að vísisjóðir hafi ákveðna stefnu varðandi þau frumkvöðlafyrirtæki sem þeir koma að.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Eitt af skilgreindum markmiðum í fjármálaáætlun fyrir málaflokk nýsköpunar er að ný störf skapist í þekkingargreinum. Mikilvægt er að fylgjast með þeirri þróun m.t.t. kynjasjónarmiða.

### Stjórnarsáttmáli

Viðhalda á endurgreiðslum vegna rannsókna og þróunar, ívilnunum til grænna fjárfestinga og efla grunnsjóði í rannsóknum, nýsköpun og skapandi greinum. Lögð er áhersla á að tryggja aðgengi að fjármagni vegna loftslagsverkefna, endurskilgreina Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og veita viðbótarfjármagn inn í Tækniþróunarsjóð fyrir grænar lausnir.

→ Mikilvægt er að rýna vel kynja- og jafnréttisáhrif núverandi stuðningskerfis við nýsköpun og reyna að tryggja að aukinn stuðningur stuðli að jafnrétti, bæði hvað varðar styrkhafa og haghafa verkefna.

## Sveitarfélög og byggðamál



### Framlög til sveitarfélaga Málaflokkur 8.1

Kortlagning kynjasjónarmiða í málaflokki sveitarfélaga nær til Stefnu stjórnvalda í mál-efnum sveitarfélaga 2019-2033. Sjónum er einkum beint að 11 aðgerðum í aðgerðaáætlun stefnunnar til ársins 2023. Markmið aðgerðanna er að stuðla að sjálfstæðum, sjálfbærum sveitarfélögum, til þess bærum að takast á við framtíðaráskoranir. Með stefnunni og nýsamþykktum breytingum á sveitarstjórnarlögum er stefnt að því að lágmarksíbúaföldi í sveitarfélögum í landinu verði ekki undir 1.000 í kjölfar sveitarstjórnarkosninga árið 2026


### Kyngreind tölfraeðigögn

Hægt er að sækja grundvallarkynjabreytur í sveitarfélögum landsins í mælaborð Byggðastofnunar.<sup>8</sup> Horft verður til frekari öflunar á kyngreindum gögnum í málaflokknum. Með vinnslu kyngreindra gagna opnast möguleikinn á að tengja greiningar og niðurstöður þeirra betur við stefnur og áætlanir í málaflokknum.

### Kynja- og jafnréttissjónarmið


Á vef Hagstofu Íslands kemur fram að í 36 sveitarfélögum hafi íbúar verið undir 1.000 íbúa viðmiðinu í upphafi árs 2021. Kynjaskiptingin vekur athygli því að af 15.414 íbúum voru 8.106 karlar og 7.308 konur, sjá mynd hér fyrir neðan. Karlar voru því 798 fleiri en konur í þessum byggðarlögum og er munurinn nokkuð meiri á kynjunum en á landsvísu. Á vefsíðu norrænu rannsóknastofnunarinnar í skipulags- og byggðamálum (Nordregio) kemur fram að sömu sögu sé að segja á strjálbýlli svæðum á hinum Norðurlöndunum.<sup>9</sup>

Karlar og konur í sveitarfélögum undir 1.000 íbúum



<sup>8</sup> <https://www.byggdastofnun.is/is/utgefing-efni/maelaborð>

<sup>9</sup> <https://nordregio.org/maps/gender-balance-of-total-population-2016/>



Nordregio hefur komist að því að þrennt ráði mestu um að konur kjósi síður að búa í strjálbýli en þéttbýli, þ.e. færri atvinnutækifæri, takmarkaðri leiðir til áhrifa og minni möguleikar til menntunar. Jafnframt setji konur fyrir sig takmarkaðra aðgengi að þjónustu eins og heilbrigðis- og velferðarþjónustu.

Aðgerðaáætlun í stefnu stjórnvalda í málefnum sveitarfélaga stuðlar m.a. að sjálfbærni sveitarfélaga á sviði þjónustu, fjármála og umhverfis. Öflugri þjónusta á borð við velferðarþjónustu innan sveitarfélaganna stuðlar ekki aðeins að bættu aðgengi aldraðra, fólks með fötlun og annarra hópa að þjónustu í heimabyggð heldur auknum atvinnumöguleikum fyrir konur í viðkomandi sveitarfélögum ásamt því að létta á ólaunuðum umönnunarstörfum inni á heimilum. Aukin sjálfbærni í fjármálum og umhverfismálum mun einnig skila sér í fjölbreyttum störfum innan sveitarfélaga. Með sama hætti má gera ráð fyrir að aðgerðir stjórnvalda um fjölgun starfa á landsbyggðinni og störf án staðsetningar feli í sér fjölbreytt atvinnutækifæri bæði fyrir konur og karla í sveitarfélögum um landið allt. Stjórnvöld stefna að því að auglýsa minnst 10% allra starfa í ráðuneytum og stofnunum ríkisins án staðsetningar árið 2024.

Tvær aðgerðir innan aðgerðaáætlunarinnar fela í sér átak í stafrænum samskiptum og þjónustu. Með tilvísun til niðurstaðna fjölda rannsókna þess efnis að konur beri meiri ábyrgð á umönnun barna og annarra fjölskyldumeðlima inni á heimilum má leiða líkum að því að bætt aðgengi og skjótari rafræn þjónusta komi til með að hafa jákvæðari áhrif á aðstæður kvenna en karla. Með sama hætti er líklegra að stafræn aðkoma að ákvarðanatöku og stefnumótun komi konum ekki síður en körlum til góða.

Ein af veigameiri aðgerðum aðgerðaáætlunarinnar felur í sér umbætur á starfsaðstæðum kjörinna fulltrúa í því skyni að draga úr brotthvarfi úr sveitarstjórnnum, ekki síst meðal kvenna. Í grein Evu Marínar Hlynsdóttur, prófessors við HÍ, undir yfirskriftinni *Dutiful citizen*

or a pragmatic professional? kemur fram að konur séu talsvert ólíklegri en karlar til að gefa aftur kost á sér í sveitarstjórnir eftir fyrsta kjörtímabil sitt. Með sama hætti upplifi þær meiri ólaunaða vinnu í sveitarstjórnnum en karlar.

Fyrsti liður aðgerðar um bættar starfsaðstæður kjörinna fulltrúa felur í sér greiningu og tillögur að umbótum til að bæta starfsskilyrði kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum. Annar liðurinn felur í sér endurskoðun á launakjörum kjörinna fulltrúa. Þriðji og síðasti liður verkefnisins felst í samvinnu ráðuneytisins við Jafnréttisstofu með stuðningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og forsætis-ráðuneytisins við uppfærslu leiðbeininga og fræðslu um gerð jafnréttisáætlana fyrir sveitarfélögin. Stefnt er að því að leiðbeiningarnar liggi fyrir og að hægt verði að bjóða upp á námskeið í gerð jafnréttisáætlana fyrir kjörna fulltrúa haustið 2022.

### Niðurstöður og næstu skref

Ljóst er að grípa þarf til frekari aðgerða til að stuðla að bættum lífsskilyrðum og fjölbreyttum atvinnutækifærum fyrir konur á landsbyggðinni. Þar gætu fjárframlög úr Jöfnunarsjóði reynst árangursríkt tæki. Unnið er að endurskoðun úthlutunarreglna sjóðsins um þessar mundir. Við endurskoðun reglnanna verður horft til jafnréttis- og kynjasjónarmiða.

Í kjölfar vísbendinga um áreiti í garð kjörinna fulltrúa í yfirstandandi úrvinnslu víðtækrar könnunar Evu Marínar Hlynsdóttur á aðstæðum kjörinna fulltrúa hefur ráðuneytið í samvinnu við Reykjavíkurborg og Samband íslenskra sveitarfélaga hleypt af stokkunum ítarlegri rannsókn á umfangi kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni, ofbeldis, hatur-sorðræðu og fordómum í starfsumhverfi sveitarstjórnarfólks. Niðurstöður þeirrar könnunar munu án efa koma að góðum notum við tillögugerð í því skyni að bæta aðstæður kjörinna fulltrúa, ekki síst kvenna.

Í skýrslu Byggðastofnunar undir yfirskriftinni Byggðafesta og búferlaflutningar – sveitir og annað strjálbýli á Íslandi vorið 2020<sup>10</sup> sem kom út 2021 kemur fram að lægra hlutfall kvenna en karla í sveitum skýrist fremur af minni aðflutningi en brottflutningi kvenna af þessum svæðum. Áhugavert væri að fara nánar ofan í saumana á þessum niðurstöðum með það fyrir augum að efna til viðeigandi aðgerða og kynningarátaks um kosti búsetu á landsbyggðinni fyrir konur.

Þá felast einnig tækifæri í því að auka námsframboð á strjálbýlli svæðum í því skyni að draga úr flutningi kvenna á suðvesturhornið. Rannsóknir Nordregio hafa sýnt fram á að slíkt námsframboð dragi úr flutningi kvenna til þéttbýlli svæða og þar með líkunum á því að þær flytji ekki aftur til baka á strjálbýlli svæði.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Á komandi árum gætu aukin tækifæri legið í því að samþætta kynja- og jafnréttissjónarmið við útfærslu og ákvarðanir varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Fyrsta skrefið í þeirri

<sup>10</sup> [https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta-sveitir\\_og\\_strjalbyli.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/byggdafesta/byggdafesta-sveitir_og_strjalbyli.pdf)

vegferð er að tekið verður mið af kynjasjónarmiðum við yfirstandandi endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

### Stjórnarsáttmáli

Ríkisstjórnin leggur áherslu á að stuðla að uppbyggingu öflugra og sjálfbærra sveitarfélaga. Skýra á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og fækka „gráum svæðum“ í samstarfi ríkis og sveitarfélaga til að tryggja skilvirkari og betri þjónustu.

→ *Þetta gæti orðið til þess að stuðla að jafnrétti þar sem óskýr verkaskipting og skortur á samfelli í þjónustu kemur hvað verst niður á ýmsum jaðarsettum hópum og er auk þess líklegt til að auka álag á konur í aðstandendahlutverki.*

## Byggðamál Málaflokkur 8.2

### Kyngreind tölfræðigögn

Talsvert er til af kyngreindum gögnum sem tengjast byggðamálum og hefur Byggðastofnun fyrst og fremst haft veg og vanda af öflun þeirra. Kyngreind gögn liggja þannig m.a. fyrir um byggðafestu og búferlaflutninga, atvinnutekjur, staðsetningu ríkisstarfa, lánamál og styrkveitingar Byggðastofnunar og uppbyggingarsjóða sóknaráætlana.

Á nýlegu mælaborði á vef Byggðastofnunar er sett fram ýmis tölfræði með myndrænum hætti og áhersla lögð á að gögnin séu kyngreind. Þá hefur verið unnið myndrænt þjónustukort sem sýnir staðsetningu þjónustu á landinu. Þá snýr einn af sex mælikvörðum byggðaáætlunar að því að meta lýðfræðilega veikleika þar sem m.a. er fylgst með hlutfalli kvenna í aldurshópnum 15-64 ára og heildarfjölda kvenna og karla eftir sveitarfélögum. Mikilvægt er að unnt verði að greina ferðaleiðir vegna atvinnusóknar (heimili-vinnustaður) og áætlað að sú vinna fari af stað fljótlega. Þá stendur til að afla kyngreindra upplýsinga um atvinnuráðgjöf á landsbyggðinni og æskilegt væri að afla meiri gagna um mikilvægar forsendur búsetu eins og ímynd byggða, möguleika á samþættingu atvinnu og fjölskyldu lífs, barnvænleika, aðgengi að námi, menningu og húsnæði. Jafnframt væri æskilegt að horfa sérstaklega til kvenna í atvinnurekstri með það að markmiði að fjölga þeim, þar sem karlar eru þar í talsverðum meiri hluta.

### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Kynja- og jafnréttissjónarmið eru mikilvæg þegar kemur að þróun byggða og kyngreindar upplýsingar eru nauðsynlegar til að meta áhrif byggðaáðgerða og fylgjast með mögulegum hættumerkjum. Samhliða vinnu við endurskoðun byggðaáætlunar sem fram fór 2020-2021 var unnið tilraunaverkefni þar sem hugað var sérstaklega að kynja- og jafnréttismálum og í umfjöllun um byggðamál er lögð áhersla á að skoða ólíka stöðu kynja. Í töflunni hér að neðan er staða kynjanna innan ákveðinna grundvallarþátta byggðaþróunar dregin fram sem og tillögur til úrbóta og er umfjöllunin m.a. byggð á opinberum skýrslum og fræðilegri umfjöllun.

Áskoranir	Staða	Tækifæri til úrbóta
<b>Ákvarðanatöku</b> <i>Karlar ríkjandi í ákvarðanatöku í byggðamálum.</i>	Hlutfall kvenna hefur hækkað í sveitarstjórnnum en það endurspeglast ekki í áhrifastöðum innan þeirra.	Tækifæri eru til þess að auka áhrif kvenna þegar kemur að ákvarðanatöku um byggðamál.
<b>Þéttbýli/dreifbýli</b> <i>Meira bil á milli karla og kvenna í dreifbýli en þéttbýli.</i>	Brottlutningur kvenna hefur neikvæð áhrif á virði samfélaga og er eitt einkenni dreifbýlla svæða í vanda. Þá bendir margt til þess að konur beri ábyrgð á ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum og sinni þeim frekar en karlar.	Til að sporna við brottflutningi kvenna úr dreifbýli þarf að vera til staðar atvinna sem höfðar til þeirra, tryggt húsnæðisframboð, möguleikar til náms og aðgangur að grunnþjónustu, s.s. heilbrigðisþjónustu, dagvistun og skóla, og samgöngur þurfa að taka mið af mismunandi þörfum.
<b>Atvinna</b> <i>Kynjaskipt á Íslandi.</i>	Trygg atvinna er grundvallarforsenda fyrir búsetu og kynjahallinn á landsbyggðinni er nátengdur mismunandi atvinnutækifærum kynjanna utan höfuðborgarsvæðisins. Það kynjabil sem er í dreifðari byggðum orsakast sömuleiðis af því að störfín eru frekar tengd við karllæg gildi, s.s. frumatvinnugreinar, sjávarútveg, landbúnað og iðnað. Konur sinna hins vegar oftar störfum í ferðaþjónustu, heilbrigðisþjónustu og opinberri þjónustu. Einhæft atvinnulíf hefur mikil áhrif á brottflutning kvenna af landsbyggðinni.	Tækifæri eru til þess að ná betur til kvenna í gegnum nýsköpun, styrki, störf óháð staðsetningu, opinber störf o.s.frv.
<b>Styrkir og sjóðir</b> <i>Lánsfé skilar sér síður til kvenna.</i>	Það er kynjahalli í lán- og styrk-veitingum sem tengjast byggðamálum. Árangurshlutfall getur verið jafnt en það að konur sækja síður um en karlar gefur vísbendingar um að sjóðirnir taki ekki nægjanlega mið af þörfum og áherslum kvenna sérstaklega.	Taka þarf mið af ólíkum áherslum kynjanna enda getur verið innbyggð skekkja í viðmiðum og mati þegar lán og styrkir eru veittir.
<b>Ímynd byggða</b> <i>Kynin meta þessa þætti með ólíkum hætti.</i>	Við val á búsetu skiptir ímynd byggða og barnvænt umhverfi konur sérstaklega miklu máli	Þegar litið er til búsetu og byggðar er mikilvægt að horfa á ímynd byggða, möguleika á samþættingu atvinnu og fjölskyldulífs, barnvænleika, aðgengi að námi, menningu og húsnæði.
<b>Samgöngur</b> <i>Þarfr kynjanna ólíkar.</i>	Vinnusóknarsvæði kvenna er almennt minna en karla. Konur eru líklegri til að sækja vinnu nær heimili, en karlar ferðast lengri veg til og frá vinnu.	Ákvarðanir um samgöngur þarf að taka út frá mismunandi þörfum og huga sérstaklega að þörfum kvenna við skipulag samgangna, sér í lagi í dreifðari byggðum.

**Niðurstöður og næstu skref**

Lögbundin markmið byggðaáætlunar eru m.a. að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu. Þessi markmið fela í sér kynja- og jafnréttissjónarmið, enda eru þau samofin byggðapróun. Þannig eru t.d. atvinnutækifæri nærri heimili og bætt aðgengi að þjónustu hvoru tveggja brýn jafnréttis- og byggðamál. Helstu áskoranir og viðfangsefni á sviði byggðapróunar eru fækkun íbúa á einstökum svæðum, einhæft atvinnulíf, tækniþróun, samspil þéttbýlis og dreifbýlis, uppbygging innviða, umhverfis- og loftslagsmál og samkeppnishæfni. Tengja þarf eflingu sveitarstjórnarstigsins og jafnréttissjónarmið við þessar áskoranir og úrlausn þeirra.

**Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Í júní 2021 var tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036 lögð fyrir Alþingi en hún bíður nú endurframlagningar. Samhliða vinnu við endurskoðun byggðaáætlunar var sérstaklega hugað að kynja- og jafnréttissjónarmiðum sem nýtast mun við framkvæmd áætlunarinnar.

Þegar horft er til framtíðar er markmiðið að samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða verði orðin að meginreglu í allri opinberri áætlanagerð.

**Stjórnarsáttmáli**

Áherslur ríkisstjórnarinnar miða m.a. að því að styðja við sköpun starfa í fámennari byggðum og á landsbyggðinni, bæði með því að styðja við stofnun og rekstur fyrirtækja og setja markmið um hlutfall opinberra starfa á landsbyggðinni.

→ Forsenda þess að slíkur stuðningur stuðli að tilætluðum árangri er að hugað sé að fjölbreytni starfa við hæfi allra kynja.

# Almanna- og réttaröryggi



## Löggæsla Málaflokkur 9.1

Í lögregluglögum nr. 90/1996 er í 1. gr. fjallað um hlutverk lögreglu.

### Kyngreind tölfræðigögn

Ennþá er unnið að því að taka út gögn um brotþola og þá sem hafa réttarstöðu sakbornings eftir kynjum en þessi gögn hafa verið birt í takmörkuðum mæli því að ágallar eru á skráningu. Einnig hefur verið lögð til gagnaöflun í öðrum rannsóknum um brotþola og gerendur afbrota sem samræmist gagnaskráningu lögreglu, s.s. könnun Rannsóknar og greiningar í framhaldsskólum.

Gögnum er safnað um kynjahlutföll meðal menntaðra lögreglumanna eftir starfsstigum af hálfu jafnréttisfulltrúa lögreglu. Teknar eru saman upplýsingar um kynjahlutföll meðal lögreglumanna annars vegar frá öllum níu svæðisbundnu lögregluembættunum og hins vegar frá embætti ríkislögreglustjóra (RLS) og embætti héraðssaksóknara.


Ekki hefur verið skipulega haldið utan um kynjahlutföll meðal annarra starfsmanna lögreglunnar en lögreglumanna. Safna þyrfti þeim gögnum í heild sinni fyrir lögreglu og skilgreina þá hvort embætti ríkislögreglustjóra hefði það hlutverk og hefði þá aðgang að upplýsingum um aðra starfsmenn lögreglu inni á innra svæði Fjársýslu ríkisins.

### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Kannanir sýna að konur og karlar hafa ólíka reynslu af brotum. Karlar eru t.d. líklegri en konur til að verða fyrir ofbeldi af hálfu ókunnugra en konur hins vegar af hálfu einhvers sem þær þekkja. Þá eru konur sem óttast að verða fyrir ofbeldi (líkamlegu eða kynferðislegu) mun líklegri en karlar til að grípa til varnar- og forðunaraðgerða (eins og að passa upp á drykkinn sinn, forðast dimm stræti o.s.frv.). Mikilvægt er að fjármagn sé sett í rannsóknir því að öðruvísi fæst ekki haldbær þekking.

Mikilvægt er að samsetning lögregluliðsins endurspegli fjölbreytni samfélagsins sem best. Karlar eru í miklum meiri hluta þeirra sem starfa innan lögreglunnar þótt konum hafi fjölgað á undanförunum árum. Staðan er enn sú, eins og kemur fram í grunnskýrslunni frá 2019, að þegar ofar dregur í starfsstigum verður hlutfall kvenna lægra. Hlutfall kvenna er hæst í starfsstiginu lögreglumaður. Hér ber þó að nefna jákvæða þróun sem orðið hefur þar sem fyrsti kvenkyns yfirlögregluþjónninn (sem er hæsta starfsstigið meðal lögreglumanna) var skipað í apríl árið 2018. Af 21 yfirlögregluþjónum í febrúar 2021 var einungis ein kona, eða 5%, eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan. Staðan er enn sú að einungis eru karlkyns lögreglumenn í sérsvait embættis ríkislögreglustjóra.

### Kynjahlutföll meðal menntaðra lögreglumanna eftir starfsstigum 1. febrúar 2021



Dómsmálaráðuneytið hefur í samstarfi við embætti ríkislögreglustjóra gert samkomulag við námsbraut í kynjafræði hjá Háskóla Íslands um framkvæmd nýrrar rannsóknar á vinnustaðamenningu innan lögreglunnar. Ráðgert er að kanna hvort breyting hafi orðið á henni frá því að ráðist var í aðgerðir í kjölfar rannsóknar Finnborgar Salome Steinþórsdóttur frá árinu 2013 um ástæður þess að konur eru fámennar í hópi lögreglumanna, vinnustaðamenningu og kynjatengsl innan lögreglunnar. Rannsóknarvinnan hófst á haustmánuðum ársins 2021 og er niðurstaðna að vænta um mitt ár 2022.

#### Niðurstöður og næstu skref

Helstu breytingar frá fyrra mati hvað snertir innri starfsemi málefnasviðsins eru einkum þær að fyrsta konan var skipuð yfirlögregluþjónn árið 2018 og rannsókn á vinnustaðamenningu innan lögreglunnar verður gerð hjá Háskóla Íslands og niðurstaðna að vænta um mitt ár 2022. Þá má nefna að jafnréttisvísir er í vinnslu hjá RLS, þar sem staða jafnréttismála er metin út frá ítarlegri greiningu, og í kjölfarið verður farið í aðgerðir hjá embættinu til að bæta stöðu jafnréttismála.

#### Stjórnarsáttmáli

Áfram verður unnið markvisst að aðgerðum gegn kynbundnu ofbeldi, réttarstaða brotaþola verður bætt og forvarnir og fræðsla eflidar. Aðgerðaáætlun um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins verður áfram fylgt eftir og ráðist í framhald hennar við lok gildistíma á þessu ári. Þar verður m.a. litið til atriða er varða sáttamiðlun og styttri málsmeðferðartíma.

Gera á tímabundið átak til að fjölga einstaklingum í lögreglunámi á háskólastigi og tryggja þannig aukið öryggi og fagmennsku innan lögreglunnar.

→ Líklegt er að fjölgunin muni leiða til hærra hlutfalls kvenna meðal menntaðra lögreglumanna en einnig þarf að tryggja konum viðunandi starfsaðstæður og tækifæri til eðlilegs framgangs í starfi.

## Réttindi einstaklinga



### Sýslumenn Málaflokkur 10.3

Undir málaflokkinn fellur starfsemi sýslumannsembætta sem eru níu talsins og fara með staðbundið framkvæmdarvald ríkisins í héraði. Verkefnum embættanna er að jafnaði skipt í tvennt, kjarnaverkefni og sérverkefni á landsvísu, og meðal kjarnaverkefna embættanna má nefna þinglýsingar, fjárnám, nauðungarsölur, fjölskyldumál, ýmsa leyfa-útgáfu og innheimtu opinberra gjalda. Hér verður fjallað um fjölskyldumál og þá sér í lagi forsjármál.

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Helstu kyngreindu gögn sem til eru á þessu sviði er að finna í upplýsingakerfi sýslumanna, sem heldur utan um starfskerfi fyrir helstu kjarnaverkefni sýslumanna, þar á meðal fjölskyldumál. Þar sem lyktir mála um sambúðarslit og skilnað foreldra eru skráðar í kerfið og skráningin er tengd við þjóðskrá þykir rétt að taka þau gögn fyrir við framkvæmd mats á jafnréttisáhrifum.

Gerður hefur verið samstarfssamningur við Sýslumanninn í Vestmannaeyjum sem miðar að því að greina hvort kynjahalli sé til staðar í málum sem rekin eru hjá sýslumönnum. Með greiningunum verður lagður grunnur að breytingum á starfskerfum sýslumanna og framkvæmd verkefna þeirra, með það að markmiði að safna og fá betri yfirsýn yfir gögn sem talin eru mikilvæg upp á kynjuð sjónarmið. Málaflokkurinn fjölskyldumál verður tekinn sérstaklega fyrir, enda er talið sérstaklega mikilvægt að greina áhrif sambúðarslita og skilnaða út frá kynjasjónarmiðum, sem og áhrifum laga nr. 28/2021 um skipta búsetu á stöðu foreldra. Tímaáætlun miðar að því að sýslumannsembættið skili af sér greiningu á fyrsta ársfjórðungi 2022, sem mun þá varpa ljósi á þær breytingar sem ráðast þarf í á starfskerfum sýslumanna, löggjöfinni o.fl. þáttum tengdum framkvæmd embættanna.

#### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Líkt og fram kemur í umfjöllun um ólaunuð heimilis- og umönnunarstörf hér að framan benda rannsóknir til þess að konur beri enn meiri ábyrgð á umönnun og umsýslu barna sinna og eyði fleiri klukkustundum en karlar dag hvern í slík verkefni. Í skýrslu innanríkisráðherra frá 1. september 2015 kemur m.a. fram að árið 2011 sömdu foreldrar um sameiginlega forsjá barns í um 90% tilvika og var þá algengara að lögheimili barns væri hjá móður, eða í 91% tilvika. Þá var jafnframt algengara að móðirin færi ein með forsjá í þeim tilvikum þegar forsjá var ekki sameiginleg.

Frumvarp dómsmálaráðherra til breytinga á barnalögum (skipt búseta barns) var endurflutt á 151. löggjafarþingi 2020-2021 og samþykkt sem lög nr. 28/2021. Þar voru m.a. lögfest þau nýmæli að heimila foreldrum að semja um skipta búsetu barns þannig að barn verði með búsetu hjá báðum foreldrum. Í frumvarpinu kemur fram að ekki þyki óvarlegt að áætla að skipt búseta barna geti komið til greina fyrir um 20% barna þeirra foreldra sem ganga í gegnum skilnað eða sambúðarslit. Með lagabreytingunni standa vonir til að



með tímanum verði staða kynjanna jafnari m.t.t. mikilvægra réttinda og skyldna sem í dag eru bundin við skráð lögheimili barns samkvæmt barnalögum og sérlögum. Áætlað er að breytingar á barnabótakerfinu muni þó hafa mismunandi áhrif á mæður og feður og að halla muni á konur í því tilliti. Í þeim tilvikum þegar foreldrar semja um skipta búsetu barns munu t.d. bætur til einstæðrar móður lækka í kjölfarið þar sem mæður eru í dag oftast lögheimilisforeldri.

#### **Niðurstöður og næstu skref**

Með lagabreytingunum hefur verið tekið skref í átt að því að opna fyrir möguleika foreldra á að semja um skipta búsetu og þannig jafna stöðu kynjanna hvað varðar réttaráhrif sem í dag fylgja skráðu lögheimili barns. Þá miðar samstarfsverkefni ráðuneytisins og Sýslumannsins í Vestmannaeyjum að því að greina nánar framkvæmd sýslumanna, með það að markmiði að tryggja betra aðgengi að kyngreindri tölfræði þannig að hægt sé að meta áhrif lagabreytinganna. Í nefndaráliti með lögum nr. 28/2021 kemur m.a. fram að ekki liggi alveg fyrir hvaða áhrif fyrirkomulag um skipta búsetu og framkvæmd þess hafi á kynin og ólíka hópa. Þá taldi meiri hluti nefndarinnar tilefni til þess að barnalögin yrðu tekin til heildarendurskoðunar. Mikilvægt væri að innan þriggja ára frá samþykkt frumvarpsins færi fram endurskoðun, einkum á fyrirkomulagi um skipta búsetu og framkvæmd þess, eins og með útreikning barnabóta. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði I, sbr. 31. gr. laga nr. 28/2021, kemur fram að ákvæði barnalaga og framkvæmd þeirra skuli endurskoðuð innan þriggja ára frá samþykkt laganna og ráðherra skal kynna niðurstöður endurskoðunarinnar eigi síðar en á haustþingi 2024.

#### **Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Í fjármálaáætlun 2021–2025 var ekki sett sérstakt markmið sem ætlað er að stuðla að jafnrétti kynja við úrlausn mála sem snúa að börnum og er því vert að huga að slíkri markmiðssetningu í næstu fjármálaáætlun. Nánari greining og eftirfylgni með áhrifum laganna er hins vegar grundvallarforsenda þess að frekari aðgerðum verði hrundið af stað. Þá er mikilvægt að móta frekar hvaða áhrif skipt búseta eigi að hafa á opinberan stuðning til barnafjölskyldna á einstaka sviðum og heildaráhrif þessa. Sérstaklega er mikilvægt að meta hvaða áhrif þessar breytingar munu hafa á lífsafkomu barna í mismunandi fjölskyldugerðum.

### Stjórnarsáttmáli

Vinna á að umbótum í þjónustu og rekstri sýslumanna og ráðast í hagræðingu verkefna samhliða stafrænni þróun.

→ Við forgangsriðun umbótaverkefna mætti setja í forgang verkefni sem talin eru líkleg til að stuðla að jafnrétti. Í þessari vinnu er einnig mikilvægt að huga að starfsþróun starfsfólks sem kemur að þeim verkefnum sem verða fyrir hvað mestum breytingum, en þeim er af miklum meiri hluta sinnt af konum.

### Útlendingamál Málaflokkur 10.5

#### Kyngreind tölfraðigögn

Upplýsingar um kyn eru hluti af grunnskráningu einstaklinga í upplýsingakerfi Útlendingastofnunar. Umsóknir um dvalarleyfi, alþjóðlega vernd, ríkisborgararétt og áritanir sem og afgreiðsla þeirra eru kyngreinanlegar sem og allar ákvarðanir stofnunarinnar.


Upplýsingar um kyn umsækjenda um alþjóðlega vernd eru aðgengilegar á vef stofnunarinnar sem og upplýsingar um ákvarðanir Útlendingastofnunar vegna umsókna um vernd eftir kyni. Sambærilegar upplýsingar um dvalarleyfi, ríkisborgararétt og áritanir eru ekki aðgengilegar á vef stofnunarinnar sem stendur. Útlendingastofnun vinnur nú að gerð nýrrar heimasíðu. Við gerð hennar verður tekið til skoðunar hvort ástæða sé til að birta frekari kyngreinanlega tölfraði.

#### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Árið 2020 sýndu gögn um alþjóðlega vernd að karlar voru mikill meiri hluti umsækjenda, en fullorðnir karlmenn voru tæplega helmingur umsækjenda. Konur komu oftast sem hluti af fjölskyldu eða sem einstætt foreldri og fylgdarlaus ungmenni voru oftast drengir. Á fyrstu tíu mánuðum ársins 2021 skiptust umsækjendur um vernd með þessum hætti:

#### Umsækjendur um vernd eftir kyni og aldri


jan–okt 2021



Ákvarðanir Útlendingastofnunar um veitingu alþjóðlegrar verndar skiptust svona eftir kyni á fyrstu níu mánuðum ársins 2021. Karlar voru 40% þeirra sem fengu jákvæða niðurstöðu, konur 27% og börn 33%.

### Veitingar á vernd eftir kyni og aldri

jan–okt 2021




Hlutfall kynja sem umsækjendur um alþjóðlega vernd er því jafnara nú en áður hvað varðar fullorðna umsækjendur um alþjóðlega vernd.

Gögn um alþjóðlega vernd endurspeglar að einhverju leyti þau stöðluðu kynjahlutverk að konur beri ábyrgð á umönnun barna og fjölskyldulífi. Löggjöfin okkar gerir ráð fyrir að Útlendingastofnun greini og meti einstaklingsbundnar þarfir umsækjenda um alþjóðlega vernd og veiti hverjum og einum umsækjanda þjónustu í samræmi við það. Þá er ávallt tekið mið af einstaklingsbundnum aðstæðum umsækjenda við mat á því hvort viðkomandi teljist hafa þörf fyrir alþjóðlega vernd hér á landi. Hefur þetta m.a. þau áhrif að barnafjölskyldum er forgangsraðað í þjónustu til sveitarfélaga en einstaklingar fá frekar þjónustu hjá Útlendingastofnun. Þar með eru karlmenn almennt líklegri til að vera í þjónustu Útlendingastofnunar en konur, sem hluti af fjölskyldu, eru líklegri til að vera í þjónustu sveitarfélaga sem stofnunin hefur samið við.

### Umsækjendur um dvalarleyfi eftir kyni og aldri


jan–okt 2021



Hlutfall kvenkyns umsækjenda sem fengu útgefin fyrstu dvalarleyfi árið 2020 var 55% árið 2020 og 53% fyrstu níu mánuði ársins 2021.

Af þeim sem fengu útgefin fyrstu dvalarleyfi á grundvelli atvinnu voru 32% kvenkyns árið 2020 og 29% fyrstu 10 mánuði ársins 2021. Af þeim sem fengu útgefin fyrstu dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar voru 62% kvenkyns árið 2020 og 62% fyrstu 10 mánuði ársins 2021. Af þeim sem fengu útgefin fyrstu dvalarleyfi á grundvelli náms voru 57% kvenkyns 2020 og 61% fyrstu 10 mánuði ársins 2021. Fyrirliggjandi gögn á sviðinu endurspeglar ákveðnar staðalmyndir kynjanna, þ.e. að konur beri frekar ábyrgð á umönnun barna og fjölskyldulífi á meðan karlmenn bera frekar ábyrgð á að ala önn fyrir fjölskyldum sínum með því að leita starfa annars staðar.

### Veitt dvalarleyfi eftir kyni og aldri jan–okt 2021



Þrátt fyrir að umsóknir séu kyngreinanlegar er ekki litið til kyns umsækjenda við forgangsörðun, málsmeðferð eða aðra vinnslu mála.

#### Niðurstöður og næstu skref

Staða kynjanna á málefnasviðinu er vissulega ólík. Ekki hefur verið talin þörf á sérstökum aðgerðum þar sem sá munur á kynjahlutfalli sem gögn sýna fram á er talinn óviðráðanlegur. Unnið er að samræmingu gagnagrunns- og upplýsingakerfa aðila er starfa við útlendingamál. Við val og innleiðingu nýs upplýsingakerfis verður tekið mið af og lögð áhersla á gott aðgengi að kyngreindum gögnum.

#### Stjórnarsáttmáli

Móta á skýra og heildstæða stefnu í málefnum útlendinga sem miðar að því að fólk sem sest hér að hafi tækifæri til aðlögunar og virkrar þátttöku í samfélaginu og á vinnumarkaði.

→ Í þeirri vinnu er mikilvægt að hafa í huga ólíka kynjasamsetningu og stöðu einstaklinga, m.a. eftir ástæðum komu og dvalar hér á landi, þannig að stefnan hafi ekki ótilætluð áhrif á jafnrétti og taki mið af ólíkum þörfum útlendinga.

## Samgöngu- og fjarskiptamál



### Samgöngur Málaflokkur 11.1

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Söfnun kyngreindra gagna í samgöngum hefur aukist á undanförunum árum. Má þar nefna ferðavenjukannanir, greiningar á vinnu- og skólasóknarsvæðum, félagshagfræðilega greiningu á innanlandsflugi auk sérstakra rannsókna og greininga sem tengjast jafnrétti í samgöngum og samgöngutengdum greinum. Í öllum þessum gögnum er mælanlegur kynjamunur.

Árið 2021 kom út skýrslan [Samgöngur og jafnrétti – stöðugreining](#) sem er jafnframt jafnréttismat samgönguáætlunar. Í skýrslunni eru dregnar saman niðurstöður um kynbundinn mun á notkun og stöðu kynjanna m.t.t. samgangna í víðum skilningi. Gerð var sjálfstæð kyngreinanleg könnun meðal fólks með bíllausan lífsstíl haustið 2019 með það að markmiði að varpa ljósi á ferðavenjur, þarfir og áhrif þess á daglegt líf að vera án bíls. Markmiðið var að skoða, auk kynbundinna þátta, almennt val á ferðamátum.<sup>11</sup> Niðurstöður skýrslunnar munu nýtast til grundvallar við gerð samgönguáætlunar, í fyrsta skipti sem svo er gert með formlegum hætti. Greiningarvinna skýrslunnar byggðist m.a. á samkeyrslu gagna úr opinberum gagnagrunnum enda leynast kyngreind gögn víða líkt og í grunnskrám Þjóðskrár Íslands, Samgöngustofu, Hagstofu Íslands, ríkisskattstjóra og ríkislögreglustjóra. Flestar greiningar hingað til hafa einblínt á mun karla og kvenna. Til framtíðar er mikilvægt að kynjagreining taki mið af fjölbreyttari skilgreiningu á kynvitund og að einnig verði varpað víðara ljósi á aðra samfélagshópa. Má þar nefna stöðu fatlaðs fólks.

#### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Umtalsverður kynjahall er í mörgum samgöngugreinum. Hann er hvað mestur í sjótengdum greinum og má nefna að konur eru innan við 1% skipstjórnarmanna. Staðan er betri í flugi. Hlutfallslega flestar konur starfa sem flugmenn og var hlutfall starfandi kvenflugmanna það hæsta í heiminum, eða 13%, hjá Icelandair árið 2019. Þörf fyrir aðgerðir er bersýnilega mikil enda hefur kynjahallinn víðtæk samfélagsleg áhrif. Greiningar benda til þess að helstu þröskuldar þess að konur sækji sér menntun á sviði samgöngugreina séu skortur á sterkum fyrirmyndum og að þessar greinar krefjist of langrar fjarveru frá heimili. Innviðaráðuneytið hefur hafið vinnu við að leita leiða til að hvetja konur til að hasla sér völl við fjölbreytt störf í samgöngum og að brjóta niður hefðbundna kynjamúra í samgöngugreinum. Sem dæmi má nefna átakið „Konur og siglingar“.

Greiningar gefa til kynna að kynbundin hlutverk og ábyrgð á fjölskyldu og heimilisstörfum og svokölluð „þriðja vakt“ hvíli mun meira á herðum kvenna. Birtingarmynd þessa í samgöngum er m.a. sú að konur ferðast að jafnaði fleiri og styttri ferðir en karlar. Líkleg skýring á því er að konur vinna oftast nær heimili, enda hefðbundin „kvennastörf“, s.s.

<sup>11</sup> Þorleifsdóttir, Á. & Sigurðardóttir, S. B. (2020, April 27-30). Gendered equity analysis of the Icelandic transport system. A guideline for policy makers. Transport Research Arena 2020, Helsinki, Finland. [https://www.researchgate.net/publication/344617494\\_Gendered\\_equity\\_analysis\\_of\\_the\\_Icelandic\\_transport\\_system\\_-\\_A\\_guideline\\_for\\_policy\\_makers](https://www.researchgate.net/publication/344617494_Gendered_equity_analysis_of_the_Icelandic_transport_system_-_A_guideline_for_policy_makers)


kennsla og umönnun, oft í boði í göngufjarlægð innan þéttbýliskjarna, og bera oftár ábyrgð á skutli. Raunveruleg vinnusóknarsvæði kvenna virðast minni en karla en kannanir sýna að konur veigra sér frekar en karlar við að ferðast á fjallvegum og í hættulegri færð. Fyrir byggðapróun er ljóst að huga þarf sérstaklega að þörfum kvenna við skipulag og forgangsröðun framkvæmda í samgöngum, sér í lagi í dreifðari byggðum. Þar undir fellur að skoða til hlítar ástæður þess hversu fáar konur keyra lengri vegalengdir til vinnu. Loks ber að nefna marktækan mun á öryggisupplifun kynjanna og mat á eigin færni við akstur sem aftur endurspeglast í miklum mun á tíðni og orsökum slysa.

### Hlutfall slasaðra og látinna í umferðinni eftir kyni 2003–2019

Ár	Látin		Alvarlega slösuð		Lítið slösuð	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK
Samtals	69%	31%	63%	37%	52%	48%

Karlar eru mun líklegri til þess að aka of hratt eða undir áhrifum áfengis eða vímuefna. Þannig hafa karlar borið ábyrgð í ríflega 70% hraðakstursbrota undanfarin tíu ár og 80% ölvunarakstursbrota. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá fjölda brota fyrir of hraðan akstur eftir kynjum á tímabilinu 2005–2020.

### Hlutfall hraðakstursbrota eftir kyni og árum



### Niðurstöður og næstu skref

Niðurstöður jafnréttisgreiningarinnar sýna fram á að kynjamunur leynist víða í samgöngumálum. Varpar það ljósi á mikilvægi þess að unnið sé að aðgerðum sem miða að því að jafna stöðu kynjanna þar sem það á við.

Jafnréttisgreiningin hefur dregið fram staðreyndir sem munu nýtast með viðtækum hætti í stefnumótun í samgöngumálum og hafa áhrif á mótun og forgangsröðun aðgerða. Telja má að bættar tengingar innan vinnusóknarsvæða, fækkun fjallvega og hættulegra vegkafla komi frekar til móts við þarfir kvenna. Þá er ljóst að rík þörf er á að móta átaksverkefni sem miða að því að draga úr áhættuhegðun karla í samgöngum, sbr. mynd og töflu sem fylgir hér með.

Í samgönguáætlun 2020-2024 er nú þegar verkefni sem miðar að því að efla hlut kvenna í siglingum og sjósókn en vegna heimsfaraldurs hefur verkefnið frestast. Þá er aukið jafnrétti í samgöngum eitt af lykilviðfangsefnum grænbókar um samgöngumál sem kom út haustið 2021. Í umfjöllun hér að ofan komu fram atriði, t.d. varðandi atvinnuþáttöku, öryggisupplifun og slysatölfræði, sem kalla á nánari greiningarvinnu og aðgerðir.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Stefnumótun og markmiðssetning í samgöngumálum birtist í samgönguáætlun sem endurspeglast svo í fjármálaáætlun. Mikilvægt er að tekið sé mið af kynja- og jafnréttis-sjónarmiðum við mótun samgönguáætlunar í samræmi við niðurstöður stöðuggreiningar og grænbókar.

### Stjórnarsáttmáli

Flyta á tilteknum þjóðhagslega arðsömum framkvæmdum til að bæta lífsgæði fólks og stækka atvinnu- og þjónustusvæði, auk þess að halda áfram uppbyggingu hágæða-almenningsgangna.

→ *Við forgangsröðun og útfærslu þessara verkefna er mikilvægt að hafa til hliðsjónar kynjuð samgöngumynstur.*

### Fjarskipti Málaflokkur 11.2

Undir málaflokkinn falla m.a. fjarskiptanet, en þó ekki efni sem sent er á fjarskiptanetum, fjarskiptaþjónusta, gagnaflutningar og fjarskiptarekstur, fjarskiptavernd, öryggi rafrænna samskipta og netöryggi. Málaflokkurinn hefur áhrif á notendur fjarskiptaþjónustu og fjarskiptafyrirtæki.

### Kyngreind tölfraeðigögn

Takmarkað hefur verið til af kyngreindum tölfraeðigögnum á þessu sviði, þar til nýverið. Í maí 2021 kom út skýrsla um samfélagsleg áhrif af verkefninu *Ísland ljóstengt 2016-2021*. Í þeirri skýrslu voru skoðuð gögn úr skoðanakönnunum, bæði íbúakannanir og fyrirtækjaskannanir, um land allt.<sup>12</sup>

Ýmsar tölfraeðiupplýsingar er að finna á vef Hagstofu Íslands, t.d. varðandi tölvukunnáttu, netkunnáttu, aðgang að tölvum og neti o.s.frv.

<sup>12</sup> [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/Skiol---Frettatengt/%C3%8D-sland%20lj%C3%B3stengt\\_sk%C3%BDrsla\\_vor2021.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/Skiol---Frettatengt/%C3%8D-sland%20lj%C3%B3stengt_sk%C3%BDrsla_vor2021.pdf)

Þá gefur Fjarskiptastofa út tölfraeðiskýrslur tvisvar á ári um íslenskan fjarskiptamarkað þar sem horft er á fastanetið, farsímanetið, internetið og veltu og fjárfestingu á fjarskiptamarkaði. Í þeirri skýrslu eru gögn ekki kyngreind. Ekki liggur fyrir niðurstaða um það hvort hægt sé að kyngreina þau gögn.

Loks má einnig nefna nýlegar kannanir á vegum fjölmiðlanefndar um miðlalæsi og notkun stafrænna samskiptamiðla, þar á meðal varðandi ýmsar ógnir á netinu, t.a.m. könnun um hatustal og neikvæða upplifun af netinu. Fjölmiðlanefnd heyrir undir menningar- og viðskiptaráðuneyti.<sup>13</sup>

### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Af ofangreindri skýrslu um samfélagsleg áhrif af verkefninu Ísland ljóstengt má ráða að uppbygging fjarskipta hefur að einhverju leyti ólík áhrif á kynin. Þer þar helst að nefna að bættar nettengingar auka byggðafestu kvenna umfram karla í dreifbýli. Einnig má sjá með tölfraeðilegri greiningu vísbendingar um að betri nettengingar í dreifbýli:

- Auki hamingju með marktækum hætti, en hverfandi lítill munur er á körlum og konum hvað þetta varðar.
- Styrki stöðu kvenna og karla á vinnumarkaði, stuðli að hækkun launa, auki atvinnuöryggi, atvinnuúrval og möguleika til eigin atvinnureksturs. Þessi áhrif eru líklegri til að nýtast konum betur en körlum, en þó síst hvað varðar úrval atvinnu.
- Dragi úr akstri vegna vinnu. Ekki var marktækur munur á konum og körlum í dreifbýli hvað þennan þátt varðar.
- Lækki framfærslukostnað og vöruverð og auki vöruúrval. Ekki var munur milli kvenna og karla að þessu leyti nema lítið eitt minni áhrif gagnvart konum er varðar vöruúrval.
- Auki möguleika til framhalds- og háskólanáms, sem og afþreyingarmöguleika. Áhrifin eru meiri í tilfalli kvenna hvað varðar möguleika til framhaldsnáms, en sambærileg milli kynjanna að öðru leyti.

Þá er athyglisvert að af niðurstöðum skýrslunnar má ráða að í sumum flokkum skáru innflytjendur sig úr. Vísbendingar fundust fyrir því að betri nettengingar dragi marktækt úr áformum innflytjenda um að flytja brott frá þeim stað sem þeir búa, og eru þessi áhrif nærri eins sterk og hjá innfæddum. Betri nettengingar auka hamingju innflytjenda með marktækum hætti og eru áhrifin meiri á innflytjendur en innfædda. Meiri áhrifa gætti varðandi innflytjendur varðandi aukið vöruúrval en hjá innfæddum. Loks hafa bættar nettengingar aukið möguleika fólks af erlendum uppruna til náms, sérstaklega framhaldsnáms, og bætt afþreyingarmöguleika þess og aðgengi að menningarviðburðum.

<sup>13</sup> <https://fjolmidlanefnd.is/wp-content/uploads/2021/11/Hluti-3-Hatursordraeda-og-neikvaed-upplifun-af-netinu-copy.pdf>

Fjarskiptaregluverkið tekur almennt bara til fjarskiptanna sjálfra en ekki efnis á fjarskiptanetum. Vert er þó að nefna að samkvæmt könnunum á vegum fjölmiðlanefndar um miðlælæsi og notkun stafræna samskiptamiðla, þar á meðal varðandi ýmsar ógnir á netinu, t.a.m. könnun um haturstal og neikvæða upplifun af netinu, kemur skýrlega fram nokkur munur á upplifun kynjanna varðandi ógnir vegna notkunar á netinu. Sem dæmi voru stúlkur á aldrinum 15-17 ára sá hópur sem var langlíklegastur til þess að hafa upplifað að vera þvingaður til að senda af sér myndir eða aðrar persónulegar upplýsingar, auk þess sem stúlkur í þessum aldurshópi voru líklegastar til að hafa lent í því að myndir eða myndskreið af þeim voru birt á netinu í óþökk þeirra. Þá eru konur einnig líklegri en karlar til að telja að þeim myndi reynast frekar eða mjög erfitt að kljást við slíkar aðstæður. Karlar voru heldur líklegri en konur til þess að segjast hafa upplifað hatursfull ummæli, háðung eða ögrun í umræðum/athugasemdum og hótanir um ofbeldi.

### Niðurstöður og næstu skref

Áður hafa afar takmörkuð gögn legið fyrir um kynjasjónarmið á sviði fjarskipta en nú liggja fyrir ný gögn sem gefa vísbendingar um stöðu mála á þessu sviði. Flest bendir til þess að málaflokkurinn hafi lítil kynja- og jafnréttisáhrif hvað varðar aðgengi, m.t.t. þess að almennt er aðgengi að fjarskiptaþjónustu afar gott. Þrátt fyrir að í fyrstu mætti telja að fjarskipti skiptu jafn miklu máli fyrir öll kyn er ljóst að einhver munur er á milli kynjanna hvað varðar áhrif af bættum nettengingum í dreifbýli, og af því má ætla að hið sama eigi við um fjarskipti almennt.

Ekki er talin þörf á sérstökum aðgerðum til að stuðla að jafnrétti á sviði fjarskipta, þar sem munur á milli kynja er lítill, og áhrif eru jákvæð á öll kyn. Þó eru tækifæri til úrbóta í málaflokknum er varðar söfnun og greiningu kyngreindra gagna með það að markmiði að stuðla að jafnrétti. Auknar rannsóknir á jafnrétti innan málaflokks fjarskipta og aukið aðgengi að gögnum myndi vissulega gefa greinarbetri mynd af núverandi stöðu. Þannig er lagt til að kannað verði hvort tölfræðiskýrslur Fjarskiptastofu hafi að geyma gögn sem gætu nýst varðandi kortlagningu kynjasjónarmiða.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Horft verður til kynjasjónarmiða við gerð nýrrar fjarskiptaáætlunar árið 2022. Einnig þykir rétt að kynjasjónarmið sem byggja á niðurstöðum kannana fjölmiðlanefndar um ógnir á netinu verði höfð í huga í tengslum við mótun netöryggisstefnu og verkefna sem ætlað er að stuðla að bættu netöryggi.

### Stjórnarsáttmáli

Tryggja á áframhaldandi uppbyggingu háhraðaneta þar sem markaðsaðilar sinna ekki þeirri þjónustu eða öryggissjónarmið krefjast þess.

*→ Líkt og fram kemur hér að ofan auka bættar nettengingar byggðafestu kvenna umfram karla í dreifbýli, auk þess að hafa meiri áhrif á konur hvað varðar atvinnuöryggi þeirra, atvinnuúrval og möguleika til eigin atvinnureksturs.*



## Landbúnaður



### Stjórnun landbúnaðar og rannsóknir, þróun og nýsköpun í landbúnaði

Málaflokkar 12.1 og 12.2

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Á síðasta ári opnaði [mælaborð landbúnaðarins](#) en þar má finna gögn og upplýsingar um landbúnað og matvælaframleiðslu á sviði landbúnaðar á Íslandi og eru þau kyngreinanleg að hluta til, þ.e. varðandi skráða eigendur búfjár og viðtakendur styrkja í landbúnaði. Hægt er að nýta mælaborðið til að miðla upplýsingum um jafnrétti innan landbúnaðar samhliða því að afla betri kyngreinanlegra tölfraeðigagna.

#### Kynjasjónarmið

Það er áskorun að átta sig á stöðu kynjanna innan frumframleiðslu landbúnaðarins út frá þeim gögnum sem til eru. Opinber tölfraeðigögn gefa ekki alltaf rétta mynd af stöðu kvenna í frumframleiðslu landbúnaðar, m.a. vegna þess að starfsframlag kvenna er í mörgum tilfellum hvergi skráð í opinberum gögnum.

Þau tölfraeðigögn sem eru til staðar gefa ákveðna mynd af stöðu kvenna og samkvæmt þeim mætti draga þá ályktun að frumframleiðsla landbúnaðar væri karllæg atvinnugrein og að konur væru minna sýnilegar innan hennar. Á mælaborði landbúnaðarins eru birtar upplýsingar um upphæð stuðningsgreiðslna samkvæmt búvörusamningum eftir kynjum. Einnig má finna þar upplýsingar um búfjäreigendur/umráðamenn búa eftir kynjum. Samkvæmt þessum gögnum er þáttur karla töluvert meiri í frumframleiðslu landbúnaðar en kvenna. Rétt er að taka fram að það verður sífellt algengara að bú séu rekin sem lögaðilar í stað einyrkjarekstrar og með því verður greining á kynjaskiptingu erfðari, en fyrir liggur að þar sem skráningin er á einstaklingskennitölu hallar verulega á konur. Ekki hefur farið fram greining á eigendahópi lögaðila í búrekstri og þ.a.l. liggur ekki fyrir hvort sá hópur er öðruvísi samsettur m.t.t. kynjaskiptingar.

Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands hefur hlutfall kvenna af þeim sem starfa í frumframleiðslu landbúnaðar verið að meðaltali um 30% undanfarin ár og hefur ekki mikil breyting orðið þar á. Þegar umsóknir um nýliðunarstuðning landbúnaðarins samkvæmt

búvörusamningum eru skoðaðar má sjá að meiri hluti umsækjenda er karlar, eða 36 karlar, en 15 konur árið 2020 samanborið við 29 karla og 14 konur sem sóttu um árið 2017. Byggðastofnun birtir í ársskýrslu sinni upplýsingar um lánveitingar stofnunarinnar en útlán til landbúnaðar og ferðaþjónustu vega langþyngst í lánasafni stofnunarinnar. Árið 2020 voru 10% umsókna frá konum en langflestar lánsbeiðnir eru frá aðilum þar sem karlar og konur koma að rekstri, eða um 60% umsókna.

Matvælasjóður var stofnaður árið 2020 og eru tölfraeðigögn um úthlutanir sjóðsins kyngreinaleg. Við síðustu úthlutun voru 64 umsóknir samþykktar. Þar af voru 34 verkefnastjórar (umsækjendur) konur og 30 karlar. Þá voru útskrifaðir nemendur frá Landbúnaðarháskóla Íslands um 67% konur árið 2021. Þessi gögn gefa vísbendingar um að þáttur kvenna sé vaxandi innan atvinnugreinarinnar.

Líkt og í fyrri skýrslum hefur sjónum hér einkum verið beint að stöðu kynjanna í frumframleiðslu landbúnaðar. Það þarf hins vegar að horfa á atvinnugreinina út frá víðara sjónarhorni og þá einnig til stöðu jafnréttis á meðal nýsköpunarfyrirtækja og frumkvöðla í landbúnaði, smáframleiðenda, og annarra aðila í matvælaframleiðslu á sviði landbúnaðar

### Niðurstöður og næstu skref

Þau opinberu gögn sem aðgengileg eru gefa til kynna að staða kynjanna innan atvinnugreinarinnar sé ekki jöfn. Gögnin gefa ákveðna mynd af stöðu kvenna en segja ekki endilega alla söguna. Sýnileiki kvenna í landbúnaði hefur aukist og hlutur kvenna er vaxandi á ákveðnum sviðum landbúnaðarins. Má þar nefna sem dæmi að í dag eru fleiri konur framkvæmdastjórar, formenn eða stjórnarmenn hagsmunasamtaka í landbúnaði en áður.

Líkt og fram hefur komið er skortur á tölfraeðigögnum og greiningum sem varpa ljósi á raunverulega stöðu jafnréttis í landbúnaði á Íslandi. Matvælaráðuneytið telur mikilvægt að þau gögn sem nauðsynleg eru til að geta lagt rétt mat á stöðu kynjanna séu til staðar og mun kortleggja hvaða gagna þarf að afla og hvaða greiningar þarf að gera til að gefa sem skýrasta mynda af stöðu kynjanna innan atvinnugreinarinnar í heild.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Nú er unnið að útfærslu og síðar innleiðingu aðgerða í tengslum við Matvælastefnu og fyrir liggja tillögur að Landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Matvælaráðuneytið leggur mikla áherslu á að hugað sé að jafnréttissjónarmiðum í þessari vinnu sem og öðrum verkefnum ráðuneytisins.

### Stjórnarsáttmáli

Styrkja á og fjölga stöðum landbúnaðar auk þess að ýta undir framtak og frumkvæði bænda með fræðslu, ráðgjöf, þróun og nýsköpun.

→ *Slíkar áherslubreytingar geta orðið til að breyta aðstæðum og samsetningu í hópi framleiðenda og því mikilvægt að kynja- og jafnréttissjónarmið verði sérstaklega skoðuð. Byggja má á fyrirliggjandi þekkingu á þessu sviði í tengslum við t.d. byggðamál, nýsköpun og atvinnuuppbyggingu.*

## Sjávarútvegur og fiskeldi



### Stjórnun sjávarútvegs og fiskeldis og rannsóknir, þróun og nýsköpun í sjávarútvegi Málaflokkar 13.1 og 13.2

#### Kyngreind tölfræðigögn

Ýmissa gagna hefur verið aflað á málefnasviðinu og eru þau að hluta til kyngreinanleg. Á undanförunum árum hafa verið gerðar rannsóknir sem gefa vísbendingu um stöðu kynjanna í sjávarútvegi. Að grunni til er staðan þó að mestu óbreytt frá [stöðuskýrslu 2021](#) og áskoranirnar snúa áfram að því að gögn, hvort sem þau eru bein eða afleidd, eru oft ekki kyngreinanleg eða erfitt er að draga kyngreininguna fram úr fyrirbyggjandi gögnum. Þó gefa nýlegar rannsóknir betri vísbendingu um stöðuna. Engu að síður þarf áfram að meta hvernig best er að bregðast við áskorunum.

#### Kynjasjónarmið

Ljóst þykir að töluvert ójafnvægi er á stöðu kynjanna í sjávarútvegi. Ein birtingarmynd þessa ójafnvægis er sú að hlutfall kvenna sem stjórnenda í greininni er enn mun lægra en karla eins og kemur fram í nýlegri könnun þar sem innan við fjórðungur fyrirtækja hafði kvenkyns framkvæmdastjóra og aðeins um 17% höfðu konu sem æðsta stjórnanda. Í þessu er sjávarútvegur ekki mjög frábrugðinn mörgum öðrum starfsgreinum sem einnig eiga enn langt í land með að jafna hlut kynjanna í stjórnunarstöðum.

Fyrirliggjandi töluleg gögn um kynjahlutfall í sjávarútvegi er einkum að finna í vinnu- markaðsgögnum Hagstofu Íslands og þar kemur fram að hlutur kvenna við fiskveiðar á árinu 2020 er aðeins um 10,3% af þeim sem hafa fiskveiðar að aðalstarfi og er þetta hlutfall tvöfalt hærra en það sem var á árinu 2019. Hins vegar er staðan nær óbreytt milli ára hvað fiskiðnað varðar þar sem fjöldi karla með aðalstarf í fiskiðnaði er um 58% á móti 42% kvenna og er þetta hlutfall nær óbreytt frá fyrra ári. Hins vegar gefa þessi tölulegu gögn ekki upplýsingar um kynjahlutföll í ýmsum öðrum störfum innan sjávarútvegs og tengdum greinum þar sem slík störf eru ekki alltaf skilgreind sérstaklega sem störf í sjávarútvegi enda hefur eðli starfa í sjávarútvegi verið að breytast með aukinni tæknivæðingu og sjálfvirkni í greininni. Óskað hefur verið eftir því að Hagstofa Íslands vinni jafnframt vinnu- markaðsgögn fyrir fiskeldi, þ.e. aðskilji fiskeldi frá fiskveiðum, til þess að unnt sé að meta fjölda starfandi í fiskeldi og þar með hlut kvenna. Þá má nefna að fiskeldisfyrirtækin hafa í einhverjum tilvikum tekið saman upplýsingar um hlutfall kvenna í þeirra fyrirtækjum. Í skýrslu Arnarlax frá árinu 2020 kemur fram að af 110 starfsmönnum fyrirtækisins árið 2020 hafi 24% verið konur. Hjá Fiskeldi Austfjarða starfaði 51 starfsmaður árið 2020 og þar af voru 11% konur, sbr. ársskýrslu fyrirtækisins fyrir árið 2020.

Þegar gögn Hagstofu Íslands um brautskráningar úr almennu námi og starfsnámi á framhaldsskólasviði eftir námsbrautum sem tengjast beint sjávarútvegi eru skoðuð kemur í ljós að samandregið hlutfall karla milli árana 2018-2019 og 2019-2020 fyrir námsbrautir í vélstjórn, fiskvinnslu, netagerð og skipstjórn hefur lækkað úr því að vera 95,1% niður



í 89,2%. Engu að síður er ljóst að enn er töluvert ójafnvægi í brautskráningum sem síðar getur leitt af sér ójafnvægi í kynjahlutföllum innan sjávarútvegs á þessum sviðum. Á háskólastigi hefur kynjahlutfall skráðra nemenda í sjávarútvegsfræði hérlendis verði mun jafnara þar sem konur eru um 43% nemenda á árinu 2019 og hefur fjölgað um tæp 5% frá 2018.

Ekki liggja fyrir nákvæmar kyngreinanlegar upplýsingar um styrkveitingar til verkefna í sjávarútvegi en vísbendingar eru um að ójafnvægi hafi aukist í styrkveitingum innan sviðsins. 64,3% styrkúthlutana Matvælasjóðs í flokki sem kallast Bára og tengist beint og óbeint verkefnum í sjávarútvegi fóru á árinu 2020 til verkefna sem leidd voru af körlum og 21,4% til verkefna sem leidd voru af konum. Í 14,3% tilvika voru verkefnin leidd af körlum og konum. Nær sama hlutfall var á þeim fjárveitingum sem veittar voru en þó fengu verkefni sem leidd voru af konum aðeins hærra hlutfall af fjármagninu (22,1%) en þær fengu sjálfar af heildarfjölda verkefna. Þess ber þó að geta að fyrir stærri verkefni til fyrirtækja er kyngreinanleg tölfræði ekki til staðar. Tveir sjóðir eru starfræktir í fiskeldi, Umhverfissjóður sjókvíaeldis og Fiskeldissjóður. Gerðir voru 13 samningar í kjölfar úthlutunar úr Umhverfissjóði sjókvíaeldis fyrir árið 2021. Í fimm þeirra var gerð grein fyrir því að líklegt væri að fleiri störf sköpuðust fyrir karla en konur, í einum samningi var talið líklegt að fleiri störf sköpuðust fyrir konur og í sjö tilvikum var talið líklegt að jafn mörg störf sköpuðust fyrir konur og karla. Ekki hefur verið unnin kyngreinanleg tölfræði varðandi úthlutun úr Fiskeldissjóði fyrir árið 2021.

Um 82,2% starfa í fiskveiðum og fiskiðnaði eru utan höfuðborgarsvæðisins og er það hlutfall óbreytt frá fyrra ári. Ólík hlutverk kynjanna, menntun og íbúasamsetning getur því haft áhrif á atvinnutækifæri kvenna í sjávarútvegi og fiskeldi og þar með haft áhrif á byggðapróun.

Könnun sem framkvæmd var af Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) í desember 2021 gefur þá gleggri mynd af stöðu kvenna í sjávarútvegi og mati á þeim skrefum sem einstök fyrirtæki í úrtaki könnunarinnar eru að vinna að til að koma til móts við jafnréttis-sjónarmið í sjávarútvegi. Í áður nefndri könnun kemur í ljós að meiri hluti svarenda telur að markvisst sé unnið að eflingu hæfni og þekkingar kvenna á vinnustaðnum og mikill meiri hluti telur að tækifæri til starfsframa séu óháð kyni.

**Niðurstöður og næstu skref**

Eins og að framan greinir þá benda fyrirbyggjandi gögn til þess að enn sé verulegt ójafnvægi almennt á milli stöðu kynja í sjávarútvegi. Þrátt fyrir nýlega könnun RHA ná opinberar tölfræðilegar upplýsingar ekki nægilega vel yfir kynjaskiptingu í störfum í sjávarútvegi. Vegna þessa er brýnt að bæta upplýsingaöflun hvað slíkt varðar. Vegna þeirra breytinga sem eiga sér stað á tegund og eðli starfa í sjávarútvegi þarf að bregðast við með aukinni gagnaöflun og skilgreiningum þannig að tölulegar upplýsingar séu til staðar til að meta betur stöðuna og bregðast við. Jafnframt er mikilvægt að safnað verði gögnum um kynjaskiptingu í fiskeldi.

**Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Svigrúm er til úrbóta í málaflöknum er varðar markmið um jafnrétti. Auknar rannsóknir á jafnrétti innan atvinnugreinarinnar og aukið aðgengi að gögnum gæfi betri mynd af núverandi stöðu og auðveldaði markmiðssetningu fyrir jafnrétti í málaflöknum.

**Stjórnarsáttmáli**

Í stjórnarsáttmála er gert ráð fyrir að kortleggja áskoranir og tækifæri í sjávarútvegi og tengdum greinum og leggur matvælaráðherra áherslu á að ákvarðanir um nýtingu lífandi auðlinda taki mið af samfélagsgæðum, jöfnuði óháð efnahag, kyni, uppruna og búsetu, og að hagar heildarinnar í efnahagslegu tilliti sé hafður að leiðarljósi. Einnig á að stuðla að nýsköpun í sjávarútvegi og tengdum greinum með öflugum stuðningsumhverfi. Loks er í stjórnarsáttmála gert ráð fyrir að mótuð verði heildstæð stefna um uppbyggingu, umgjörð og gjaldtöku í fiskeldi.

→ *Leita þarf leiða til að jafna kynjahlutföll frumkvöðla, m.a. með það í huga að auka atvinnutækifæri kvenna í dreifðari byggðum. Þá er mikilvægt að greining á stöðu og tækifærum á sviði fiskeldis taki mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum sem skipta hvað mestu máli við þróun og uppbyggingu atvinnugreinarinnar.*

# Ferðapjónusta



## Ferðapjónusta Málaflokkur 14.1

### Kyngreind tölfraeðigögn

Gögn í ferðapjónustu eru aðeins kyngreind að takmörkuðu leyti. Kyngreind tölfraeðigögn er þó hægt að finna hjá Hagstofu Íslands, Ferðamálastofu, Mælaborði ferðapjónustunnar, Rannsóknamiðstöð ferðamála og Vinnumálastofnun, auk kannana sem gerðar hafa verið á vegum ASÍ um starfsfólk af erlendum uppruna í ferðapjónustu. Ferðamálastofa stendur fyrir könnun meðal erlendra ferðamanna í samvinnu við Hagstofu Íslands en markmiðið með henni er að afla tölfraeðilegra upplýsinga til að geta gefið skýra mynd af atferli og viðhorfum ferðamanna á Íslandi. Heildarniðurstöður kannana eru m.a. birtar eftir kynjum.

Ferðamálastofa hefur eftir fremsta megni kyngreint umsóknir og úthlutanir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða en sökum þess hversu stór hluti umsókna og úthlutana er til og frá sveitarfélögum skapast ákveðið flækjustig þar sem ekki er um einstaklinga að ræða. Skoða mætti hvort þörf sé á að breyta umsóknareyðublaði sjóðsins í því skyni að fá betri kyngreind gögn.

### Kynjasjónarmið

Íslenskur vinnumarkaður er lagskiptur, og ferðapjónusta þar með talin, þar sem konur af erlendum uppruna eru í yfirgnæfandi meiri hluta þeirra sem sinna láglaunastörfum. Ferðapjónusta er mannaflsrek atvinnugrein þar sem einkum starfar ósérhæft starfsfólk sem er oft í neðstu þrepum launastigans. Mörg starfanna bjóða að takmörkuðu leyti upp á starfsþróun sem hefur bein áhrif á félagslega þróun og stöðu.

Ferðapjónustunni var fyrst og fremst gert kleift að vaxa hételendis vegna mikillar fjölgunar erlends vinnuafls. Sami hópur er nú berskjaldaður fyrir neikvæðum áhrifum af hruni ferðapjónustunnar í kjölfar útbreiðslu COVID-19 ([Alþýðusamband Íslands](#)). Á árinu 2020 höfðu 19.500 manns atvinnu af ferðapjónustu og tengdum greinum, 11.300 karlar og 8.200 konur. Árið 2020 var hefðbundið atvinnuleysi 7,9% að meðaltali og var það jafnt meðal karla og kvenna en flestir sem misstu vinnuna á árinu 2020 voru í ferðatengdri starfsemi eða alls 7.280 manns sem voru um 83% af öllum hópuppsögnum ([Vinnu-  
málastofnun](#)).

### Niðurstöður og næstu skref

Þörf er á gagnaöflun og rannsóknnum til að leggja grunn að skilvirkri stefnumörkun og ákvarðanatöku stjórnvalda. Áhugavert væri að skoða nánar hvaða afleiðingar COVID-19 hefur haft á ferðapjónustuna og hvort þær séu ólíkar á milli kynjanna.

Tvær rannsóknaráætlanir á grundvelli reglugerðar um gagnaöflun og rannsóknir á sviði ferðamála hafa verið samþykktar af ráðherra og gert er ráð fyrir að niðurstöður rannsókna muni nýtast við jafnréttismat.



Áhugavert væri að skoða hvort hægt sé að kyngreina gögn um öryggi í ferðapjónustu, þá bæði hvað varðar öryggi starfsmanna í greininni og öryggi ferðamanna.

#### **Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Gagnaöflun miðast við að viðhalda markmiðum og mælikvörðum fjármálaáætlunar. Skoða mætti mælikvarðana um ánægju með fjölda ferðamanna í heimabyggð og ánægju starfsfólks í ferðapjónustu út frá kynjahlutföllum.

#### **Stjórnarsáttmáli**

Fylgja á eftir framtíðarsýn á ferðapjónustu með aðgerðaáætlun. Lögð verður áhersla á að ferðapjónusta á Íslandi sé arðsöm og samkeppnishæf atvinnugrein í sátt við náttúru, íslenska menningu og tungu. Styðja á við frekari dreifingu ferðamanna um landið allt árið um kring til að efla atvinnusköpun og rekstrargrundvöll ferðapjónustufyrirtækja.

→ Í allri þessari vinnu er mikilvægt að horfa til kynja- og margbreytileikasjónarmiða, sérstaklega m.t.t. til sköpunar starfa í ferðapjónustu og þeirra sem sinna þeim.

## Orkumál



### Stjórnun og þróun orkumála Málaflokkur 15.1

#### Kyngreind tölfræðigögn


Takmörkuð kyngreind tölfræðigögn liggja fyrir um orkumál almennt. Undir orkumál falla raforka, hitaveita og eldsneyti. Fjöldi fyrirtækja starfar á sviði orkumála með einum eða öðrum hætti. Kallað hefur verið eftir kyngreindum tölfræðigögnum hjá fyrirtækjum í orkugeiranum, m.a. með fyrirspurnum til Samorku (samtök orku- og veitufyrirtækja). Fyrir liggja tölfræðigögn frá félaginu Konum í orkumálum, sjá nánar neðangreint. Til eru uppfærð kyngreind tölfræðigögn um umsóknir og styrkveitingar úr Orkusjóði. Aðrir sjóðir á vegum stjórnvalda eru ekki undir málefнасviðinu.

#### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Orka hefur áhrif á líf allra landsmanna og er hluti af grunninnviðum samfélagsins með sambærilegum hætti og vatn, vegir og fjarskipti. Í orkumálum eru ýmsar áskoranir og tækifæri til úrbóta þegar kemur að kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Mikið hefur þó áunnist á undanförunum árum í þeim efnum og má þar t.d. nefna að jöfn kynjahlutföll eru í stjórnnum stærstu orkufyrirtækja landsins og á stjórnendastigi. Þekkt sjónarmið geta haft áhrif á stöðu kynjanna undir þessu málefнасviði, t.d. ólík störf karla og kvenna og launamunur. Störf innan orkugeirans hafa oft falist í framkvæmdum á sviði hitaveitu eða rafveitu, framleiðslu, flutningi og dreifingu á heitu vatni eða raforku. Sögulega séð hafa þetta verið karllæg störf. Það er þó að breytast ef horft er til þróunar kynjahlutfalls innan stærstu orkufyrirtækjanna (sbr. Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Landsnet, RARIK, HS Orku og HS Veitur). Brjóta þarf niður kynjaðar staðalmyndir á þessu sviði.

Samkvæmt [nýrri skýrslu Kvenna í orkumálum](#) frá desember 2021 eru þessi hlutföll sem hér segir í dag, ásamt upplýsingum um þróun frá 2019:

#### Hlutfall kvenna innan íslenskra orkufyrirtækja



Framangreind hlutföll eru talsvert hærrí á Íslandi en meðal orkufyrirtækja í Evrópu. Þar er hlutfall kvenkyns stjórnarmanna 25% og yfirmanna 20%.

Skýrslan frá 2021 sýnir bæði jákvæða og neikvæða þróun. Í henni kemur m.a. fram að á tveimur árum hefur kvenkyns framkvæmdastjórum í orkugeiranum fjölgað um 10% og að 58% stjórnarformanna orkufyrirtækja eru nú konur. Hlutfall kvenna í stöðum forstjóra, deildarstjóra og meðstjórnenda lækkar, en á sama tíma fjölgar konum í almennum stöðugildum í orkugeiranum á Íslandi og er hlutfallið nú 27%. Ákvörðunarvald liggur hjá konum í 36% tilfella í orkugeiranum hér á landi, samanborið við 30% í fyrstu skýrslunni sem kom út.

Sem fyrr er það stórt verkefni að jafna hlut kvenna í almennum stöðugildum í íslenska orkugeiranum. Athygli vekur að konur eru aðeins 8% forstjóra í orkugeiranum á Íslandi, eða ein kona hjá þeim tólf fyrirtækjum sem liggja til grundvallar skýrslunni.

Umræddar skýrslur Kvenna í orkumálum sem koma út á tveggja ára fresti veita aðhald í þessum málaflokk og eru hvatning til fyrirtækja í geiranum til að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að leiðrétta kynjahlutfall á þessu sviði. Aukin fjölbreytni leiðir til betri stjórnunar og ákvarðanatöku.

Ef horft er til starfsaldurs er hlutfall kvenna hagstæðara meðal þeirra sem hafa unnið þrjú ár eða skemur (hlutfall kvenna er þar hærra en hlutfall karla), á meðan öðru gegnir sé horft til lengri starfsaldurs. Er það í samræmi við breytta tíma og aukna hvatningu til kvenna til að sækja um störf innan orkugeirans (má hér benda á starfsauglýsingar Orkuveitu Reykjavíkur, Landsvirkjunar, Landsnets og Orkustofnunar).

Orkusjóður er samkeppnissjóður sem auglýsir styrki sem ætlað er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkuauðlinda landsins, einkum til aðgerða er miða að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka nýtingu á innlendum endurnýjanlegum orkugjöfum. Kyngreindar umsóknir til Orkusjóðs og styrkir úr Orkusjóði frá 2017 eru sem hér segir (hlutföll):

Umsóknir	2017	2018	2019	2020	2021
Konur	10%	17%	4%	22%	16%
Karlar	90%	83%	96%	78%	84%
Styrkt verkefni	2017	2018	2019	2020	2021
Konur	0%	17%	0%	26%	16%
Karlar	100%	83%	100%	74%	84%



Kynjahlutfall umsókna og styrkja úr Orkusjóði sveiflast talsvert á milli ára. Því hefur verið beint til Orkusjóðs að gæta að kynjasjónarmiðum í starfsemi sjóðsins, m.a. við gerð auglýsinga fyrir styrki úr sjóðnum.

#### **Niðurstöður og næstu skref**

Málaflokkurinn getur stutt betur við markmið um jafnrétti kynja. Í alþjóðlegum samanburði er hlutfall kvenna meðal stjórnenda og stjórnarmanna í orkufyrirtækjum hér mun hærra en annars staðar í Evrópu og hefur farið ört hækkandi undanfarin ár eins og gögn sýna. Hlutfall nýrra starfsmanna orkufyrirtækja er hærra meðal kvenna en karla.

#### **Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Áherslur og ný útgjöld í fjármálaáætlun snúa að úrbótum á innviðum í dreifikerfi raforku og jöfnun á dreifkostnaði raforku í dreifbýli. Áhugavert væri að skoða kynjasjónarmið vegna úrbóta á innviðum í dreifbýli en þar búa almennt fleiri karlar og atvinnutækifæri eru oft einhæfari en gengur og gerist í þéttbýli. Til að viðhalda búsetu í dreifðari byggðum er því mikilvægt að aðgerðir stjórnvalda taki mið af þörfum allra kynja. Úrbætur á innviðum í dreifikerfi raforku og jöfnun á dreifkostnaði raforku í dreifbýli geta þar haft kynjuð áhrif sem þyrfti að greina.

#### **Stjórnarsáttmáli**

Áhersla er lögð á sátt um nýjar virkjanir og uppbyggingu græns og kolefnahlutlauss samfélags. Meðal þess sem taka á mið af eru þarfir grænnar atvinnuuppbyggingar.

*→ Í því samhengi er einnig vert að huga að hvers konar störf skapast þar, hvar þau verða unnin og af hverjum.*

## Markaðseftirlit og neytendamál



### Markaðseftirlit og neytendamál Málaflokkur 16.1

Undir málaflokkinn fellur samkeppniseftirlit, eftirlit með fjármálastarfsemi og eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu auk neytendaverndar.

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Takmörkuð kyngreind tölfraeðigögn liggja heildstætt fyrir um málaflokkinn og engin gögn hafa bæst við frá síðasta mati. Einhver kyngreind gögn eru til um þau sem senda erindi til eftirlitsstjórnvalda eða kvarta til úrskurðarnefnda en þau eru ekki tekin saman með skipulegum hætti. Ástæða getur verið til að kyngreina erindi til eftirlitsstjórnvalda og úrskurðarnefnda sem og úrlausnir þeirra.

Víða er þó að finna aðgengilegar upplýsingar sem nýtast t.d. við mat á jafnréttisáhrifum mála sem snerta málefnasviðið. Má í þessu samhengi sérstaklega nefna vefinn tekju-sagan.is. Þá liggja fyrir ýmis gagnleg kyngreind gögn hjá stjórnvöldum, t.d. ríkisskattstjóra. Til að varpa enn betra ljósi á kynjasjónarmið á málefnasviðinu kæmu að góðum notum tölulegar upplýsingar frá atvinnulífnum, t.d. um kynjaskiptingu stjórnenda í fyrirtækjunum og jafnvel viðskiptavina. Þá gætu upplýsingar um neyslumynstur kynjanna veitt mikilvæga innsýn í áhrif markaðseftirlits á kynin.

#### Kynjasjónarmið

Ýmis atriði geta haft áhrif á stöðu kynjanna á málefnasviðinu, t.d. að konur og karlar eru ólíkir neytendur, sinna ólíkum störfum og hafa ólíkar ráðstöfunartekjur. Varðandi markaðseftirlit og neytendamál kunna konur og karlar að leita í ólíkum mæli til eftirlitsstofnunar með úrlausn mála og haga sér ólíkt sem virkir neytendur.

Í atvinnulífnum, og kannski fjármálageiranum sérstaklega, hefur verið vakin athygli á því að karlar séu í meiri hluta þeirra sem gegna ábyrgðarstöðum og því hefur eftirlit mögulega meiri áhrif á starf þeirra. Tekjur karla og eignir eru jafnframt meiri en kvenna og því getur breytt umhverfi á fjármálamarkaði haft meiri áhrif á þá, t.d. með breytingum á fjárfestingarumhverfi.

#### Niðurstöður og næstu skref

Mikilvægt er að markmiðssetning í málaflokknum taki mið af kynjagreiningu og áhrifum markmiða og aðgerða á ólík kyn. Afla þarf betri tölfraeðilegra gagna með kyngreindu niðurbroti.

#### Stjórnarsáttmáli

Meginmarkmið aðgerða á sviðinu er að styrkja samkeppni innanlands, tryggja stöðu neytenda betur í nýju umhverfi netviðskipta og efla alþjóðlega samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs.

→ Aukin samkeppni getur verið til að bæta aðgengi nýrra aðila að mörkuðum og auka fjölbreytni fyrirtækja, m.a. m.t.t. kyns.

# Umhverfismál



## Málefнасvið umhverfismála

Málefnasvið umhverfismála snýr að málaflokkum sem hafa það að meginmarkmiði að vernda umhverfi og náttúru, stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi umhverfismála, s.s. loftslagsmála.

Umhverfis- og jafnréttismál eru nátengd að mörgu leyti og hefur góður árangur í hvorum málaflokki fyrir sig jafnan jákvæð áhrif á hinn. Ein helsta áskorunin við að meta áhrif á jafnrétti í umhverfismálum er að bein áhrif aðgerða og ákvarðanatöku í málaflokknum á fólk eru oft óljós. Til þess að fá betri og heildstæðari yfirsýn yfir áhrifin þarf að horfa með beinum og óbeinum hætti til áhrifa framkvæmda, aðgerða og verkefna staðbundið sem og í alþjóðlegu samhengi.

Heilt yfir skortir enn kyngreind tölfraeðigögn fyrir málaflokka, málefni, megináætlanir og helstu verkefni innan málefnasviðsins. Bæta þarf öflun og aðgengi að kyngreindum gögnum og stuðla að gerð frekari rannsókna á stöðu kynjanna innan málefnasviðs umhverfismála.

## Náttúruvernd, skógrækt og landgræðsla Málaflokkur 17.1

Helstu verkefni málaflokksins miða að bætingu ástands náttúruverndar-svæða og auknu umfangi uppgræðslu og endurheimtar vistkerfa og nýskógræktar.

### Kyngreind tölfraeðigögn

Niðurstöður verkefnisins [Kyn og loftslag](#) frá árinu 2013 sýndu fram á kynjahalla í samningum um skógrækt á lögbýlum þar sem bújarðir eru oftast skráðar á karla. Leiða má líkum að því að raunverulegt vinnuframlag og/eða eignarhald kvenna í þessum málaflokki sé vanskráð í opinberum gögnum. Það er því áskorun að átta sig á því hvernig kynjahlutföllin eru í raun út frá þeim gögnum sem eru til staðar þrátt fyrir að það liggja fyrir að kynjahalli sé til staðar við úthlutun fjármuna. Sem dæmi hafa stuðningsgreiðslur í verkefninu Skógrækt á lögbýlum í flestum tilfellum aðeins verið skráðar á einn eiganda lögbýlisins, þ.e. ef hjón eða sambýlisfólk deilir eignarhaldi lögbýlis haldast greiðslur ekki í hendur við þinglýst eignarhald heldur ráðast af öðrum tæknilegum útfærslum.

### Kynjasjónarmið

Þegar rýnt er í áhrif stefnumarkandi áætlunar og verkefnaáætlunar benda vinnumarkaðsgögn í tengslum við framkvæmd landsáætlunar og áhrif fjárveitinga til ýmissa verkefna til þess að fjármagn renni frekar til karla á framkvæmdatíma, sjá [Stöðuskýrslu 2021](#).

Verkefni sem fá fjármagn tilheyra að stærstum hluta byggingarstarfsemi og mannvirkja-gerð eða landbúnaði og skógrækt og hlutfall karla innan þeirra geira er samtals 88% samkvæmt vinnumarkaðsgögnum Hagstofu Íslands frá 2020.



Á hverju ári úthlutar Landgræðslan fjármunum úr Landbótasjóði til landeigenda, sveitarfélaga, félagasamtala og annarra umráðahafa lands. Verkefnið miðar m.a. að því að stöðva hraðfara jarðvegsrof og gróðureyðingu, endurheimta gróður, jarðveg og votlendi, stuðla að sjálfbærri landnýtingu og binda kolefni í gróður og jarðveg. Af 510 m.kr. sem úthlutað var á árunum 2011-2020 fengu stofnanir og félög um 411 m.kr., karlar um 95 m.kr. en konur rétt rúmlega 4 m.kr.

Verkefnið *Bændur græða landið* er samvinnuverkefni Landgræðslunnar og landeigenda um uppgræðslu heimalanda. Á árunum 2011-2020 voru veittir 5.774 styrkir úr verkefninu. Þar af fóru 75,9% styrkja til karla, 12,8% til stofnana eða félaga, 11% til kvenna og 0,3% styrkja var úthlutað þar sem skráningin var sameiginleg hjá karli og konu.

Landgræðslan vinnur í samstarfi við Vegagerðina að framkvæmd varna gegn landbroti af völdum fallvatna. Á árunum 2012-2020 fengu karlar flesta styrki verkefnisins, eða 69% styrkja, stofnanir og félög 23% og konur 8%.

Styrkir vegna endurheimtar votlendis hafa verið veittir árlega síðan 2016 og geta þeir landeigendur sem hafa framræst land sótt um styrki til þess að endurheimta votlendi. Í þessum verkefnum er utanhald styrkjanna ekki jafn skipulagt, fjármagni ekki úthlutað með hefðbundnum hætti, heldur greiðir Landgræðslan verktökum beint fyrir vinnu sína. Ekki eru því til sambærileg gögn vegna þessara styrkja og annarra.

### **Niðurstöður og næstu skref**

Landgræðsla og skógrækt, ásamt endurheimt vistkerfa og votlendis, gegna mikilvægu hlutverki í baráttunni gegn loftslagsbreytingum, við að binda kolefni í gróðri, skógi og jarðvegi, ásamt því að draga úr losun frá landi. Þær greiningar sem fram hafa farið innan málaflokksins gefa vísbendingar um að þeir fjármunir sem ráðstafað er innan málaflokksins fari að miklu leyti til karla, m.a. vegna skráninga á lögbýli vegna beingreiðslna samkvæmt búvörulögum og vegna kynskipts vinnumarkaðar. Þrátt fyrir að fleiri en einn aðili geti nú verið skráður sem handhafi beingreiðslna virðist sem sá möguleiki sé illa nýttur. Misréttið sem í því felst er bæði táknrænt auk þess að hafa áhrif á lífeyrisréttindi.

Konur virðast hafa verið í miklum minni hluta þeirra sem hafa hlotið styrki á vegum Landgræðslunnar.

Byggja þarf á þeirri þekkingu sem hefur verið aflað varðandi úthlutanir styrkja og skoða í samstarfi við stofnanir hvort bæta megi utanumhald varðandi umsóknir og úthlutanir styrkja.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Vinna þarf áfram að úrbótum í verkefnum sem tengjast stefnumótun, bættri gagnasöfnun og úthlutun fjármagns, auk þess sem skoða þarf möguleika varðandi skráningu fyrir lög- býlum og styrkjum og birtingu styrkveitinga.

### Stjórnarsáttmáli

Setja á metnaðarfull markmið um samdrátt í losun vegna landnotkunar og áhersla lögð á að efla náttúrumiðaðar lausnir, m.a. með hvötum til aukinnar skógræktar, landgræðslu og endurheimtar votlendis.

→ Áhrif slíkra aðgerða eru jákvæð í stóra samhenginu, hvort sem horft til áhrifa á loftslag eða jafnrétti, en einnig þarf að leita leiða til að áhrif í nærsamfélaginu séu sem jákvæðust á jafnrétti kynjanna.

## Rannsóknir og vöktun á náttúru Íslands Málaflokkur 17.2

Helstu verkefni miða að eflingu vöktunarkerfa vegna náttúruvár og eflingu rannsókna á áhrifum loftslagsbreytinga.

### Kyngreind tölfraeðigögn

Almennt séð liggja ekki fyrir kyngreind gögn í málaflokknum.

### Kynjasjónarmið

Kynjahlutföll starfsfólks þeirra stofnana umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem heyra undir málaflokk 17.2 eru á heildina litið 55,5% karlar og 44,5% konur. Karlar eru enn í meiri hluta í rannsóknum og þróun, sérstaklega innan einkageirans. Vinnumarkaðsgögn og tölfraedi um fjölda kvenna í rannsóknum og þróun benda til þess að karlar séu, þrátt fyrir breytingu í kynjasamsetningu í háskólanámi, enn í meiri hluta í rannsóknum og þróun, sér í lagi á einkamarkaði, en staðan er jafnari í opinberum stofnunum og háskólastofnunum.

Samtök kvenna í vísindum og konur úr vísindasamfélaginu hafa síðastliðin ár m.a. fjallað um kynbundna áreitni og varpað ljósi á útilokun kvenna frá fjármagni og frama.

### Niðurstöður og næstu skref

Hugsanlega mætti vinna nánar gögn og upplýsingar er varða störf við rannsóknir í stofnunum ráðuneytisins sem og skoða kerfi ákvarðanatöku og sjónarmið að baki

rannsóknnum. Sóknarfæri er falið í samtali við stofnanir um jafnrétti í tengslum við ákvarðanatöku og innra starf. Skoða þarf möguleika varðandi sjóðaúthlutanir og gagnasöfnun í þeim sjóðum sem snúa að rannsóknnum og vöktun.

#### Stjórnarsáttmáli

Áhersla er á að vísindaleg þekking sé undirstaða allra aðgerða stjórnvalda í loftslagsmálum og að efla þurfi rannsóknir á losun og bindingu kolefnis vegna samspils landnýtingar og loftslagsmála.

→ *Kynja- og jafnréttissjónarmið snúa að miklu leyti að þeim sem stunda rannsóknir á þessu sviði og þurfa að skoðast í samhengi við aðgerðir í málaflokki 07.1 Vísindi og samkeppnis-sjóðir í rannsóknnum og á málefnaviði 21 Háskólasvið.*

#### Meðferð úrgangs Málaflokkur 17.3

Helstu verkefni eru m.a. hringrásarhagkerfið og framkvæmd stefna sem snúa að úrgangsmálum og forvörnum í úrgangsmálum og sóun.

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Í verkefni umhverfis- og auðlindaráðuneytisins í framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum 2020-2023, *Kyn og neysla*, var staðið að gagnasöfnun um framleiðslu, innkaup, notkun og neyslu textíls í könnun á vegum Umhverfisstofnunar og Gallup. Afla þyrfti nánari gagna varðandi verkaskiptingu á heimilum í endurvinnslu og endurnýtingu.

#### Kynjasjónarmið

Markmið verkefnisins var að stuðla að vitundarvakningu um hringrásarhagkerfið, umhverfis- og félagsleg áhrif tísku- og textíliðnaðar og vald neytenda til að stuðla að mannsæmandi og umhverfissvænni framleiðsluháttum með áherslu á samfélagslega ábyrga neyslu á tiskufatnaði, endurnotkun og endurvinnslu. Niðurstöður verkefnisins sýna m.a. fram á að konur eru meira áberandi á báðum endum virðisreðu textíls. Við framleiðslu textíls er hlutfall kvenna 70% og við vörumum taka svo konur en þær sjá í mun meira mæli um textílinnkaup fyrir heimilin en karlar og samkvæmt könnun Gallups sagðist 81% kvenna sjá að miklu eða öllu leyti um innkaup textíls. Niðurstöður verkefnisins hafa verið notaðar við samþættingu kynjasjónarmiða í úrgangsforvarnir og fræðslu á vegum Umhverfisstofnunar.<sup>14</sup> Þar sem konur verja mun meiri tíma en karlar í ólaunaða vinnu sem tengist heimilishaldi og umönnun er líklegt að auknar kröfur um endurvinnslu á heimilum hafi þau áhrif að auka vinnuálag kvenna. Ekki hefur verið gerð sérstök rannsókn þar að lútandi en mikilvægt er að taka tillit til þessa kynjahalla og kanna áhrif slíkra aðgerða við útfærslur lausna eins og hægt er og vinna að frekari gagnasöfnun.

Bann við urðun lífræns úrgangs gæti snert tekjulitla meira þar sem kostnaður fylgir því að hafa flokkunartunnur við heimili og mikilvægt er að kynna hagstæðar lausnir til þess að koma til móts við tekjuminni hópa og gæta að útfærslum og aðgengi að grenndargámum.

<sup>14</sup> <https://samangegnsoun.is/textillogjafnretti/>

Meðfram aðgerðum sem eru gerðar til þess að draga úr urðun heimilisúrgangs er mikilvægt að kanna hvaða áhrif slíkt hefur á skiptingu heimilisstarfa. Jafnframt þarf að leggja áherslu á ábyrgð fyrirtækja á meðferð úrgangs.

#### Niðurstöður og næstu skref

Mikilvægt er að taka mið af kynjasjónarmiðum við stefnumótun og valkostagreiningu í málaflokki 17.3 um endurvinnslu og endurnýtingu og við meðferð úrgangs. Stefnt er að samstarfi við viðeigandi stofnun um frekari gagnasöfnun, auk þess sem áhersla verður lögð á að taka mið af kynjasjónarmiðum við stefnumótun með markvissari hætti.

#### Stjórnarsáttmáli

Lögð er áhersla á að efla samstarf ríkis og sveitarfélaga við innleiðingu hringrásarhagkerfisins og byggja á undir endurvinnslu og hringrásarhagskerfi með jákvæðum hvötum gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum.

→ *Við útfærslu á hvatakerfi er mikilvægt að hafa í huga að slíkir hvatar geta haft ólík áhrif á ólíka hópa. Í tengslum við aukna samræmingu á flokkun úrgangs hjá sveitarfélögum væri vert að kanna hvort setja megi lágmarksviðmið um aðgengi og öryggi á endurvinnslustöðvum.*

#### Varnir gegn náttúruvá Málaflokkur 17.4

##### Kyngreind tölfraeðigögn

Málaflokkurinn snýr að því að byggja upp ofanflóðavarnir til varnar byggð og mannvirkjum auk vöktunar á snjóflóðahættu og viðbragða við henni á slíkum svæðum. Engin kyngreind tölfraeðigögn hafa verið tekin saman hvað málaflokkinn varðar. Þó mætti vinna kyngreind gögn og upplýsingar er varða þá sem telja má beina og óbeina haghafa slíkra verkefna.

##### Kynjasjónarmið

Umtalsverðir fjármunir fara til málaflokksins og fyrirhugað er að stórauka þau framlög á næstu árum. Fjármunir sem ráðstafað er innan málaflokksins renna að miklu leyti til karla þar sem byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð er karllæg atvinnugrein samkvæmt vinnumarkaðsgögnum. Á hinn bóginn er slíkum mannvirkjum ætlað að tryggja öryggi þeirra er búa og starfa á eða nálægt hættusvæðum og eru því beinir haghafar slíkra verkefna. Skortur er á rannsóknum og gögnum um stöðu kynjanna í málaflokknum að öðru leyti.

#### Niðurstöður og næstu skref

Kortlagning kynjaáhrifa hefur ekki dregið fram nauðsyn þess að vinna ítarlegra jafnréttismat í málaflokknum að svo stöddu. Þrátt fyrir það er stefnt að því að skoða möguleika varðandi úrbætur við gagnasöfnun, stefnumótun og úthlutun fjármagns.



### **Stjórnarsáttmáli**

Rannsóknir, vöktun, hættumat og viðbrögð vegna náttúruvár verða eflað á grundvelli yfirstandandi þarfagreiningar í samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

→ Við þarfagreiningu er mikilvægt að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið í huga, sérstaklega þegar kemur að vörnum fyrir atvinnusvæði.

### **Stjórnsýsla umhverfismála** Málaflokkur 17.5

Málaflokkurinn stjórnsýsla umhverfismála tengist inn í alla málaflokka ráðuneytisins með einum eða öðrum hætti en veigamestur hluti hans snýr að loftslagsmálum.

### **Kyngreind tölfraeðigögn**

Mikilvægt er að huga að samsetningu byggðar þegar íbúarnir eru helstu hagsmunaaðilar aðgerða. Hægt er að nálgast upplýsingar um hlutfall kvenna og karla eftir byggðakjörnum á vefsíðu Hagstofunnar hér.

### **Kynjasjónarmið**

Kynjasjónarmið í loftslagsmálum eru býsna víðtæk og koma fram í ýmsum málaflokkum, í tengslum við framleiðslu, neyslu og endurvinnslu og endurnotkun eins og fjallað var um í tengslum við málaflokk 17.3 að framan.

Alþjóðlegar rannsóknir og skýrslur, s.s. [Gender, Climate and Health](#) frá 2020, benda til þess að áhrif loftslagsbreytinga séu alvarlegri fyrir konur og stúlkur og efnaminni og viðkvæmari hópa í samfélaginu sem geta síður brugðist við þeim áföllum sem loftslagsbreytingar geta haft í för með sér.

Önnur kynjasjónarmið sem varða málaflokkinn eru t.a.m. kynbundinn launamunur, minna aðgengi að fjármagni og búseta. Rannsóknir hafa sýnt fram á að konur og karlar hafa einnig mismunandi áhrif á umhverfið, m.a. með ólíkri notkun á samgöngum, ferðamynstri og bílaeign og þ.a.l. losun frá samgöngum. Karlar eru skráðir fyrir eignarhaldi fólksbifreiða í 64% tilfella en konur fyrir 36% og er munurinn meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru bílar karla að meðaltali einnig þyngri en bílar kvenna. Í rannsókn á greiningu á ferðamynstri og vinnusóknarsvæðum kom í ljós að konur fara fleiri stuttar ferðir á meðan karlar fara færri og lengri.

Eins og kemur fram í Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum þurfa aðgerðir í loftslagsmálum að miða samhliða að auknu jafnrétti og jöfnuði, en ekki verða til þess að auka á misrétti. Stuðla verði að réttlátum umskiptum samhliða aðgerðum sem sporna eiga við loftslagsbreytingum.

#### Niðurstöður og næstu skref

Mikilvægt er að taka mið af kynjasjónarmiðum við stefnumótun og valkostagreiningu í málaflokki 17.5. Stefnt er að samstarfi við viðeigandi stofnun um frekari gagnasöfnun, auk þess sem áhersla verður lögð á að taka mið af kynjasjónarmiðum við stefnumótun með markvissari hætti.

#### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Markmið sem málefnasviðinu er ætlað að ná fram eru almennt talin hafa sambærileg áhrif á kynin, hvort sem þau lúta að verndun náttúru, eflingu stjórnsýslunnar eða því að tryggja heilnæmt umhverfi. Þó er rétt að vekja athygli á að einstaka aðgerðir og/eða útfærsla þeirra geta haft ólík áhrif á kynin og að kynskiptur vinnumarkaður, ólík valda- staða kynjanna, aðgangur að fjármagni og ójöfn verkaskipting vega þyngst í þekktum áhrifum. Mikilvægt er að taka mið af kynjasjónarmiðum við stefnumótun og nýta við val á útfærslu og skoða hvort hægt sé að auka aðgengi kvenna að fjármagni í tengslum við aðgerðir á vegum stjórnvalda í umhverfismálum.

#### Stjórnarsáttmáli

Lögð er áhersla á að réttlát umskipti fyrir alla hópa samfélagsins verði leiðarstef í yfirstandandi umbreytingum vegna loftslagsvárisinnar og vinna á aðgerðaáætlun um samfélagslega aðlögun að loftslagsbreytingum.

→ Þetta sjónarmið er t.d. vert að hafa í huga þegar auka á aðgengi að fjármagni til loftslagsverkefna og tryggja eins og kostur er að fjármagnið fari til sem fjölbreyttastra hópa.

# Menning, listir, íþróttar- og æskulýðsmál



## Safnamál Málaflokkur 18.1

Undir málaflokkinn fellur starfsemi lista- og minjasafna á vegum ríkisins, sveitarfélaga, sjálfseignarstofnana og annarra aðila. Undir málaflokkinn heyra einnig málefni bókasafna og skjalasafna.

### Kyngreind tölfræðigögn

Hagstofa Íslands hefur bætt gagnasöfnun um gestakomur á söfn en gögnin eru ekki kyngreind. Víða er hafin aðgreining aðsóknar Íslendinga og erlends ferðafólks, en ekki eftir kynjum. Í fjármálaáætlun 2021–2025 eru skilgreind þrjú markmið fyrir málaflokkinn, þar á meðal að efla rannsóknir og skráningu á kynjahlutföllum. Með því að leggja áherslu á kynjasjónarmið í rannsóknum og við skráningu upplýsinga verður hægt að fá kyngreinanlega heildaryfirsýn. Hagstofan hefur hafið söfnun á kyngreindum gögnum um starfsfólk safna og annarrar menningarstarfsemi. Ráðast þyrfti í neyslu- og viðhorfskannanir svo kyngreina megi aðsókn á söfn og viðburði.

### Kynjasjónarmið

Almennar kannanir á menningarneyslu benda til þess að konur séu meiri hluti starfsfólks bæði menningarminja- og listasafna. Nýjustu gögn Hagstofunnar um starfsfólk safna og annarrar menningarstarfsemi sýna að 67% þeirra eru konur.

Söfn á sviði bæði menningarminja og lista hafa undanfarin ár í vaxandi mæli fjallað í sýningarverkefnum sínum og miðlun um hlutverk og stöðu kynja í sögulegu og listrænu samhengi samkvæmt sýningardagskrám og verkefnalýsingum. Stofnanir hafa í auknum mæli sett fram kyngreindar upplýsingar í ársskýrslum sínum sem aðgengilegar eru á vef þeirra. Mikilvægt er að gætt sé að kynjasjónarmiðum í framboði menningarsögulegs og listræns efnis.

### Niðurstöður

Unnar hafa verið skýrslur um stöðu Íslands varðandi samning UNESCO um varðveislu menningararfða og einnig stöðuskýrslu varðandi samning UNESCO um að vernda og styðja við fjölbreytt menningarleg tjáningarform. Í skýrslunum er m.a. farið yfir það sem unnið hefur verið að hételendis í sambandi við kynjajafnrétti í menningu og listum.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Bæta þarf upplýsingaöflun með kyngreindum gögnum, skilgreina árangursvísa og vekja til vitundar um mikilvægi kynjasjónarmiða í safnastarfi en í gildandi fjármálaáætlun er einmitt markmið um að efla rannsóknir og skráningu á kynjahlutföllum.

### Stjórnarsáttmáli

Ríkisstjórnin ætlar áfram að tryggja undirstöður íslensks menningar- og listalífs. Unnið

verður að því að koma menningararfi þjóðarinnar yfir á stafrænt form til að tryggja varðveislu og aðgengi almennings.

→ *Við styrkingu menningar- og listalífs er mikilvægt að huga að fjölbreytni í framboði til að gefa sem fjölbreyttustum hópi listafólks tækifæri og höfða til og tryggja aðgengi fjölbreytts hóps neytenda að menningu og listum.*

## **Menningarstofnanir** Málaflokkur 18.2

Málaflokkurinn tekur til opinberra stofnana á sviði lista og menningar. Ríkið á og rekur menningarstofnanir líkt og Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands en er einnig í samvinnu við aðra um eignarhald og rekstur og veitir fjárhagslegan stuðning.

### **Kyngreind tölfraðigögn**

Kyngreindri tölfraði um aðsókn að menningarstofnunum er ábótavant. Ýmsir aðilar eru þó byrjaðir að greina milli aðsóknar Íslendinga og erlends ferðafólks, en ekki eftir kynjum. Unnið hefur verið að gerð hagvísar fyrir menningu til að bæta úr þessari þörf. Þá er í samráði við forsætisráðuneyti og Hagstofu Íslands verið að endurskoða tölfraði fyrir menningu og tölulegar upplýsingar um menningu og menningarþátttöku fólks.

### **Kynjasjónarmið**

Í ársskýrslum stofnana koma fram vísbendingar um að konur séu meiri hluti gesta menningarstofnana, bæði stjórnsýslustofnana og miðlunarstofnana á sviði lista. Erfitt er að segja til um hvað veldur þessum kynjamun en erlend gögn hafa sýnt fram á marktækan mun milli þess hvernig konur og karlar njóta listar og menningar. Kyngreind gögn um gesti menningarstofnana gætu gefið vísbendingar um hvaða viðburðir og sýningar höfða til ólíkra hópa. Sem dæmi má nefna að gögn sýna að stúlkur á grunn- og framhaldsskólaaldri hafa meiri áhuga á listgreinum en drengir. Samkvæmt ársskýrslum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Þjóðleikhússins eru kynjahlutföll starfsfólks nokkuð jöfn. Sem dæmi voru 54% fastráðinna hljóðfæraleikara konur en hlutfall lausráðinna var 50% árið 2020. Hagstofa Íslands birti tölfraðileg gögn og hagvísar fyrir menningu, listir og skapandi greinar í ágúst 2021 og kom þar m.a. fram að konur eru tæplega 60% þeirra sem starfa í menningu.

### **Niðurstöður og næstu skref**

Upplýsingar skortir um mögulegan kynjahalla í starfi menningarstofnana og þá hversu mikil áhrif framboð efnis hefur á aðsókn kynja að viðburðum. Hagstofa Íslands hefur birt ýmsa mælikvarða um menningu á Íslandi og áfram verður haldið að safna hagvísam um listir, menningu og skapandi greinar þar sem áhersla verður lögð á kyngreindar upplýsingar. Við framboð á menningar- og listviðburðum verði höfðað að jöfnu til kynjanna.



### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Í framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020–2023 er aðgerð sem miðar að því að menningarstofnanir á vegum ríkisins móti og innleiði jafnréttisáætlanir með markmiðum og mælikvörðum sem ná til úthlutana úr opinberum sjóðum og þeirra menningar- og listviðburða sem stofnanirnar standa fyrir með það að markmiði að tryggja jöfn kynjahlutföll.

### Menningarsjóðir Málaflokkur 18.3

Fjárveitingum til menningar og lista, sem ekki renna til ríkisstofnana eða eru bundnar í samningum, er að mestu úthlutað í gegnum lögbundna sjóði, t.d. Bókasafnssjóð, húsafríðunarsjóð, launasjóði listamanna og Kvikmyndasjóð.

### Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreind gögn eru til um úthlutanir listamannalauna og hljóðritasjóðs að hluta. Kvikmyndasjóður tekur saman kyngreind gögn um lykilstöður styrkhafa, þ.e. handritshöfunda, leikstjóra og framleiðenda. Heiðurslaun listamanna sem eru tilgreind í fjárlögum hvers árs eru kyngreinanleg.

Í þeim sjóðum þar sem umsækjendur eru eingöngu einstaklingar er hægt að greina kynjahlutfall eftir umsóknum og úthlutunum. Þegar hins vegar um er að ræða úthlutanir sjóða til lögaðila eða hópa (t.d. í tilvikum myndlistarsjóðs, tónlistarsjóðs og sviðslistasjóðs) liggja ekki alltaf fyrir upplýsingar um kynjahlutfall þeirra sem njóta úthlutana úr sjóðum. Rannsóknamiðstöð Íslands (Rannís) leitast við að kyngreina betur þátttakendur sem sækja í menningarsjóði sem stofnunin sér um í skýrsluskilum sínum.

### Kynjasjónarmið

Í úthlutunum hljóðritasjóðs eru kyngreind gögn annmörkum háð þegar kemur að úthlutunum til fyrirtækja eða hljómsveita. Í seinni úthlutun árið 2021 voru styrkhafar 40% karlar og 40% konur. Þá fóru 20% styrkja til fyrirtækja eða hljómsveita. Hægt er að bæta kyngreindu gögnin með því að biðja um kyngreindar upplýsingar innan fyrirtækja og hópa sem sækja um sjóðina í umsóknum. Kvikmyndasjóður fær færri umsóknir um styrki frá aðilum þar sem konur skipa lykilstöður í handritagerð, leikstjórn eða framleiðslu. Árangurshlutfall þeirra verkefna sem sækja um með kvenkyns umsækjendum er þó betra en karla. Kvikmyndamiðstöð Íslands hefur unnið aðgerðaáætlun út frá nýrri kvikmyndastefnu 2020–2030 þar sem fram kemur að nýta skuli styrki kvikmyndasjóðs til að efla íslenska kvik-myndagerð og að leggja skuli til grundvallar markmið um að auka vægi kvenna í kvikmyndagerð. Kynjahlutföll úthlutaðra listamannalauna árið 2020 voru jöfn. Karlar höfðu til skamms tíma meiri aðgang að fjármagni úr starfslaunasjóðum, en síðustu ár hefur verið unnið með markvissum aðgerðum að því að leiðrétta kynjahalla. Í leiðbeiningum til úthlutunar-nefnda listamannalauna ítrekar stjórn mikilvægi þess að gæta jafnréttis.

### Niðurstöður og næstu skref

Vel hefur miðað í að leiðrétta kynjahalla hjá þeim sjóðum þar sem úthlutun fjármagns var hærra til karla. Kynjahlutföll úthlutana eru greind eins og hægt er, en þegar hópar og félög fá styrki eru ákveðnir erfiðleikar við kyngreiningu. Úthlutunaraðilar eru vel meðvitaðir um mikilvægi kynjasjónarmiða við úthlutun styrkja úr samkeppnissjóðum á sviði menningar og lista.

### Stjórnarsáttmáli

Ríkisstjórnin ætlar að skapa ný tækifæri fyrir íslenska listamenn og m.a. styrkja áfram faglega starfslauna- og verkefnasjóði listamanna með sérstakri áherslu á að starfsláunin tryggji betur afkomu þeirra sem starfa í listum og/eða við skapandi greinar.

→ *Huga mætti að leiðum til að auka enn frekar fjölbreytni í hópi styrkþega, t.d. m.t.t. kyns, aldurs og uppruna.*

## Íþróttar- og æskulýðsmál Málaflokkur 18.4

### Kyngreind tölfræðigögn


Tölfræðigögn eru á vef Íþróttar- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) um iðkendur og félagsfólk eftir kynjum. Tölum fyrir æskulýðsstarf er safnað en kyngreind gögn vantar um starfsfólk sem vinnur við íþróttar- og æskulýðsmál. Í umsóknum til Íþróttasjóðs er hvorki spurt um kyn verkefnastjóra né þeirra sem koma að verkefninu. Unnið er að því að bæta kyngreinda tölfræði í umsóknareyðublaði Íþróttasjóðs. Í umsóknum til Æskulýðssjóðs er spurt um fjölda af hvoru kyni sem tekur þátt í verkefninu.

Unnið er að því að afla betri upplýsinga um þátttöku barna af erlendum uppruna í skipulögðu starfi og verður þess gætt að upplýsingar fái um kynjamun þeirra.

### Kynjasjónarmið

Upplýsingar úr ánægjuvuginni sem Rannsóknir & greining unnu fyrir ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2020 sýna fram á að þátttaka barna og unglunga í skipulögðu íþróttar- og æskulýðsstarfi er almennt mjög mikil og nokkuð jöfn milli kynja, þótt kynjamunur sé á því hvaða íþróttir kynin stunda. Hlutfall stráka í 8.–10. bekk sem tóku þátt í skipulögðu starfi einu sinni í viku eða oftar var 64%. Hlutfall hjá stúlkum í sama aldursflokki var 59%. Þátttaka barna í íþróttastarfi á vegum íþróttafélaga minnkar milli nemenda í 8. og 9. bekk grunnskóla og er minnst hjá nemendum í 10. bekk. Flest ungmenni stunda einhvers konar skipulagt félags- og tómstundastarf.

#### Hve oft stundar þú íþróttir með íþróttafélagi?



Úthlutanir úr Afrekssjóði eru kyngreindar. Á árinu 2020 voru konur 39,6% iðkenda en karlar 60,4%. Í úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ 2021 voru hæstu styrkirnir veittir til Handknattleiksambands Íslands, Fimleikasambands Íslands og Körfuknattleikssambands Íslands. Tölur um iðkendur íþróttar frá árinu 2020 sýna að 68% iðkenda fimleika voru konur, 68% karlar í körfuknattleik og 62% karlar í handknattleik. Fjölmennasta íþróttgreinin innan ÍSÍ er knattspyrna og eru þar 67% iðkenda karlar/drengir.

Árið 2020 voru þátttakendur í landsliðsverkefnum sérsambanda ÍSÍ 47% konur og 53% karlar og hefur hlutfall kvenna aukist lítillega milli ára. Af keppendum búsettum erlendis voru 78% karlar og 22% konur árið 2020.

Samkvæmt upplýsingum frá Rannís eru kynjahlutföll verkefnastjóra í umsóknum í Æskulýðssjóð vegna ársins 2021 um 60% konur og um 40% karlar. Sömuleiðis er nokkuð jöfn skipting milli kynja þegar kemur að styrkþegum.

Ráðning samskiptaráðgjafa íþróttar- og æskulýðsstarfs var afgreidd á vormánuðum 2020 og er einn liður viðbragða ráðuneytisins við #églíka-byltingunni. Auk þess hefur vefsíðan [samskiptaradgjafi.is](http://samskiptaradgjafi.is) verið opnuð. Á vefsíðunni má nálgast fræðslu, ráðgjöf og forvarnir



vegna kynferðislegrar og kynbundinnar áreitni og ofbeldis auk eineltis. Ókeypis ráðgjöf er í boði fyrir þolendur og vitni að slíkum málum í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Samskiptaráðgjafi er í víðtæku samráði við íþróttá- og æskulýðsfélög um samræmdar viðbragðsáætlanir.

Í ársskýrslu sinni fyrir árið 2020 tilgreinir samskiptaráðgjafi í hvaða flokka tilkynningar til samskiptaráðgjafa féllu. Einnig er sagt frá skiptingu á milli kynja. Alls voru 24 mál tilkynnt til samskiptaráðgjafa og var kynjahlutfall þeirra sem tilkynntu mál þannig að níu mál vörðuð karlmenn/drengi og níu mál konur/stúlkur. Í þremur tilfellum varðaði málið bæði konur og karla. Þrjú mál snúa almennt ekki að ákveðnum einstaklingum og voru því ekki flokkuð eftir kynjum.

### Niðurstöður og næstu skref

Huga þarf sérstaklega að þátttöku barna af erlendum uppruna í æskulýðsstarfi og taka þarf mið af kynjasjónarmiðum. Óskað hefur verið eftir að í umsóknareyðublaði Íþróttasjóðs verði bætt við kyngreiningu á verkefnum. Sömuleiðis verður kallað eftir sundurgreiningu á úthlutun úr Afrekssjóði eftir kynjum.

Í stefnu ráðuneytisins í tómstunda- og félagsstarfi barna og ungmenna til 2030 er áhersla lögð á kyngreinda tölfræði sem á að styðja framkvæmd stefnunnar.

Ráðuneytið hefur nú gert samkomulag við Menntavísindasvið Háskóla Ísland um framkvæmd og fyrirlagnir æskulýðsrannsókna þar sem aukin tækifæri gefast til að greina enn frekar þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu starfi.

Í öllum samningum á sviði íþróttá- og æskulýðsmála sem tóku gildi 1. janúar sl. er vakin sérstök athygli á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020.

### Stjórnarsáttmáli

Vinna á að því að jafna tækifæri barna til að stunda tómstundastarf óháð efnahag, aðstæðum og búsetu auk þess að jafna stöðu karla og kvenna í íþróttum.

→ Þá á einnig að efla umgjörð um afreksstarf íþróttafólks og er mikilvægt að hafa framangreind sjónarmið í huga í þeirri vegferð.

## Fjölmiðlun



### Fjölmiðlun Málaflokkur 19.1

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Nákvæmustu kyngreindu tölfraeðigögnin sem völ er á um fjölmiðlun eru hjá Ríkisútvarpinu. Árið 2016 voru teknar upp markvissar mælingar á hlutfalli karla og kvenna í hópi viðmælenda í föstum þáttum og fréttum. Skráðir eru viðmælendur í fréttum og fréttatengdum þáttum og öllum reglubundnum innlendum þáttum í útvarpi og sjónvarpi og eru mælingarnar birtar fjórum sinnum á ári.

Greynir.is tekur saman upplýsingar um hlutfall kvenna og karla í umfjöllun íslenskra fjölmiðla almennt. Greynir les nýjustu fréttir og greinar jafnóðum af helstu íslensku fréttavefjunum og telur nöfn karla og kvenna þar sem titill eða starfsheiti kemur fram. Nöfn eru aðeins talin einu sinni í hverri frétt.

Tvær rannsóknir á birtingarmyndum karla og kvenna í fjölmiðlum hafa verið gerðar og mikilvægt er að endurtaka þær til að fá samanburð og yfirlit um þróun mála á síðustu árum.

#### Kynjasjónarmið

Í samningi menningar- og viðskiptaráðuneytis (áður mennta- og menningarmálaráðuneyti) og Ríkisútvarpsins um fjölmiðlaþjónustu í almannabágu frá árinu 2020 er kveðið á um að stefnt skuli að jafnrétti kynjanna í allri starfsemi og dagskrá og að viðmælendur í fréttum og öðru dagskrárefni endurspegli kynjahlutföll í samfélaginu. Eins og fram kemur hér að ofan og í ársskýrslum Ríkisútvarpsins er unnið samkvæmt ákvæðum samningsins og stefnu félagsins í jafnréttismálum. Hlutfall karla og kvenna í starfsmannahópi, í dagskrárgerð og í hópi viðmælenda er jafnt hjá Ríkisútvarpinu nema að hlutfall viðmælenda í fréttatímum þess var 37% konur og 63% karlar árið 2020.

#### Viðmælendaskráning Ríkisútvarpsins 2020

	KK	KVK	Heild	KK %	KVK %
Rás 1	1.810	2.019	3.829	47%	53%
Rás 2	1.460	1.157	2.617	56%	44%
RÚV	812	927	1.739	47%	53%
Fréttastofa	8.788	5.229	14.017	63%	37%
<b>Dagskrá og fréttir</b>	<b>12.870</b>	<b>9.332</b>	<b>22.202</b>	<b>58%</b>	<b>42%</b>
<b>Dagskrá RÚV</b>	<b>4.082</b>	<b>4.103</b>	<b>8.185</b>	<b>50%</b>	<b>50%</b>

Í 23. gr. fjölmiðlalaga er m.a. kveðið á um að fjölmiðlar skuli í árlegri skýrslu til fjölmiðlanefndar greina frá hlutfalli karla og kvenna í hópi viðmælenda í fréttum og fréttatengdu efni, fjölda starfsmanna, þ.m.t. hlutfalli karla og kvenna, og aðgerðum fjölmiðlaveitunnar til að vinna gegn staðalmyndum kynjanna. Erfiðlega hefur gengið að fá fjölmiðla til að láta þessar upplýsingar af hendi en vonir standa til að úr rætist. Gögn Greynis sýna að aðeins um 31% af nafngreindum einstaklingum í fréttum er konur.

#### Niðurstöður og næstu skref

Einungis eru til kyngreind tölfræðigögn hjá Ríkisútvarpinu og Greyni.is og nauðsynlegt er að fleiri rannsóknir séu gerðar til að fá heildarmynd af hlutfalli kynja meðal starfsmanna og viðmælenda fjölmiðla. Næstu skref eru að undirbúa rannsókn til að fylgja eftir eldri rannsóknum um birtingarmyndir kynja í fjölmiðlum. Þá þarf að taka saman og gera aðgengilegar niðurstöður allra fjölmiðlarannsókna sem varpað geta mynd á starfsemi þeirra, viðtöku o.fl.

#### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Almennt viðhorf stjórnvalda er að æskilegt sé að kynjasjónarmiða sé gætt í umfjöllun fjölmiðla en eðli málsins samkvæmt hafa stjórnvöld ekki nein afskipti af ritstjórn eða efni þeirra. Í fjármálaáætlun er framtíðarsýn og meginmarkmið stjórnvalda í fjölmiðlum og tekur það einkum mið af hlutverki fjölmiðla í lýðræðissamfélaginu og tjáningarfrelsi. Við frekari stefnumótun í fjölmiðlamálum gefst færi á að setja markmið um jafnræði í birtingarmyndum kynja í fjölmiðlum o.fl.

#### Stjórnarsáttmáli

Ríkisstjórnin leggur áherslu á fjölbreytni í flóru fjölmiðla með öflugum almannaútvarpi og einkareknum fjölmiðlum. Staða einkarekinna fjölmiðla verður metin áður en núverandi stuðningskerfi rennur út og ákveðnar aðgerðir til að tryggja fjölbreytni á fjölmiðlamarkaði og öflugt almannaútvarp.

→ Í samhengi við fjölbreytni er mikilvægt að líta sérstaklega til kynja- og margbreytileikansjónarmiða.

# Framhaldsskólastig



## Framhaldsskólar Málaflokkur 20.1

### Kyngreind tölfraeðigögn

Hagstofa Íslands tekur saman og birtir nokkurt magn tölulegra upplýsinga um framhaldsskólastigið. Einnig hafa ráðuneytið og Menntamálastofnun unnið að því að skilgreina betur og birta lykiltölur sem lýsa menntakerfinu, m.a. um kynjamun (<https://mms.is/tolfraedisida>).

### Kynjasjónarmið

Strax í grunnskóla byrja drengir að dragast aftur úr stúlkum námslega og gefa einkunnir það til kynna. Skoða þarf betur ástæður þess að drengir hverfa frá námi í framhaldsskóla en mikil fylgni er milli lokaeinkunna úr grunnskóla og brotthvarfs úr framhaldsskóla.

Menntamálaráðuneytið hefur mælt árlegt brotthvarf nýnema frá árinu 2018 þegar byrjað var að skilgreina árlegt brotthvarf og mælingar því tengdar. Til eru áreiðanlegar tölur frá árinu 2010 og kyngreind gögn frá árunum 2015-2016. Í töflunni hér að neðan má sjá þróun árlegs brotthvarfs nýnema í framhaldsskólum og kynjaskipt frá 2015.

### Árlegt brotthvarf nýnema 2010-2021

Skólaár	Brotthvarf	KK	KVK	Hlutfall KK:KVK
2010-2011	6,5%			
2011-2012	7,0%			
2012-2013	7,2%			
2013-2014	7,0%			
2014-2015	7,5%			
2015-2016	6,2%	6,5%	5,9%	1,06
2016-2017	7,3%	8,1%	6,6%	1,23
2017-2018	6,4%	7,6%	5,2%	1,49
2018-2019	4,9%	5,7%	4,1%	1,38
2019-2020	4,0%	4,9%	3,2%	1,48
2020-2021	4,6%	5,7%	3,6%	1,60

Útreikningar mennta- og menningarmálaráðuneytis<sup>15</sup>


<sup>15</sup> Við útreikning er lagt til grundvallar hvort nemandi er skráður í framhaldsskóla næsta haust eftir að hann hóf nám í framhaldsskóla.

Taflan sýnir töluverða lækkun árlegs brotthvarfs nýnema yfir tímabilið frá 2015 en þó eykst bilið í brotthvarfi milli drengja og stúlkna. Brotthvarf drengja hefur lækkað nokkuð frá 2016. Lækkunin er ekki jafn mikil og hjá stúlkum og dregur því meira í sundur með hópunum, þótt brotthvarf beggja kynja lækki. Ekki eru til kyngreind gögn annarra kynja en karla og kvenna.

Árgangsbrotthvarf<sup>16</sup> nemenda úr framhaldsskólum á Íslandi hefur lækkað lítillega í gegnum árin og er um 23%. Hlutfall drengja sem hverfa frá námi í almennu bóknámi er um 50% hærra en stúlkna. Brotthvarfshlutfall kynjanna í verk- og starfsnámi er nokkuð jafnt eða á bilinu 34–41% á síðustu árum. Í nýrri [skýrslu um félagslega og efnahagslega stöðu og brotthvarf úr framhaldsskólum](#) kemur fram að mikil fylgni sé milli námsárangurs og brotthvarfs en að aðrar breytur en námsárangur skýri að takmörkuðu leyti mun á brotthvarfi drengja og stúlkna. Besta leiðin til að draga úr mismun á brotthvarfi kynjanna virðist því vera að bæta námsárangur drengja.

Á framhaldsskólastiginu er námsval ólíkt milli kynja. Kynjamunur er mikil áskorun í starfsnámi þar sem sumar starfsgreinar eru nær hreinar kvennastéttir og aðrar karlastéttir. Árið 2009 voru 3.745 stúlkur í starfsnámi en einungis 2.023 árið 2019 og hafði þeim því fækkað um meira en þriðjung á þessu tímabili, en þeim fer þó aftur fjölgandi og voru þær 2.357 á haustönn 2021. Í starfsnámi hefur því átt sér stað þó nokkur fjölgun af báðum kynjum síðustu annir en heildarfjöldi jókst úr 6.805 árið 2020 í 7.113 árið 2021.

### Kyn og námsleiðir — Haustönn 2021



### Niðurstöður og næstu skref

Ýmsar aðgerðir hafa verið í gangi til að jafna kynjahlutfallið í iðngreinum. Mennta- og menningarmálaráðherra gerði samkomulag við Samtök iðnaðarins og Samband íslenskra sveitarfélaga um markvissar aðgerðir í samráði við atvinnulífið, skólasamfélagið og

<sup>16</sup> Hagstofan birtir svokallað árgangsbrotthvarf sem mælir námsframvindu innritunarárgangs eftir ákveðið tímabil, t.d. fjórum, sex og sjö árum eftir fyrstu innritun í framhaldsskóla.



sveitarfélögin í þeim tilgangi að fjölga tækni- og starfsmenntuðum á vinnumarkaði. Er markmiðið að auka áhuga ungs fólks, einkum stúlkna, og fjölga þeim sem velja starfs- og tæknimenntun að loknum grunnskóla. Ein aðgerðanna er kynningarátakið #fyrirmig sem allir starfsnámskólar standa að í samstarfi við fyrrgreinda aðila. Átakinu er ætlað að vekja athygli á starfs- og tækninámi og þeim tækifærum sem slíkt nám býður upp á. Útbúnaður voru auglýsingar og myndbönd til að nýta í kynningarstarfi. Áhersla var lögð á að höfða til fjölbreytts nemendahóps og að fjölga konum í þeim iðngreinum sem hafa verið mjög karllægar. Átakið hefur þegar skilað þeim árangri að innrituðum konum hefur fjölgað í iðngreinum þótt í flestum tilfellum vanti enn talsvert upp á að fullt jafnræði náist.

Ný reglugerð um vinnustaðanám nr. 180/2021 tók gildi 1. ágúst 2021. Helstu breytingar í nýrri reglugerð eru að ábyrgð á námssamningi færist frá nemanda yfir á skóla. Þannig verður samfélla í vinnustaðanámi og tengsl nemanda við skóla óslitin allan námstímann. Tengsl skóla og vinnustaðar verða jafnframt nánari og markvissari. Helstu tækifæri nýrrar reglugerðar eru að með meira gagnsæi og mögulegri styttingu námstíma verði aukinn áhugi á starfsmenntanámi og að nemum af öllum kynjum fjölgi í kjölfarið.

#### **Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Framundan er að vinna áfram að því að fleiri nemendur velji þann kost að fara í starfsmenntanám strax að loknum grunnskóla og að starfsnámið nái þannig meira jafnvægi á við aðsókn í bóknað. Nemendur eru fjölbreyttur hópur með vítt áhugasvið og ólíkar fyrirætlanir fyrir framtíðina. Kynningarstarf þarf því að hafa breiða skírskotun til þess að ná til ólíkra einstaklinga af öllum kynjum. Fyrirsjáanlegt er að með tilkomu fjórðu iðnbyltingar verði verulegar breytingar á vinnumarkaði sem geta haft mismunandi áhrif á kynin. Breytingarnar gera kröfur um þróun starfsnáms og öflugra samstarf stjórnsvalda, skóla og atvinnulífs.

#### **Stjórnarsáttmáli**

Áfram verður unnið að eflingu starfs- og tæknináms og fjölgun raun- og tæknigreina-menntaðra. Sérstök áhersla verður lögð á að rýna stöðu kynjanna í skólakerfinu og koma til móts við ólíkar þæfir þeirra. Þá verða jafnréttis- og kynfræðsla og ofeldisforvarnir eflaðar í grunn- og framhaldsskólum.

# Háskólastig



## Háskóla- og rannsóknarstarfsemi Málaflokkur 21.1

### Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreindar upplýsingar liggja fyrir um nemendur og starfsfólk í háskólum, brautskráningar og menntunarstöðu í landinu. Tölur vantar þó um stöðu nemenda af erlendum uppruna. Könnunin Eurostudent VI, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið stóð að á árinu 2017, veitir fjölbreyttar kyngreindar upplýsingar um stöðu námsfólks, félagslegar aðstæður og viðhorf til náms. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur gekk til samninga um framkvæmd Eurostudent VIII.

### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Gögn Hagstofunnar um háskólastigið eru frá árinu 2019 og því er vísað í umfjöllun [fyrrri stöðuskýrslu](#) um hlutfall karla og kvenna sem hafa lokið háskólaprófi, fjölda doktorsnema eftir kyni og fjölda nemenda í háskólum eftir kynjum.

Karlar eru um 55% akademískra starfsmanna Háskóla Íslands og konur 45%. Hlutfall kvenna í akademískum stöðum lækkar eftir því sem ofar dregur í framgangsstiga háskólanna hér sem annars staðar í heiminum. Konur eru nú í meiri hluta meðal lektora og dósenta en aðeins 33% prófessora í Háskóla Íslands. Í öðrum háskólum landsins má finna svipað mynstur, karlar eru frekar í stöðu prófessora en konur eru hins vegar frekar í stöðu lektora en karlar. Listaháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst skera sig úr, á Bifröst er hlutfall karla og kvenna nokkuð jafnt og í LHÍ eru konur frekar í stöðu prófessora en karlar.

Árið 2021 brautskráðust 80 doktorar frá HÍ af öllum fræðasviðum skólans. Þar af voru 39 karlar og 41 kona. 60% doktoranna eru með erlent ríkisfang.

### Niðurstöður og næstu skref

Í fjármálaáætlun 2021-2025 var stefnt að því að fjölga konum meðal prófessora. Eins og fram hefur komið fækkar konum eftir því sem ofar dregur í framgangsstiga háskólanna. Það er þrátt fyrir að konur hafi verið í meiri hluta háskólanemenda og séu í meiri hluta meðal lektora og dósenta. Þetta bendir til þess að grípa þurfi til aðgerða til að jafna hlut kvenna í stöðum prófessora. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann jafnlaunarrannsókn og úttekt á framgangskerfi skólans fyrir jafnréttisnefnd Háskóla Íslands árið 2017. Sú úttekt leiddi í ljós að „margþættar innbyggðar hindranir eru í kerfinu sem geta af sér kynbundna mismunun“.<sup>17</sup>

Í ljósi ofangreinds leitaði mennta- og menningarmálaráðuneytið til námsbrautar í kynjafræði HÍ um samstarf vegna framkvæmdar rannsóknar sem hefur það markmið að kanna ástæður brotthvarfs kvenna úr vísindastarfi og ástæður þess að framgangur karla í vísindum er vanalega meiri en kvenna. Skýrslan [Jafnrétti og háskólastöður](#) kom út í febrúar 2022 og nálgast hún viðfangsefnið með því að skoða framgangskerfi háskólanna

<sup>17</sup> Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2017). Kynjajafnrétti innan Háskóla Íslands: jafnlaunarrannsókn og úttekt á framgangskerfi. Skýrsla unnin fyrir jafnréttisnefnd Háskóla Íslands. Bls. 7.

og draga fram þá þætti í fyrirkomulagi þess sem er hagstæðara fyrir suma hópa en aðra. Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur til úrbóta sem ætlunin er að verði innlegg í aðgerða-áætlun stjórnvalda um jafnrétti í háskólasamfélaginu. Við endurskoðun á reiknilíkani verður sérstaklega litið til þess hvort líkanið hafi haft ólík áhrif á kynin og horft verður til kynjasjónarmiða í úttekt á gæðum náms.

Unnið er að gerð safns af árangursmælikvörðum fyrir háskóla og vísindi og verður þess gætt að mælikvarðarnir taki mið af kynjasjónarmiðum. Þá er unnið að því að finna leiðir til að meta störf vísindasamfélagsins sem taka tillit til þess að konur eiga erfiðara með framgang í vísindum og háskólum.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið styrkir samstarfsvettvang jafnréttisfulltrúa háskólanna og hefur falið þeim að uppfæra efni um jafnréttismál á #WIKI4WOMEN, sjá um jafnréttisfræðslu í háskólum, gera könnun um staðalmyndir í háskólum, vinna úr henni og rita greinar um niðurstöður ásamt fleiru.

#### Stjórnarsáttmáli

Auka á aðgengi að stafrænu háskólanámi á Íslandi og auka þannig aðgengi að menntun óháð búsetu og aðstæðum. Áhersla er lögð á að fjölga fólki með tækni- og raungreinamenntun.

→ *Mikilvægt er að huga að fjölbreytni í framboði á stafrænu háskólanámi auk þess að leita leiða til að jafna kynjahlutfall í tækni- og raungreinum.*

### Stuðningur við námsmenn Málaflokkur 21.3

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Fullnægjandi upplýsingar eru ekki aðgengilegar til greiningar.

#### Kynjasjónarmið

Ekki hafa orðið breytingar á málaflokknum frá síðustu skýrslu og liggja ný gögn ekki fyrir árið 2021. Áformað er að endurtaka könnun um Eurostudent árið 2022 og fást þá nýjar upplýsingar um stöðu námsfólks, félagslegar aðstæður þess og viðhorf til náms. Lög um Menntasjóð námsmanna eru enn nýtilkomin og takmörkuð reynsla komin á þau en þau tóku gildi 1. júlí 2020. Fylgjast þarf með hvort þau nái fram markmiðum sínum um að minnka skuldsetningu hjá barnafjölskyldum og að meðlagsgreiðendur hætti ekki við nám sökum mögulegrar skuldsetningar. Að öðru leyti er vísað í fyrri stöðuskýrslu um kortlagningu kynjasjónarmiða.

#### Niðurstöður og næstu skref

Ljóst er að bæta þarf upplýsingar sem berast frá Menntasjóði námsmanna svo mögulegt sé að fylgjast með því hvort markmið laganna náist.

#### Stjórnarsáttmáli

Beita á Menntasjóði námsmanna til að skapa hagræna hvata í byggðapróun.

→ *Í því samhengi er mikilvægt að huga að mögulegum áhrifum á kynin og að litið verði til ólíkra þarfa greiðenda námslána.*

## Önnur skólastig



### Leik- og grunnskólastig Málaflokkur 22.1

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Töluvert er til af kyngreindum upplýsingum um málaflokkinn.

#### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Kynjasjónarmið eru margvísleg innan leik- og grunnskólastigsins og ótal tækifæri til þess að stuðla markvisst að jafnrétti kynjanna með aðgerðum sem beinast sérstaklega að því að draga úr neikvæðum staðalmyndum og kynímynd barna svo dæmi séu tekin. Fyrir liggja ýmsar upplýsingar og rannsóknir sem fela í sér vitneskju um ólíka stöðu pilta og stúlkna í menntakerfinu. Kynjamunur mælist þegar kemur að áhuga á námsefninu, hversu erfitt nemendur telja námið vera og hversu auðvelt þeir telja það vera að fá hrós frá kennara. Þriðjungur stráka leiðist í skólanum og líklegt er að slíkt auki líkur á vanvirkni og brotthvarfi frá námi. Íslenskum grunnskólanemendum líður almennt vel í skólanum en hins vegar sýna niðurstöður jafnframt að líðan þeirra er háð námsárangri. Því verr sem nemendum gengur, þeim mun ólíklegri er að þeim líði vel í skólanum. Mikilvægt er að greina ástæður þessa og hvernig hægt sé að bregðast við svo öll börn vaxi og dafni í sínu daglega starfi.

Í PISA-rannsókn sem lögð var fyrir 15 ára nemendur á Íslandi árið 2018 ná 34% drengja og 19% stúlkna ekki lágmarkshæfni í lestri. Niðurstöður sömu rannsóknar sýndu einnig að annar hver 15 ára innflytjandi hér á landi er undir lágmarkshæfni í lestri. Margir samverkandi þættir hafa neikvæð áhrif á stöðu drengja hvers birtingarmynd er að drengjum gengur erfiðar að fóta sig innan skólakerfisins.

Í tölum Hagstofunnar um starfsfólk grunnskóla kemur fram að 82,5% alls starfsfólks séu konur á móti 17,5% karla. Um 16% eru án kennsluréttinda og þar af 12,4 prósentustig konur á móti 3,6 prósentustigum karla. Kennurum án kennsluréttinda fjölgaði um 81 milli ára 2019 og 2020 en það er talsverð lækkun frá 2018/2019 en á milli þeirra ára fjölgaði kennurum án kennsluréttinda um 152. Undanfarin ár hefur verið lögð rík áhersla á að stuðla að aukinni viðurkenningu á störfum kennara þar sem m.a. hefur verið leitast sérstaklega við að varpa ljósi á karlkyns kennara sem starfa á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi í því augnamiði að ná til ungra karla sem stefna á háskólanám. Með því að beina sjónum að karlkyns kennaranemum og starfandi kennurum sem eru karlkyns hefur náðst nokkur árangur sem birtist m.a. í fjölgun karlkyns umsækjenda í kennaranám undanfarin ár.

#### Niðurstöður og næstu skref

Mennta- og barnamálaráðuneyti hefur lagt áherslu á að kynjamunur í skólastarfi sé ávallt til skoðunar og að áhrif hans á árangur, námsframvindu og líðan nemenda í skólum séu greind og niðurstöður nýttar í umbótaskyni. Í fyrsta áfanga innleiðingar menntastefnu 2030 eru lagðar áherslur sem snúa að tækifærum drengja og stúlkna

og námi við allra hæfi. Lögð er áhersla á vellíðan nemenda og að nám og námsumhverfi höfði til allra nemenda frá upphafi skólagöngu óháð kyni, aldri, uppruna, búsetu, styrkleikum eða þörfum og styðji við hæfni til framtíðar. Gerðar verða auknar væntingar til nemenda um árangur í námi, þrautseigju og námsframvindu en áhersla verður einnig á að skólar og fræðsluaðilar taki mið af þörfum, getu og hæfni nemenda á einstaklingsbundinn hátt. Með því að gefa áhugasviðum þeirra aukið rými í skóla- og fræðslustarfi gefast tækifæri til að vinna út frá styrkleikum og áhuga hvers og eins og vinna gegn neikvæðum samskiptum og ofbeldi af öllu tagi. Til að vinna sérstaklega að auknum gæðum í leik- og grunnskólum og jafnari tækifærum allra, drengja og stúlkna, skipaði mennta- og menningarmálaráðuneyti starfshóp árið 2020 um snemmbæran stuðning í skólakerfinu. Hlutverk hópsins er að koma fram með tillögur um með hvaða hætti unnt sé að bæta líðan og auka námsárangur nemenda, ekki síst drengja, með áherslu á snemmbæran stuðning og draga þannig úr skólaforðun og brotthvarfi frá námi.

Þá hefur verið unnið að því að stuðla að aukinni viðurkenningu á störfum kennara. Í fyrirhugaðri kennaraspá sem unnin verður 2022 vegna innleiðingar menntastefnu 2030 er ráðgert að skoða kynbundna þróun mála og verður einkum litið til þess hvort karlkyns kennurum hafi fækkað eða fjölgað yfir ákveðið tímabil, brotið niður á skólastig og landsvæði.

Aðgerðaáætlun menntastefnu 2030 felur í sér áframhaldandi áherslu á að fjölga kennurum á öllum skólastigum og eru vonir bundnar við að með þeirri aðgerð fjölgi karlkyns kennaranemum enn frekar, en á milli árána 2018 og 2020 fjölgaði karlkyns kennaranemum umtalsvert í Háskóla Íslands. Leiðarljós umbóta er að bæði drengir og stúlkur finni sig í menntakerfinu, að stuðlað sé að jafnrétti innan kerfisins og að dregið sé úr kynjahalla.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Ráðuneytið mun áfram nýta kynjasjónarmið og niðurstöður jafnréttismats í stefnumótun og við markmiðssetningu í fjármálaáætlun og fjárlagafrumvarpi með sérstökum umbótaáðgerðum í þágu hagsmuna nemenda.

### Stjórnarsáttmáli

Vinna á að því að fjölga fagfólki á öllum skólastigum með áframhaldandi hvötum til að sækja kennaranám og möguleikum til starfsþróunar. Sérstök áhersla verður lögð á að rýna stöðu kynjanna í skólakerfinu og koma til móts við ólíkar þarfir þeirra. Þá verða jafnréttis- og kynfræðsla og ofbeldisforvarnir eflar í grunn- og framhaldsskólum.

## Framhaldsfræðsla og menntun óflokkuð á skólastig Málaflokkur 22.2

### Kyngreind tölfraeðigögn


Fyrir liggja kyngreindar tölur um fullorðið fólk sem hefur ekki lokið námi á framhaldsskólastigi og um kynjaskiptingu þátttakenda í námsþjónustu sem Fræðslusjóður styrkir í gegnum símenntunarmiðstöðvar um allt land. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur

utan um þær tölfræðiupplýsingar og greinir fjölda og þátttöku karla og kvenna í vottuðu námi, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimati. Hagstofa Íslands heldur utan um gögn um menntunarstöðu fullorðinna og þátttöku í símenntun almennt, en lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 eiga eingöngu við um þá sem hafa stutta formlega skólagöngu að baki.

### Kynjasjónarmið

Samkvæmt gögnum Hagstofunnar hefur hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið námi í framhaldsskóla hækkað milli ára og var 24,1% árið 2020. Árið 2019 höfðu um 22% landsmanna á aldrinum 25-64 ára þessa stöðu (ISCED 1 og 2) en árin á undan fór þetta hlutfall lækkandi. Sérstaklega er fylgst með þessum mælikvarða til að meta árangur framhaldsfræðsluferfisins á almennan hátt þó svo að margt annað en framhaldsfræðslan ráði því hvort fullorðið fólk ljúki námi síðar á lífsleiðinni. Ekki hefur verið greint til hlítar hvers vegna hlutfallið heldur ekki áfram að lækka. Karlar eru um 56% og konur 44% þeirra sem eru með stutt formlegt nám að baki samkvæmt Hagstofunni. Innan einstakra þjónustuliða framhaldsfræðslunnar kemur fram að hlutfall karla og kvenna sem ljúka námi í vottuðu námsleiðum er nokkuð jafnt á milli ára en konur þó að jafnaði í meiri hluta, þ.e. 65%. Fleiri karlar taka að jafnaði þátt í raunfærnimatsverkefnum enda hafa þau mikið til verið framkvæmd á sviði iðngreina þar sem karlar eru í miklum meiri hluta. Karlar eru einnig naumur meiri hluti þeirra sem leita til náms- og starfsráðgjafa símenntunamiðstöðva.

### Menntunarstaða og nýting úrræða 2020



Almennt hefur fullorðnum nemendum í framhaldsfræðslu fækkað og felst fækkunin í því að færri taka lengri námskeið sem meta má til eininga inn á námsbrautir í framhaldsskólum. Athygli vekur hvað varðar markhóp framhaldsfræðslu að þeim sem sækja ráðgjöf og eru í starfsendurhæfingu fjölgar milli ára. Erlendum ríkisborgurum sem sækja sér ráðgjöf fækkar hins vegar milli árána 2019 og 2020 úr 23% í 17%.



Þátttaka kynjanna í framhaldsfræðslu endurspeglar kynskiptan vinnumarkað hvað varðar störf og náms- og starfsval. Einstaklingar sem hafið hafa nám á framhalds-skólastigi en ekki lokið því eru í miklum meiri hluta þeirra sem fara í raunfærnimat og 95% þeirra karla sem fóru í raunfærnimat koma úr iðngreinum. Konur eru 81% þeirra sem fara í raunfærnimat í almennum bóklegum greinum og karlar 75% þeirra sem fara í mat á almennri starfshæfni. Kynjamunurinn er umtalsverður eftir greinum og virðist endurspegla kynjaskiptar starfsgreinar á vinnumarkaði og hlutfall karl- og kvennemenda í háskólum.

Í ljósi vaxandi mikilvægis sí- og endurmenntunar til að mæta áskorunum fjórðu iðnbyltingar þarf að tryggja viðeigandi náms- og atvinnutækifæri fyrir öll kyn, s.s. á landsbyggðinni. Auknir möguleikar á fjar- og dreifnámi bjóða upp á mikla möguleika til að jafna aðgengi að námi við hæfi og námi sem mætir bæði þörfum atvinnulífs og fjölbreyttum áhuga-sviðum einstaklinga.

#### **Niðurstöður og næstu skref**

Huga þarf betur að jafnræði milli kynja í framhaldsfræðslu fyrir fullorðið fólk. Kynjamunur er mikill í starfsnámi þar sem nær hreinar karlastéttir eru í sumum starfsgreinum og kvennastéttir í öðrum. Þetta námsval endurspeglast einnig á íslenskum vinnumarkaði og sama kynjaskipting birtist enn fremur í tölum um fjölda þátttakenda í námsþjónustu framhaldsfræðslunnar. Brýnt er að vinna gegn þessum staðalmyndum með nýjum nálgunum, s.s. stafrænum, þróun úrræða og auknu samstarfi fræðsluaðila til að auka aðgengi að fjölbreyttara námi sem hentar fullorðnum. Fleiri karlar en konur eru í markhópi framhaldsfræðslunnar og hlutfallslega hafa fleiri lokið formlegu námi á höfuðborgarsvæðinu en utan þess. Framhaldsfræðslukerfið er mikilvægt sem annað tækifæri fólks á vinnumarkaði til náms og það getur lagt grunn að frekara námi og starfsþróunarleiðum.

Fyrirhugað er að vinna áfram að endurskoðun laga um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010, m.a. með það að leiðarljósi að mæta áskorunum fjórðu iðnbyltingar, sníða ramma um íslenskukennslu innflytjenda og tryggja réttindi fatlaðs fólks. [Skýrsla starfshóps um fjórðu iðnbyltinguna](#) sýndi að karlar eru mun líklegri en konur til að gegna störfum sem mögulega munu verða fyrir áhrifum af örrí tæknipróun. Hæsta hlutfall karla sem verða fyrir áhrifum af sjálfvirknivæðingu er hjá þeim hópi sem minnstu menntunina hefur, eða 59% á móti 43% kvenna með sömu menntun.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Huga þarf að kynjasjónarmiðum í úttektum á árangri framhaldsfræðslukerfisins og innleiðingu á aðgerðum tengdum menntastefnu 2030, s.s. hvað varðar starfsmenntun og ævinám vegna áhrifa fjórðu iðnbyltingar á daglegt líf fólks, vinnumarkað og samfélagsþróun. Til að byggja markvisst upp hæfni sem mætir framtíðarþörfum einstaklinga og atvinnulífs þarf að vera til staðar gott aðgengi að styttra sem lengra námi óháð búsetu, aldri, kyni, menntunarstöðu, uppruna og efnahag.

### Stjórnarsáttmáli

Sí- og endurmenntun verður eflað og farið í nauðsynlegar breytingar til að tryggja að framhaldsfræðslukerfið sé í stakk búið til að takast á við samfélagsþróun, m.a. vegna loftslagsbreytinga og tæknivæðingar á vinnumarkaði.

→ Í því samhengi er mikilvægt að taka mið af áhrifum yfirvofandi breytinga á ólíka hópa innan markhóps framhaldsfræðslu og að aðgerðir taki mið af mismunandi þörfum þeirra.

## Sjúkrahúsjónusta



### Sérhæfð sjúkrahúsjónusta Málaflokkur 23.1

Málaflokkurinn fjallar um sérhæfða sjúkrahúsjónustu sem veitt er á Landspítala og Sjúkrahúsinu á Akureyri.

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreind tölfraeðigögn liggja að mestu fyrir í birtum starfsemisupplýsingum og árs-skýrslum stofnana. Þó eru ýmsir þættir starfseminnar sem mætti kyngreina betur.

#### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Ekki er að sjá miklar breytingar milli ára á kyngreindum gögnum tengdum legum á sjúkrahúsunum. Á Landspítala eru legur karla fleiri en kvenna til 20 ára aldurs en síðan eru legur kvenna fleiri að fimmtugsaldri sem er talið tengjast innlögnum tengdum fæðingum. Legur kynjanna eru svo nokkuð jafnar að 80 ára aldri, en þá fjölga legum kvenna umfram karla. Á Sjúkra-húsinu á Akureyri má sjá að konur hafa fleiri legur en karlar og heldur lengri legur að jafnaði sem þó er misjafnt eftir deildum.

Karlar voru frekar innlagðir á sjúkrahús vegna COVID-19 en konur, bæði á SAK og á Landspítala.


Kyn getur haft áhrif bæði hvað varðar algengi sjúkdóma, meðferðir og áhrif sjúkdómanna á vellíðan og bata. Birtingarmyndir sjúkdóma geta verið ólíkar meðal karla og kvenna og svo getur kyn, ásamt viðhorfum meðferðaraðila, einnig haft áhrif á mat einkenna og líðan sjúklings. Því er erfitt að leggja mat á það út frá legutölum sérgreinasjúkrahúsanna hvort um sé að ræða kynbundna mismunun á þá meðferð sem þar er veitt.

Þrátt fyrir að konur lifi almennt lengur en karlar benda nýjar rannsóknir frá Eurostat til þess að færniskerðing kvenna á efri árum sé meiri en karla. Innlagnartölur sjúkrahúsanna styðja við það sjónarmið, þar sem innlagnir kvenna umfram karla eru 20% fleiri milli áttæðs og nírræðs og 47% fleiri eftir nírrætt.


Stór hluti þeirra sem starfa í heilbrigðisþjónustu er konur, hvort sem um er að ræða sérmenntað eða ófaglaert starfsfólk. Vel þekkt er umræðan um streitu og kulnun meðal stórra stétta eins og hjúkrunarfræðinga sem tengist áhættuþáttum í starfsumhverfi þeirra eins og mönnun, stjórnun og samskiptum. Önnur ólaunuð störf sem konur sinna í meira mæli en karlar og tengjast umönnun barna og heimilisstörfum koma til viðbótar, en líklegt er að þar sé komin skýring á hærra veikindahlutfalli meðal kvenna sem starfsmanna sérhæfðu sjúkrahúsanna.

Á Landspítala eru konur 78% allra starfsmanna. Veikindahlutfall kvenna af greiddum stöðugildum er hærra en karla, hvort sem um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu.

**Veikindahlutfall á Landspítala 2020**  
Hlutfall greiddra stöðugilda



**Veikindahlutfall á Sjúkrahúsinu á Akureyri 2020**  
Hlutfall greiddra stöðugilda



Á Sjúkrahúsinu á Akureyri er veikindahlutfall kvenna af greiddum stöðugildum mun hærra en karla fyrir árið 2020 og munar þar 17 prósentustigum (heimild: SAK).

Árið 2020 voru konur 60% þeirra sem biðu að jafnaði eftir vistunar- eða búsetuúrræði á bráða- og biðdeildum sem Landspítalinn hefur til umráða og hefur hlutfallið verið svipað undanfarin ár. Um er að ræða bráðadeildir spítalans (aok öldrunardeilda á Landakoti), biðdeild á Akranesi og biðdeild á Vífilsstöðum. Einhver munur er á þjónustustigi og aðstöðu þessara eininga, en mat er lagt á getu og færni sjúklinga m.t.t. möguleika á plássi utan höfuðborgarsvæðis. Sjúklingar útskrifast af bráðadeildum yfir á Vífilsstaði eða til Akraness og svo þaðan í viðeigandi úrræði utan spítala. Hlutfall karla sem deyja meðan beðið er eftir úrræði var 61% árið 2020 en hlutfall kynja var jafnt árið 2019. Í ljósi þess að fleiri konur en karlar bíða eftir vistunar- eða búsetuúrræði hefði mátt ætla að hlutfall kvenna væri hærra. Þessar niðurstöður benda til lakari heilsu hjá körlum sem bíða eftir vistunarúrræði á Landspítala.

### Niðurstöður og næstu skref

Leggja þarf áherslu á starfsaðstæður kvenna sem starfa á sjúkrahúsum í ljósi meiri veikindafjarvista.

Í framtíðarrannsóknnum á þeim sem smitast af COVID-19 verður áhugavert að sjá hvort veikindi þeirra sem sýkjast leggjast harðar á karla en konur eins og innlagnartölur frá íslenskum sérgreinasjúkrahúsum benda til. Einnig þarf að rýna betur birtingarmynd sjúkdómseinkenna í tengslum við COVID-sýkingar, hvort veikindi leggjast með ólíkum hætti á kynin eða hvort aðrir þættir hafi þar áhrif.

Frekari efling heimaþjónustu og heimahjúkrunar kemur konum sem bíða úrræðis til góða og gætu þær þá frekar útskrifast heim með aukinni aðstoð í stað þess að bíða á biðdeild sjúkrahúsa eftir hjúkrunarheimilisplássi.

**Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Markmið málaflokksins voru höfð til hliðsjónar við kynjagreininguna. Huga þarf að markmiðssetningu sem skarast milli málefna sviða, eins og í þessu tilfelli þar sem birtingarmynd kynjaójafnvægis málefna sviðs 23, Sjúkrahúsjónusta, þarf að leysa í markmiðssetningu og aðgerðum á málefna sviði 24, Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa, í formi eflingar heimahjúkrunar og heimaþjónustu.

**Stjórnarsáttmáli**

Staða og hlutverk Landspítalans sem mikilvægustu heilbrigðisstofnunar landsins verður styrkt. Þjónustutengd fjármögnun verður innleidd í auknum mæli í heilbrigðiskerfið, settir upp miðlægir biðlistar og tryggt að þjónusta sé veitt innan tiltekins ásættanlegs biðtíma.

→ *Við eflingu Landspítala er mikilvægt að tekið sé mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum og ólíkum þörfum starfsfólks, sjúklunga og aðstandenda.*

**Almenn sjúkrahúsjónusta** Málaflokkur 23.2

Málaflokkurinn fjallar um almenna sjúkrahúsjónustu eða annars stigs heilbrigðisþjónustu sem veitt er á almennum göngudeildum, sjúkrasviðum heilbrigðisstofnana.

**Kyngreind tölfraeðigögn**

Töluvert mikið vantar upp á að kyngreind tölfraeðigögn um almenna sjúkrahúsjónustu séu aðgengileg og vel uppfærð þar sem heilbrigðisstofnanir leggja mismikla áherslu á aðgengilegar upplýsingar á vef sínum. Mælaborð Embættis landlæknis er í þróun en vonir standa til að þar verði að finna aðgengilegar upplýsingar um veitta þjónustu stofnana.

**Kynja- og jafnréttissjónarmið**

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að konur og karlar fá ólíka meðhöndlun vegna verkja hjá heilbrigðisstofnunum. Í sænskri rannsókn kom í ljós að síður var tekið mark á konum sem leituðu til bráðadeilda, þær biðu marktækt lengur og voru sjaldnar flokkaðar sem brýnt tilfelli.

Karlar slasast frekar í slysum en konur og er hlutfall þeirra hærra í íþróttaslysum og vinnuslysum.

Árið 2019 skiptust komur á dagdeildir með þeim hætti að 53% voru karlar og 47% konur. Í flestum aldursflokkum var um jafnt hlutfall að ræða en komur karla voru hlutfallslega mun fleiri í aldurshópnum 60+. Þetta er ólík skipting miðað við legur á sérgreinasjúkrahúsum, þar sem konur eru í hærra hlutfalli en karlar í aldursflokknum 60+. Hins vegar áttu konur 55% af komum á göngudeildir árið 2019 en karlar 45% og svipað hlutfall var árið 2020, eða 54% kvenna og 46% karla. Þjónusta dagdeilda heilbrigðisstofnana og sjúkrahúsa er sá þjónustuflokkur sem tengist nánast aldrei þjónustu í kringum meðgöngu og fæðingu og því er kynjaskipting jafnari í þessari þjónustu.

Ef skoðaður er samanburður milli heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni hvað varðar komur á göngudeildir kemur í ljós að víðast hvar er hlutfall kvenna hærra en karla (heimild: Embætti landlæknis).

Heilbrigðisstofnun	Hlutfall kvenna	Hlutfall karla
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi	57%	43%
Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Stykkishólmi	58%	42%
Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Ísafirði	52%	48%
Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Blönduósi	54%	46%
Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Sauðárkróki	53%	47%
Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Siglufirði	53%	47%
Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Húsavík	57%	43%
Heilbrigðisstofnun Austurlands, Neskaupstað	46%	54%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Vestmannaeyjum	49%	51%
Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi	56%	44%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Reykjanesbæ	58%	42%

Heilbrigðisstofnanir gera samninga við sérfræðinga sem koma og veita þjónustu á göngudeildum stofnana víða um land. Það er misjafnt milli sérgreina hvaða þjónusta er í boði á hverjum stað sem getur að einhverju leyti skýrt þann kynjamun sem þarna er, þótt hann sé ekki mikill. Til dæmis gæti ein stofnun boðið upp á reglulegar heimsóknir kvensjúkdómalæknis á meðan önnur býður upp á þjónustu þvagfæraskurðlækna, sem að stórum hluta þjónusta karlmenn.

### Niðurstöður og næstu skref

Mikilvægt er að vinna áfram í því að efla dag- og göngudeildir heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni og tryggja jafnt aðgengi að þjónustunni eins og mögulegt er. Einnig mætti í framhaldinu gera jafnréttismat á komum á bráðamóttökum og hvort um sé að ræða kynjamun á afgreiðslu þeirra. Tryggja þarf samræmda skráningu fjarheilbrigðisþjónustu þannig að upplýsingar endurspegli raunþjónustu.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Markmið fjármálaáætlunar miðar að því að auka aðgengi að sérhæfðri heilbrigðisþjónustu á heilbrigðisstofnunum. Nánari greining á tilteknum hópum eða sérgreinum er nauðsynleg til framtíðar.



### **Stjórnarsáttmáli**

Heilbrigðisstofnanir verða styrktar til að tryggja að rétt þjónusta sé veitt á réttum stað og aðgengi jafnað um land allt.

→ Mikilvægt er að tekið sé mið af mismunandi þörfum íbúa m.t.t. kyns, aldurs og annarra bakgrunnsbreyta.

### **Erlend sjúkrahúspjónusta** Málaflokkur 23.3

#### **Kyngreind tölfraeðigögn**

Erfitt reyndist að ná kyngreindum gögnum um erlenda sjúkrahúspjónustu úr gagnagrunnum Sjúkratrygginga Íslands (SÍ). Mikilvægt er að Sjúkratryggingar Íslands byggi sinn skráningargrunn upp þannig að mögulegt sé að fá fram kyngreind gögn, sérstaklega í ljósi þess að kostnaður vegna sjúkrahúspjónustu erlendis hefur verið vaxandi síðustu ár.

# Heilbrigðisþjónusta utan sjúkrahúsa



## Heilsugæsla Málaflokkur 24.1

### Kyngreind tölfraeðigögn

Til er þó nokkuð af kyngreindum gögnum. Unnið er að ítarlegri greiningu á málaflokknum og þar með talið samantekt á kyngreindum gögnum.

### Kynjasjónarmið

Staðan er sú að fleiri konur en karlar hafa samskipti við heilsugæslustöðvar. Konur virðast búa við lakara heilsufar og verri lífsgæði en karlar og má rekja ástæður þess að hluta til félags- og efnahagslegrar stöðu þeirra í samfélaginu. Kann þetta að skýra að einhverju leyti þann mun sem hefur hingað til verið á notkun þjónustu heilsugæslna hjá konum og körlum. Þetta er meðal þess sem kemur fram í skýrslunni [Heilsufar og heilbrigðisþjónusta – kynja- og jafnréttissjónarmið](#) sem Finnborg Salome Steinþórsdóttir, nýdoktor í kynjafræði, vann fyrir heilbrigðisráðuneytið þar sem heilsufar kynjanna er kortlagt úr frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum og lagt mat á hvort heilbrigðisþjónustan mæti ólíkum þörfum kynjanna. Í skýrslu Finnborgar um efnið eru gerðar ýmsar tillögur til úrbóta þar sem áhersla er lögð á að auka heilsufarslegan jöfnuð og stuðla að jöfnu aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu.

Í [skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar um heilsufar kvenna](#) frá 2016 er talið að staðalmyndir kvenna ýti undir heilsufarsvanda þeirra frá unga aldri. Þær endurspeglast m.a. í því að konur eru taldar tilfinningasamar, örökrænar, samviskusamar, veikgeðja og vitsmunalega síðri en karlar. Þá er talið að þær séu uppteknari af ytri ásýnd og útliti en karlar. Þetta hefur neikvæð áhrif á sjálfstraust þeirra og velferð. Einkum er það talið birtast í geðheilsu, sérstaklega þunglyndi og kvíða. Þá er talið að ein af hverjum þremur konum verði fyrir kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og afleiðingar af því bitna á heilsufari.


Margt bendir því til þess að taka þurfi betur tillit til þarfa kvenna á ýmsum sviðum heilbrigðisþjónustunnar, s.s. þegar kemur að geðheilbrigðismálum, úrræðum vegna langvarandi verkja, endómetríósu og meðferðar vegna áfengis- og vímuefna.

Þá benda vestrænar rannsóknir til þess að staðalmyndir karla hindri þá í að leita sér hjálpar, sérstaklega þegar kemur að geðröskunum. Í skýrslu [Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um heilsufar karla í Evrópulöndum](#) eru t.d. dregnar fram tengingar staðalmynda um karlmennsku við aukna áhættuhegðun og vannýtingu heilbrigðisþjónustu. Nýleg sænsk rannsókn sýndi jafnframt að konur voru líklegri til að fá hjálp við þunglyndi en karlar þegar eftir því var leitað á heilsugæslu og eru staðalmyndir og fordómar talin líklegustu skýringarnar.

Við skoðun á notkun kvenna og karla á heilbrigðisþjónustu hérlendis kemur í ljós að á árinu 2020 var hlutfall karla sem komu á heilsugæslu 42% en kvenna 58%. Ef eingöngu eru skoðuð símtöl var hlutfall karla 39,4% en hlutfall kvenna 60,6%. Þegar notkun á Heilsuveru er skoðuð sést að karlar voru 45,4% notenda Heilsuveru árið 2020 en konur

54,6%. Sú mikla aukning sem varð í notkun karla á Heilsuveru á þó rætur að rekja til COVID-19 faraldursins þar sem Heilsuvera var nýtt undir hin ýmsu mál tengd faraldrinum. Þessi kynjamunur minnkaði enn frekar á árinu 2021 en þá var munurinn enginn, þ.e. af notendum Heilsuveru árið 2021 var hlutfallið 50% karlar og 50% konur í heildina. Notkun eftir kynjum og aldurshópum á árinu 2021 liggur fyrir (sjá mynd).

Fjöldi notenda Heilsuveru eftir aldri og kyni



### Niðurstöður og næstu skref

Notkun heilsugæslunnar er minni á meðal karla en kvenna líkt og fram hefur komið. Hins vegar virðist ástæða þess vera sú að konur búi við lakara heilsufar og minni lífsgæði en karlar, sem kallar á að konur leiti sér oftast aðstoðar á heilsugæslu til að takast á við skert lífsgæði.

Síðastliðið ár hefur orðið mikil aukning meðal karla í notkun á Heilsuveru en það má þó að miklu leyti rekja til COVID-19 faraldursins. Í dag er Heilsuvera mikilvægur vettvangur í baráttunni við COVID-19 faraldurinn þar sem mikil samskipti við hinn almenna borgara fara nú fram með ýmsum hætti í gegnum Heilsuveru.

Þá má ætla, líkt og fram kemur í skýrslu Finnborgar, að þörf sé á að gera ýmsar úrbætur þar sem lögð verði áhersla á aukinn heilsufarslegan jöfnuð og þannig stuðla að jöfnu aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu. Má þar sem dæmi nefna eflingu fjölbreyttra meðferðarúrræða vegna áfengis- og vímuefnavanda þar sem sérfræðingar hafa bent á að ráðandi úrræði taki ekki nægilega mið af þörfum kvenna og kynjuðum áhrifaþáttum fyrir skaðlegri notkun áfengis og vímuefna.

Þörf er á að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem tryggja jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu og gefur skýrsla Finnborgar skýra mynd af þeim aðgerðum sem þörf er á að grípa til. Skýrslan er því mikilvægt verkfæri í þeirri vegferð að tryggja jafnt aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu þar sem tekið er mið af misjöfnum þörfum og ólíkum bakgrunni.



### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Í markmiðum málaflokksins er lögð áhersla á skilvirka og aðgengilega þjónustu fyrir þá sem leita til heilsugæslu. Skoða mætti hvort kynbundnir þættir hafa áhrif á notkun kynjanna á þjónustu heilsugæslunnar, s.s. barnsburður.

### Stjórnarsáttmáli

Heilsugæslan verður styrkt enn frekar sem fyrsti viðkomustaður notenda og byggð upp þverfagleg teymisvinna þar sem unnið er að stöðugum umbótum. Þjónusta verður aukin og heilsugæslustöðvum fjölgað. Geðheilbrigðisþjónusta verður áfram eflid fyrir alla hópa samfélagsins. Sérstök áhersla verður lögð á að efla geðheilbrigðisþjónustu í forvarnaskyni. Geðheilsuteymi um land allt verða eflid, áhrif notenda á þjónustuna aukin og stefnt að því að þjónustan verði fjölbreytt og miðuð að ólíkum þörfum.

### Sérfræðiþjónusta og hjúkrun Málaflokkur 24.2

Málaflokkurinn fjallar um sérfræðiþjónustu fagaðila sem veita sérhæfða þjónustu utan sjúkrahúsa. Þjónustan er almennt veitt á grundvelli samninga við Sjúkratryggingar Íslands.

### Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreind gögn eru til staðar hjá Sjúkratryggingum Íslands. Sjúkratryggingar vinna nú að því að gera gögn um mismunandi þjónustu aðgengileg á mælaborðum hjá sér sem gerir gögnin aðgengileg og sjálfvirk þannig að auðvelt er að nálgast þau í rauntíma.

### Kynjasjónarmið

Konur eru 57% þeirra sem nýttu sér þjónustu sérgreinalækna með samning við Sjúkratryggingar Íslands árið 2021, á móti 43% karla, sem er í samræmi við komur á heilsugæsluna. Þetta eru óbreytt hlutföll frá 2020. Um er að ræða 29 sérgreinar og nýta konur sér þjónustu sérgreinalækna í meira mæli en karlar í meiri hluta flokka. Meðalfjöldi koma var sá sami hjá körlum og konum eða 1,7 komur á hvern einstakling. Ef kvensjúkdómalæknar eru undanskildir er kynjaskiptingin með þeim hætti að konur voru 53% þeirra sem notuðu þjónustu sérgreinalækna og karlar 47%. Ákveðinn kynjamun má sjá eftir sérgreinum.


Þessar tölur benda til þess að konur búi við heldur verri heilsu en karlar og nýti sér í meira mæli þjónustuna af þeim orsökum, auk þess sem konur á barnseignaraldri hafa meiri þörf fyrir þjónustu sérgreinalækna.

## Konur eftir sérgrein 2020

Heilbrigðisstofnun	Karlar (n)	Karlar (%)	Konur (n)	Konur (%)
Augnlæknar	28.261	43%	38.091	57%
Augnskurðlækningar	273	38%	437	62%
Barnageðlæknar	4.131	56%	3.195	44%
Barnahjartalæknar	899	48%	980	52%
Barnalæknar	19.898	54%	17.115	46%
Barnalæknaþjónustan ehf.	3.734	53%	3.348	47%
Blóðfræðingar	3.977	71%	1.603	29%
Bæklunarlæknar	15.259	50%	15.519	50%
Efnaskiptalæknar	2.225	36%	3.935	64%
Endurhæfingarlæknar	95	27%	260	73%
Geðlæknar	12.896	41%	18.425	59%
Gigtarlæknar	3.942	32%	8.344	68%
Háls-, nef- og eyrnalæknar	18.485	50%	18.465	50%
Hjartalæknar	23.919	57%	18.333	43%
Húðlæknar	21.722	39%	34.180	61%
Krabbameinslæknar	800	50%	790	50%
Kvensjúkdómalæknar	414	1%	38.817	99%
Lungnalæknar	2.575	42%	3.569	58%
Lyflæknar- almennir	11	16%	56	84%
Lýtalæknar	3.016	39%	4.722	61%
Meltingarlæknar	7.977	43%	10.719	57%
Nýrnalæknar	547	63%	317	37%
Ofnæmis-og ónæmislæknar	1.023	33%	2.048	67%
Sérfræðingar í heimilislækningum	78	19%	336	81%
Skurðlæknar	7.151	43%	9.421	57%
Svæfingarlæknar	5.706	52%	5.307	48%
Taugalæknar	2.331	34%	4.451	66%
Þvagfæralæknar	13.884	90%	1.522	10%
Öldrunarlæknar	132	29%	316	71%

Komur til sérgreinalækna voru í 17% tilvika vegna barna yngri en 14 ára. Fleiri drengir en stúlkur á því aldersbili komu til sérgreinalækna þar sem munar um 20% bæði í fjölda einstaklinga og fjölda koma á aldersbilinu 0-4 ára og 10% í fjölda einstaklinga og 14% í fjölda koma á aldersbilinu 5-9 ára. Frá og með 14 ára aldri eru komur til sérgreinalækna fleiri frá stúlkum og konum á flestum aldersárum. Þennan kynjamun er að hluta til hægt að skýra með komum til kvensjúkdómalækna, en á árinu 2020 voru 15% af komum kvenna til sérgreinalækna til kvensjúkdómalækna. Komur til annarra sérgreinalækna voru í fleiri tilfellum algengari hjá konum og voru konur t.d. 69% þeirra sem fóru til gigtarlækna og 67% þeirra sem fóru til efnaskiptalækna.

### Komur til sérgreinalækna 2021



Hluttur sjúklings í kostnaði við þjónustu sérgreinalækna er að meðaltali 5,1% hærri hjá konum en körlum fyrir hverja komu (1,1% hærri fyrir hvern einstakling). Virðist þar muna mest um kostnað við stúlkur og konur 19 ára og yngri þar sem hluttur sjúklings er að meðaltali 41% hærri fyrir hverja komu og 33% hærri fyrir hvern einstakling. Skýringu á þessum mun er líklega að finna í greiðsluþátttökukerfinu þar sem drengir á þessum aldri nýta sér einnig í meira mæli aðra þjónustu, s.s. sjúkraþjálfun og þjónustu talmeinafræðinga. Á aldrinum 35-84 ára er hluttur sjúklings hærri hjá körlum sem á sér þá svipaða skýringu þar sem konur nota heilbrigðisþjónustuna meira.

Munur var á notkun sérhæfðrar heilbrigðisþjónustu eftir búsetusvæðum árið 2020. Flestar sérfræðingsheimsóknir lækna á samningi við Sjúkratryggingar Íslands voru hjá íbúum á höfuðborgarsvæðinu (1,5), en færstar heimsóknir hjá íbúum á Vestfjörðum (0,5) og á Austurlandi (0,6). Hugsanlega hefur lítið framboð af sérhæfðri heilbrigðisþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins áhrif á notkun þjónustunnar. Í skýrslunni [Heilsufar og heilbrigðisþjónusta](#) – kynja- og jafnréttissjónarmið frá 2021 kemur fram að íbúar utan höfuðborgarsvæðisins meti líkamega og andlega heilsu sína verri en íbúar á höfuðborgarsvæðinu og að mat á eigin heilsu sé nátengt aðgengi að heilbrigðisþjónustu í heimabyggð.

**Niðurstöður og næstu skref**

Konur nýta þjónustu sérgreinalækna heilt yfir í meira mæli en karlar en munurinn minnkaði heldur þegar komur til annarra sérgreinalækna en kvensjúkdómalækna voru skoðaðar. Möguleg skýring á þessum mun er að konur á barneignaraldri hafi meiri þörf fyrir þjónustu sérgreinalækna.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi lækkun á greiðsluþátttöku sjúklinga í heilbrigðiskerfinu. Lægri greiðsluþátttaka ætti að koma konum til góða þar sem kynbundinn launamunur er enn til staðar í þjóðfélaginu og stórar kvennastéttir, t.d. konur sem starfa við umönnun, eru með laun undir miðgildi. Einnig eru konur frekar en karlar einar með börn á framfæri og lækkun greiðsluþátttöku nýtist í þeim tilfellum. Samkvæmt lífshagfræðingum Hagstofu Íslands eru konur í öllum tekjubílum líklegri en karlar í sama tekjubili til að vera með heilsufarslegar takmarkanir í daglegu lífi. Hlutfallslega fleiri konur en karlar sóttu sér ekki þjónustu lækna eða tannlækna þrátt fyrir að þurfa á því að halda vegna þess að það var of dýrt.

**Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Í markmiði málaflokksins er lögð áhersla á að jafna aðgengi sjúklinga að þjónustu sérfræðilækna óháð búsetu. Skoðaðu hvort viðeigandi sé að sett verði markmið sem miðar að jafnrétti kynjanna í næstu fjármálaáætlun.

**Stjórnarsáttmáli**

Aðgengi allra landsmanna að sérfræðiþjónustu verður bætt í samráði við heilbrigðisstofnanir í öllum umdæmum. Áfram verður dregið úr greiðsluþátttöku sjúklinga, með áherslu á viðkvæma hópa.

→ *Mikilvægt er að tekið sé mið af mismunandi þörfum íbúa m.t.t. kyns, aldurs og annarra bakgrunnsbreyta.*

**Sjúkráþjálfun, iðjuþjálfun og talþjálfun** Málaflokkur 24.3

Málaflokkurinn tekur til þjónustu ofangreindra þjónustuveitenda utan sjúkrahúsa, oftast í gegnum samninga við Sjúkratryggingar Íslands..

**Kyngreind tölfraeðigögn**


Kyngreind gögn eru til staðar hjá Sjúkratryggingum Íslands en taka þá eingöngu til þeirrar þjónustu sem veitt er utan sjúkrahúsa og stofnana.

**Kynjasjónarmið**

Stoðkerfisvandamál geta haft mikil áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks. Stoðkerfisvandamál eru önnur algengasta ástæða örorku á Íslandi og eru mun fleiri konur meðal örorkulífeyrisþega með stoðkerfissjúkdóma sem fyrstu sjúkdómsgreiningu en karlar í sama hópi. Einnig eru mun fleiri konur en karlar greindar með gigtarsjúkdóma, sér í lagi vefjagigt og slitgigt.


Notendur þjónustu sjúkraþjálfara árið 2020 voru 60% konur og áttu þær jafnframt 63% af komum til sjúkraþjálfara (konur komu að meðaltali í 14,6 skipti á móti 13,2 skiptum hjá körlum).

### Komur til sjúkraþjálfara 2020



Konur voru meiri hluti notenda sjúkraþjálfunar í flestum aldersbilum fyrir utan aldurinn 0-9 ára þar sem örlítið fleiri drengir en stúlkur fengu þjónustu sjúkraþjálfara og fengu þeir í þeim aldurshópi einnig fleiri tíma. Stærsti hópur notenda er á aldrinum 45-64 eða um 32% skjólstaðinga en einstaklingar á aldrinum 75 ára og eldri þurfa flesta tíma á hvern einstakling að meðaltali.

### Einstaklingar til sjúkraþjálfara 2020 eftir aldri og kyni



Eftir búsetu voru flestar komur til sjúkraþjálfara frá íbúum Norðurlands (2,4) en þar á eftir koma Suðurland (2,1) og höfuðborgarsvæðið (2,1). Fæstar heimsóknir voru frá



íbúum Austurlands (1,1). Hugsanlega hefur framboð af sjúkraþjálfun milli landshluta áhrif á notkun þjónustunnar.

Hluti einstaklings í kostnaði sjúkraþjálfunar var 8,7% hærri hjá konum en körlum, en aftur á móti var kostnaðurinn 1,7% lægri við hverja komu (sem sagt hærri kostnaður vegna fleiri koma).

Kyngreind gögn varðandi iðjuþjálfun eru mjög takmörkuð en iðjuþjálfarar starfa á mörgum stöðum innan heilbrigðiskerfisins. Gögnin sem fengust ná til þjónustu iðjuþjálfara hjá Gigtarfélagi Íslands á höfuðborgarsvæðinu og Sjálfsbjörg á Akureyri og ná til 184 einstaklinga sem nýttu sér þjónustu iðjuþjálfara á þessum tveimur stöðum árið 2020. 63% notenda þjónustunnar eru konur og áttu þær um 50% af komum til iðjuþjálfara. Karlar þurftu að meðaltali 29 skipti hjá iðjuþjálfara á móti 17 skiptum hjá konum. Skjólstæðingahópur iðjuþjálfara var töluvert ólíkur milli kynjanna þar sem 69% karlkyns skjólstæðinga voru á aldrinum 0-14 ára en einungis 17% kvenkyns skjólstæðinga voru á þessum aldri. Hins vegar var 51% kvenkyns skjólstæðinga á aldrinum 60-79 ára á móti 19% karlkyns skjólstæðingum. Hafa ber í huga að hér er eingöngu um að ræða tölur frá tveimur þjónustuveitendum, þ.e. Gigtarfélagi Íslands sem sinnir eingöngu fullorðnum þar sem konur eru 90% þeirra sem þiggja þjónustu iðjuþjálfara og hins vegar Sjálfsbjörg á Akureyri þar sem 72% skjólstæðingahóps iðjuþjálfara eru börn og í 60% tilfella karlkyns. Gefa þessar tölur ekki endilega rétta mynd af skjólstæðingahópi iðjuþjálfara sem er sinnt á hinum ýmsum stöðum innan heilbrigðiskerfisins.

Skjólstæðingar talmeinafræðinga á samningi við Sjúkratryggingar Íslands voru árið 2020 í 69% tilfella karlkyns og áttu þeir jafnframt um 70% af komum til talmeinafræðinga. 92,4% karlkyns og 89,1% kvenkyns skjólstæðinga talmeinafræðinga eru á aldrinum 0-14 ára og á þessi skjólstæðingahópur jafnframt 91,5% af komum til talmeinafræðinga. Að meðaltali nýtti um 4,1% drengja og 1,9% stúlkna undir 18 ára aldri þjónustu talmeinafræðinga. Hjá drengjum var hlutfallið hæst á Norðurlandi (4,7%) og Suðurlandi (4,6%) en hjá stúlkum á Vesturlandi (2,3%) og Vestfjörðum (2,2%). Hlutfallslega fengu fæst börn af öllum kynjum þjónustu talmeinafræðinga á Suðurnesjum. Áhugavert væri að skoða nánar þjónustuna eftir landsvæðum en mögulega er þjónus tan veitt með mismunandi hætti á öðrum stöðum í kerfinu, t.d. innan skólakerfisins.

Hluttur einstaklings er 80% hærri á hvern kvenkyns einstakling og 92% hærri fyrir hverja komu. Líkleg skýring á þessum mun er notkun karlkyns skjólstæðinga á annarri þjónustu samhlíða, s.s. þjónustu sérgreinalækna eða sjúkraþjálfara.

### Niðurstöður og næstu skref

Til eru nokkuð góð kyngreind gögn frá Sjúkratryggingum Íslands og er hluti af þeim gögnum aðgengilegur á [mælaborði](#) á vefsíðu stofnunarinnar.

Stoðkerfisvandamál eru næstalgengasta ástæða örorku hér á landi og eru mun fleiri konur meðal örorkulífeyrisþega með stoðkerfissjúkdóma sem fyrstu sjúkdómsgreiningu en karlar í sama hópi. Einnig eru mun fleiri konur en karlar greindar með gigtarsjúkdóm. Konur eru í meiri hluta þeirra sem fá þjónustu sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva vegna sjúkdóma í vöðva- og beinakerfi og í bandvef og nýta jafnframt í meira mæli þjónustu sjúkraþjálfara.

Nýlega var stofnaður starfshópur sem hefur það verkefni að vinna heildstæðar tillögur um þjónustu talmeinafræðinga við börn og var fyrirhugað að hópurinn skilaði af sér tillögum í lok árs 2021. Vert er að taka kynjasjónarmið inn í þá vinnu þar sem drengir virðast þurfa mun frekar á þessari þjónustu að halda en stúlkur.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Í fjármálaáætlun 2023–2027 var í fyrsta skipti skilgreint markmið og mælikvarði í mála-flokknum. Skoða mætti hvort viðeigandi sé að sundurgreina mælikvarða eftir kynjum í næstu fjármálaáætlun.

## Sjúkraflutningar Málaflokkur 24.4

Málaflokkurinn fjallar um alla flutninga sjúkra og slasaðra utan sjúkrahúsa, á landi og í lofti.


### Kyngreind tölfræðigögn

Til eru nokkuð góð kyngreind gögn hjá Neyðarlínunni. Stefnt er að því að upplýsingar um sjúkraflutninga á landsvísu verði gerðar aðgengilegar í mælaborði á vef.


### Kynjasjónarmið

Eldri gögn sýna nokkuð jafna skiptingu milli kynja hvað varðar alla sjúkraflutninga á landsvísu. Gögn frá 2020 styðja áfram þá niðurstöðu. Þegar litið er til bráðaflutninga (F1-flutninga) kemur í ljós að hlutfall karla er þar mun hærra, eða 59%.

#### F1 Sjúkraflutningur á landsvísu 2022



#### Allir sjúkraflutningar á landsvísu 2022




■ Kona ■ Karl

Karlar eru frekar fluttir F1-flutningum með bráðeinkenni frá hjarta eða blóðrásarkerfi og vegna slysa á landi en konur. Þær flutningstölur ríma við aðrar greiningar á algengi slíkra sjúkdóma sem er meira hjá körlum en konum.

Sjúkraflutningar með sjúkrabílum flokkaðir eftir landshlutum sýna nokkuð jafna kynjaskiptingu (heimild: Neyðarlínan).

#### Sjúkraflutningar með sjúkrabíl eftir landshlutum



■ Karlur ■ Konur

Tiltölulega jöfn kynjaskipting milli landshluta bendir til þess að viðmið fólks sem kallar eftir sjúkrabíl sé svipað um allt land. Það er helst að Norðurlandið skeri sig úr, þar sem hlutfall flutninga kvenna er hærra en karla. Hvort það skýrist af ólíkri sjúkdóma- eða slysatíðni milli kynja á Norðurlandi eða ólíkum útkallsþröskuldi, hvort kallað er eftir sjúkraflutningi, er ekki hægt að segja nema fara í nánari greiningar á þessum tölum.

#### **Niðurstöður og næstu skref**

Unnið er að samræmdri rafrænni skráningu á sjúkraflutningaskýrslum um allt land. Vonir standa til þess að það skráningarform komist til framkvæmda á árinu 2022. Með því skapast heilmikil tækifæri til frekari greiningar- og gæðavinnu sem munu m.a. nýtast við jafnréttismat til framtíðar. Til framtíðar væri áhugavert að skoða kynjaskiptingu á sjúkraflutningum allra forgangsflokka (F1-F4).

#### **Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Núgildandi markmið í fjármálaáætlun miðar að viðbragðsflýti við bráðaútköllum. Á árinu 2021 var samþykkt aðgerðaáætlun um sjúkraflutninga og bráðaþjónustu til ársins 2025. Niðurstöður kynjagreiningar hér benda ekki til þess að um verulegan kynjamun sé að ræða í þessum málaflokki.

## Hjúkrunar- og endurhæfingarrými



### Hjúkrunar-, dvalar- og dagdvalarrými Málaflokkur 25.1

#### Kyngreind tölfræðigögn

Kyngreind tölfræðigögn eru til í skýrslu frá árinu 2014, *Aldraðir í hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum*. Kalla þarf sérstaklega eftir nýjum tölum.

#### Kynjasjónarmið

Kynjasjónarmið birtast með margvíslegum hætti innan málaflokksins. Samkvæmt rannsóknnum eru konur í miklum meiri hluta umönnunaraðila, bæði hvað varðar formlega umönnun sem starfsfólk heilbrigðisþjónustu en einnig í þeim hópi sem veitir óformlega umönnun við aldrað, veikt og fatlað fólk á heimilum þess samkvæmt [stöðuskýrslu 2021](#) um kortlagningu kynjasjónarmiða. Sjá einnig umfjöllun um kynjasjónarmið í [Aldraðir í hjúkrunarrýmum á hjúkrunarheimilum](#).

Í drögum að stefnu um heilbrigðisþjónustu fyrir aldraða frá júní 2021 kemur fram að miðað við fjölda hjúkrunarrýma megi áætla að 21,4% íbúa 80 ára og eldri búi á hjúkrunarheimili. Kynjaskipting íbúa hjúkrunarheimila árið 2020, sem flestir eru aldraðir, skiptist þannig að 63% eru konur og 37% eru karlar. Hlutfallið er svipað og verið hefur undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum frá Embætti landlæknis hallar þó verulega á konur þegar horft er til miðgildis biðtíma eftir hjúkrunarrými. Í þremur heilbrigðisumdæmum af sjö er miðgildi biðtíma milli kynja nokkuð sambærilegt. Í þremur öðrum heilbrigðisumdæmum bíða konur þrisvar sinnum lengur en karlar eftir inntöku í hjúkrunarrými, þótt fjöldi karla og kvenna sem bíður eftir rými sé sambærilegur. Ekki er ljóst hvað veldur þessum mun, en áhugavert væri að skoða hann nánar. Í sjöunda heilbrigðisumdæminu eru fáir einstaklingar undir þannig að ekki er hægt að draga ályktun út frá þeim mismun. Rétt er að árétta að einstaklingar sem bíða varanlegs flutnings eftir hjúkrunarrými hafa allir verið metnir í þörf fyrir hjúkrunarrými af færni- og heilsumatsnefndum.

Konur eru 60% þeirra sem biðu að jafnaði eftir vistunar- eða búsetuúrræði á bráða- og biðdeildum Landspítala (sjá 23.1) og konur eru 57% þeirra sem útskrifast af Landspítala á hjúkrunarheimili með færni- og heilsumat árið 2020.

#### Niðurstöður og næstu skref

Vert er að kanna möguleg tengsl umönnunarbyrði kvenna við þá staðreynd að konur eru í miklum meiri hluta þeirrar nýliðunar sem hefur orðið í hópi örorkulífeyrisþega síðustu tíu ár.

Unnið er að því hjá Sjúkratryggingum Íslands að bæta aðgengi að birtingu á kyngreindum gögnum í tengslum við hjúkrunarheimilin.

#### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Þingsályktunartillaga um mótun stefnu í aðdraganda aðgerðaáætlunar í heilbrigðisþjónustu við aldraða hefur verið lögð fram á Alþingi. Í aðgerðaáætlun er mikilvægt að



horfa til kynjasjónarmiða á þeim sviðum sem sýnt er að feli í sér ójöfnuð. Ástæða er til þess að kanna frekar tengsl á milli umönnunarstarfa og vanheilsu, m.a. vegna stoðkerfisvandamála.

#### **Stjórnarsáttmáli**

Áfram verða þróaðar fjölbreyttari búsetu- og þjónustuleiðir til að auðvelda eldra fólki að búa sem lengst heima. Sérstaklega verður lögð áhersla á heilsueflandi aðgerðir til að sporna gegn félagslegri einangrun og einmanaleika.

*→ Í þessu samhengi þarf að hafa í huga ólíka nýtingu kynjanna á slíkri þjónustu og tryggja að hún nái til allra sem á henni þurfa að halda. Þá er einnig vert að huga að því hver áhrif aukinnar áherslu á að eldra fólk geti búið sem lengst heima kunni að vera á umönnun af hálfu aðstandenda.*

#### **Endurhæfingþjónusta** Málaflokkur 25.2

Undir málaflokkinn falla endurhæfingarrými sem ætluð eru fólki sem þarfnast þverfaglegrar endurhæfingar.oftast í gegnum samninga við Sjúkratryggingar Íslands.


#### **Kyngreind tölfraeðigögn**

Kyngreind tölfraeðigögn eru til staðar hjá þjónustuveitanda og eru kyngreind gögn að einhverju leyti aðgengileg í ársritum stofnananna. Í tillögum að endurhæfingarstefnu er mælt með reglubundinni söfnun og birtingu lykilupplýsinga um endurhæfingu. Mikilvægt er að gætt verði að því að slík tölfraedi verði kyngreind og taki jafnvel til aðgengis að þjónustunni eftir búsetu fólks.


#### **Kynjasjónarmið**

Karlar eru fjölmennari meðal skjólstaðinga SÁÁ og voru árið 2020 66% af innlögðum einstaklingum á sjúkrahúsið Vog. Innlögnum fækkaði um 21% á milli áráanna 2019 og 2020 en hlutfall kvenna hækkaði á sama tíma, bæði í innlögnum á sjúkrahúsið Vog og í göngudeildarþjónustu SÁÁ.

### Hlutfall innlagna og einstaklinga á sjúkrahúsinu Vogu 2019 og 2020 eftir kyni



### Komur á göngudeild SÁÁ




Töluverður samdráttur varð á starfsemi sjúkrahússins og göngudeildanna árið 2020 vegna COVID en samkvæmt upplýsingum frá SÁÁ dró ekki úr aðgengi að þjónustunni þar sem innlagnarbeiðnum fækkaði verulega. Hjá körlum hefur biðtími verið á bilinu 106-124 dagar en eilítið styttri hjá konum, eða á bilinu 75-105 dagar. Konur eiga á hættu að verða áreittar eða beittar ofbeldi í meðferð. Rannsóknir á orsökum neyslu sýna að ofbeldi í æsku og á fullorðinsárum er stór áhættuþáttur fyrir misnotkun kvenna á áfengi og vímuefnum. Því er mikilvægt að sértæk meðferðarúrræði séu í boði fyrir konur, þar sem þær séu öruggar og unnið sé úr orsök vandans, sem er í mörgum tilfellum það ofbeldi sem þær hafa orðið fyrir og áfallastreituröskun.




Skjólstæðingar í endurhæfingu á Reykjalundi voru 61% konur og 39% karlar árið 2020 og voru konur í miklum meiri hluta á gigtarsviði, geðheilsusviði og verkjasviði, en karlar fjölmennari á hjartasviði. Meðalfjöldi koma var svipaður milli kynja, en þó er mikill munur eftir því á hvaða sviði fólk var. Þannig var meðalfjöldi koma hæstur í starfsendurhæfingunni og næsthæstur á geðheilsusviði. Meðaldagafjöldi á biðlista var 65 dagar hjá körlum og 57 dagar hjá konum. COVID-19 faraldurinn hafði áhrif á starfsemi Reykjalundar á árinu 2020 og ein afleiðing þess var að biðlistar lengdust.

### Skipting milli kynja eftir sviðum á Reykjalundi 2020



Konur voru 71% skjólstæðinga á Heilsustofnun NLFÍ árið 2019 og voru þær í miklum meiri hluta á verkjalínu, í streitumeðferð og á gigtarsviði. Kynjahlutföllin eru jöfnust þegar kemur að innlögnum vegna hjartasjúkdóma, taugasjúkdóma og offitu-/efnaskiptavanda. Aldursdreifing skjólstæðinga á Heilsustofnun NLFÍ var nokkuð svipuð eftir kynjum. Hærra hlutfall kvenkyns skjólstæðinga var á aldrinum 51-60 ára. Þá var hærra hlutfall karlkyns skjólstæðinga á aldrinum 71-80 ára. Um þriðjungur skjólstæðinga var á aldrinum 61-70 ára.

## Skjólstæðingar á Heilsustofnun NLFÍ árið 2019



## Niðurstöður og næstu skref

Töluverður kynjamunur er á nýtingu allra tegunda endurhæfingarþjónustu sem greind var. Fleiri konur en karlar eru greindar með gigtarsjúkdóma, auk þess sem mun fleiri konur meðal örorkulífeyrisþega eru með stoðkerfissjúkdóma sem fyrstu sjúkdómsgreiningu heldur en karlar í sama hópi. Í umfjöllun um langvinna verk í skýrslunni [Heilsufar og heilbrigðisþjónusta – kynja- og jafnréttissjónarmið](#) kemur fram að rannsóknir sýni að staðalmyndir um kyn hafa áhrif á greiningu og meðferð við verkjum. Þá séu konur álitnar viðkvæmari en karlar og því líklegri til að greina frá verkjum. Þær mæti áskorunum þegar kemur að því að sækja sér heilbrigðisþjónustu vegna verkja, þar sem síður er hlustað á þær eða verkirnir smættaðir niður í andlegan vanda og þær því ólíklegri til að fá verkjastillandi lyf. Þær fá þá frekar þunglyndislyf. Þá er einnig algengara að konur greini frá streitu og er ein ástæða talin vera sú að konur taka ennþá meiri ábyrgð á ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum, auk þess að vera á vinnumarkaði (Andrea Hjálmsdóttir og Marta Einarsdóttir, 2019).<sup>18</sup>

Huga ætti sérstaklega að því að framboð endurhæfingarþjónustu endurspegli þörf allra kynja. Huga þarf sérstaklega að því að þau meðferðarúrræði sem eru í boði við áfengis- og vímuefnavanda henti þörfum kvenna.

## Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Huga þarf að setningu markmiða sem tengjast endurhæfingu og þjónustu sjúklinga með áfengis- og vímuefnavanda í næstu fjármálaáætlun.

## Stjórnarsáttmáli

Þjónusta og stuðningur til þátttöku og endurhæfingar verða tryggð.

→ Í þessu samhengi væri vert að skoða nánar ástæður þess mikla kynjamunar sem er á nýtingu á endurhæfingarþjónustu og hvort gera þurfi breytingar til að ná betur til allra kynja.

<sup>18</sup> [https://www.rha.is/static/files/hamstur-i-hjoli\\_grein\\_marta-og-andrea.pdf](https://www.rha.is/static/files/hamstur-i-hjoli_grein_marta-og-andrea.pdf)

## Lyf og lækningavörur



### Lyf Málaflokkur 26.1


#### Kyngreind tölfræðigögn

Nauðsynleg gögn eru til staðar hjá Embætti landlæknis og Sjúkratryggingum Íslands.

#### Kynjasjónarmið

Lyfjanotkun eftir kynjum er hægt að skoða eftir þremur breytum, þ.e. fjölda einstaklinga sem hlutfalls af þjóðarþýði, fjölda lyfjaávisana og fjölda dagskammta. Heildarfjöldi afgreiddra lyfjaávisana árið 2020 var 2.217.151 og sem hlutfall af þjóðarþýði reyndust 78% (81,4% 2018) kvenna hafa leyst út lyf árið 2020 en 64,2% karla (68% 2018). Líkt og myndin hér að neðan sýnir er meiri hluti lyfjaávisana til kvenna, auk þess sem konur leysa út meiri hluta allra dagskammta.

Lyfjaávisanir 2020



Sama hvernig á það er lítið er kynjamunur þegar kemur að notkun á lyfjum og skýringarnar á því eru margvíslegar. Augljós skýring þar sem kynjamunur er til staðar er notkun hormónalyfja til getnaðarvarna og til að meðhöndla einkenni á breytingaskeiði. Þá er talið að staðalmyndir kvenna ýti undir heilsufarsvanda þeirra frá unga aldri. Einkum er það talið birtast í geðheilsu, sérstaklega þunglyndi og kvíða (sjá nánar í umfjöllun um málaflokk 24.1 Heilsugæsla). Tölur hérlendis styðja þetta þar sem konur nota nær tvöfalt meira af þunglyndis-, kvíðastillandi og svefnlyfjum. Nánar er fjallað um mögulegar ástæður kynbundins munar á lyfjanotkun í stöðuskýrslu 2021.

#### Niðurstöður og næstu skref

Töluverður munur er á notkun kynjanna á lyfjum sem þarfnast nánari greiningar. Þannig bera tölur með sér að karlar nýti heilbrigðisþjónustu í minna mæli en konur og það



endurspeglar í lyfjanotkun. Kanna þarf eðli þess og orsakir. Kanna þarf hvers vegna konur eru líklegri til að lifa við heilsufarslegar takmarkanir sem mögulega hefur meiri lyfjanotkun í för með sér.

#### **Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Brugðist hefur verið við með niðurgreiðslu getnaðarvarnarlyfja fyrir viðkvæma hópa í samræmi við markmið í fjármálaáætlun en þar hallar augljóslega á annað kynið. Þá þarf að taka álíka afstöðu til lyfja við rístruflunum fyrir karla og bólusetningu drengja við HPV sem valdið getur krabbameinum hjá öllum kynjum.

#### **Stjórnarsáttmáli**

Áfram verður dregið úr greiðsluþátttöku sjúklinga, með áherslu á viðkvæma hópa.

### **Hjálpartæki** Málaflokkur 26.3

#### **Kyngreind tölfraeðigögn**

Kyngreind gögn eru til um umsóknir og úthlutanir hjálpartækja. Vinna þarf að því að staðla gögnin og gera þau aðgengilegri en Sí eru í þeirri vinnu um þessar mundir að gera gögn aðgengileg á mælaborði sem mun líklega auðvelda samanburð við næstu kortlagningu kynjasjónarmiða.

#### **Kynjasjónarmið**

Kynbundinn munur á heilsu er þekkt sjónarmið, sem sést m.a. í fjöldaþróun öryrkja, lífslíkum við góða heilsu og eigin mati fólks á líkamlegri heilsu. Ástæður kynbundins munar á heilsu geta verið margvíslegar og líklegast er að um samspil ýmissa þátta sé að ræða. Má þar nefna kynskiptan vinnu-markað, ójafna verkaskiptingu á ólaunuðum heimilis- og umönnunarstörfum, kynbundið ofbeldi og staðalmyndir um hlutverk og hegðun kynjanna. Fjárhagsstaða getur einnig haft áhrif á heilsu fólks. Um það bil 93%

allra umsókna á árinu 2020 voru samþykktar (hér eru undanskildar umsóknir sem eru í bið vegna vankanta á umsókn) og voru konur heldur líklegri til að fá umsókn samþykkt (96% á móti 93%).

Fleiri umsóknir vegna hjálpartækja koma frá konum en körlum. Sjá nánari umfjöllun og sundurgreiningu í stöðuskýrslu 2021. Þetta má líklegast rekja til kynbundins munar á heilsufari en vísbendingar eru um að heilsa kvenna sé verri en karla. Þennan mun má sjá í ýmsum gögnum, s.s. um fjölda öryrkja, lífslíkum við góða heilsu og eigin mati fólks á líkamlegri heilsu líkt og áður hefur komið fram.

### **Niðurstöður og næstu skref**

Niðurstöður gefa vísbendingar um að konur á efri árum þurfi fremur á hjálpartækjum að halda en karlar á sama aldrsbili. Er það í samræmi við að heilsa kvenna virðist vera lakari en karla. Einnig er meðallífaldur kvenna hærri en karla sem gæti útskýrt þennan mun, en fleiri konur en karlar eru í elstu aldurshópunum þar sem þörfin fyrir hjálpartæki er hlutfallslega mest.

Skoða þyrfti gögn vegna hjálpartækja, skilgreina og samræma þannig að gögnin yrðu samanburðarhæf. Taka þyrfti ákvörðun um hvort taka ætti saman umsóknir um öll hjálpartæki við greiningu eða hvort greina ætti á milli mismunandi flokka hjálpartækja, t.d. einnota hjálpartækja (s.s. bleia, sykursýkisbúnaðar og stómavara), og sérfaðis sem fellur allt undir hjálpartæki.

### **Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Skoða mætti hvort viðeigandi væri að setja ný markmið og mælikvarða fyrir málaflökkinn í fjármálaáætlun að lokinni yfirferð og samræmingu gagna. Í því samhengi þyrfti að líta sérstaklega til kynja- og jafnréttissjónarmiða.



## Örorka og málefni fatlaðs fólks



### Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, örorkulífeyrir

Málaflokkur 27.1

### Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, örorka

Málaflokkur 27.2

### Aðrar örorkugreiðslur (önnur velferðarmál, lífeyristrygg.)

Málaflokkur 27.3

Undir málaflokkana falla greiðslur til örorku- og endurhæfingarlífeyrisþega og fólks með skerta starfsgetu.

### Kyngreind tölfraeðigögn


Tryggingastofnun ríkisins heldur utan um öll gögn um greiðslur á grundvelli þessara málaflokka og forsendur þeirra. Öll gögn eru kyngreind og aðgengileg fyrir jafnréttismat.

### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Konur eru um 60% þeirra sem eru með 75% örorkumat hjá Tryggingastofnun ríkisins og karlar um 40% og hefur það hlutfall haldist nánast óbreytt undanfarin ár. Öryrkjum með 75% mat fjölgaði að meðaltali um 2,3% árlega á tímabilinu 2010–2016, körlum um 2,1% að meðaltali og konum um 2,4%. Síðustu ár hefur aukin áhersla verið á endurhæfingu og hefur dregið úr fjölguninni. Þannig hefur fjöldinn nánast staðið í stað á árunum 2020 og 2021, aukning var um 0,2% árið 2020 og fækkun um 0,1% árið 2021. Munur er á milli kynja, þannig hefur á þessum tveimur árum orðið 0,5% fækkun í hópi karla 2020 og 0,6% fækkun 2021 á meðan fjöldi kvenna hefur aukist um 0,7% 2020 og 0,2% árið 2021.




### Fjöldi örorkulífeyrisþega í desember ár hvert



Öryrkjum hefur fækkað eða fjöldi þeirra staðið í stað sem hlutfall af mannfjölda í öllum aldursflokkum nema í elsta aldursflokknum 65–66 ára og er svipuð þróun hjá kynjunum. Vísbanding er um að sú áhersla sem lögð hefur verið á endurhæfingu síðustu ár hafi þar áhrif, en einnig getur verið að seinkunin sem endurhæfingin hefur á örorkumat búi til tveggja til þriggja ára töf í skráningu örorku sem mun ekki koma í ljós fyrr en að lengri tíma liðnum. Því er of snemmt að draga afgerandi ályktun af fækkuninni. Þá er líklegt að samspil við vinnumarkaðsaðgerðir í tengslum við heimsfaraldur hafi haft áhrif á litla fjölgun 2020–2021.

Konur eru í meira mæli metnar til örorku vegna stoðkerfissjúkdóma, sérstaklega um og eftir miðjan aldur. Dregið hefur úr vægi stoðkerfissjúkdóma síðustu fjögur ár hjá konum. Hlutfall þeirrar greiningar var um 36% árin 2010–2016 en hefur farið stíglækkandi og er 27% árið 2021. Geðræn vandamál eru nú algengust meðal kvenna en þau hafa verið um 33–34% orsaka fyrstu sjúkdómsgreininga kvenna síðasta áratuginn. Hjá körlum eru 42% fyrstu greininga vegna geðraskana, hæst hjá yngri aldurshópum, allt að 71% í aldurs-  
hópnum 20–24 ára. Stoðkerfissjúkdómar voru lengst af um 18% en eru nú um 14% orsaka hjá körlum.

## Fjöldi öryrkja eftir fyrstu sjúkdómsgreiningu



Þegar litið er til nýgengis örorku (þau sem greind eru í fyrsta skipti með meira en 75% örorku) má sjá nokkra breytingu. Þannig hefur nýgengi síðustu þriggja ára verið um 0,5% af mannfjölda á aldrinum 18-66 ára en var 0,6%-0,8% árin þar á undan. Hlutfall karla er um 0,2% nú en var um 0,3% árin á undan. Samsvarandi hlutfall kvenna hafði verið 0,4%-0,5% árin 2015-2018 en farið lækkandi síðustu þrjú ár í um 0,3% 2021. Þetta gæti bent til þess að endurhæfing hafi verið að skila þeim sem glíma við stoðkerfisvanda ríkari ávinningi, en þar eru konur í meiri hluta.

Eitthvað í samfélagsgerðinni virðist valda því að mikil fjölgun örorkulífeyrisþega er á meðal kvenna 50–66 ára. Mögulega eru kynbundin verkaskipting á vinnumarkaði, aukin byrði á heimili, umönnun barna og eldri eða veikari fjölskyldumeðlima sem og kynbundnið ofbeldi áhrifabættir. Starfsstéttir sem vinna bæði líkamlega og andlega erfið störf, t.d. leikskólakennarar, hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og þau sem vinna ýmiss konar þjónustu- og umönnunarstörf, eru oft á tíðum undir miklu líkamlegu og andlegu vinnuálagi. Einnig er almennt talið að konur á þessum aldri eigi erfiðara með að fá vinnu hafi þær dottið út af vinnumarkaði af einhverjum orsökum. Aukning örorku meðal kvenna um og yfir miðjum aldri byggist mikið á stoðkerfis- og geðsjúkdómum sem m.a. má rekja til þeirra þátta sem eru raktir að framan.

## Niðurstöður og næstu skref

Ólík staða karla og kvenna í þjóðfélaginu endurspeglast í mismunandi greiðslum til þeirra frá almannatryggingum. Þau sem fá lágar eða engar tekjur af atvinnu eða greiðslur úr lífeyrissjóðakerfinu fá hærrí greiðslur frá almannatryggingum. Almannatryggingakerfið

stuðlar þannig að tekjujöfnuði og nýtist fremur konum en körlum þar sem þær eru almennt með lægri tekjur aðrar en greiðslur frá almannatryggingum sér til framfærslu.

Með aukinni áherslu á starfsendurhæfingu má auka möguleika fólks til áframhaldandi þátttöku eða innkomu á vinnumarkað. Hlutfallslega fleiri konur á vinnumarkaði sinna störfum þar sem laun eru talin lág og hættan á að falla út af vinnumarkaði fyrir lífeyrisaldur virðist meiri í slíkum störfum.

Aukin áhersla á snemmtæka íhlutun og fjölgun endurhæfingar- og starfsendurhæfingarúrræða auk greiðslukerfis sem felur í sér hvata til virkni og bætt kjör ætti allt að koma öllum einstaklingum með örorku og skerta starfsgetu til góða og auka lífsgæði þeirra. Vísbindingar eru um að snemmtæk íhlutun auki möguleika fólks á því að snúa aftur til vinnu eftir fjarvistir vegna veikinda eða slysa. Þar sem konur eru í meiri hluta þeirra sem falla út af vinnumarkaði vegna sjúkdóma eða slysa mun þetta úrræði gagnast konum í meira mæli en körlum. Stefnt er að því að þróa og fjölga vinnumarkaðsúrræðum fyrir fólk með skerta starfsgetu á næstu árum sem fyrsta skref í heildarendurskoðun örorkulífeyriskerfisins.

#### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Einfaldara og sveigjanlegra bótakerfi þar sem dregið verður úr tekjutengingum mun mæta betur mismunandi þörfum einstaklinga með skerta starfsgetu. Gert er ráð fyrir að á næstu árum fari fram heildarendurskoðun á bótakerfinu, bótaflokkar verði sameinaðir og aukin áhersla verði á samþættingu greiðslukerfisins, endurhæfingar og vinnumarkaðsúrræða. Sérstaklega verði horft til þess að bæta kjör þeirra einstaklinga með skerta starfsorku sem lökust kjörin hafa. Með því styrkist réttarstaða öryrkja sem fá greiðslur frá almannatryggingum en þar eru konur í meiri hluta.

#### Stjórnarsáttmáli

Málefni örorkulífeyrisþega verða tekin til endurskoðunar á kjörtímabilinu með það að markmiði að bæta lífskjör og lífsgæði fólks með skerta starfsorku. Sérstaklega verður horft til þess að bæta afkomu og möguleika til virkni, menntunar og atvinnuþátttöku á eigin forsendum. Lögð verður rík áhersla á val einstaklinga til að taka þátt í nýju kerfi. Þá verður sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks lögfestur.

→ Í allri þessari vinnu er mikilvægt að tekið sé mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum þannig að tryggt sé að tekið verði tillit til ólíkrar stöðu og þarfa einstaklinga, bæði meðal örorkulífeyrisþega og fólks með fötlun.



## Málefni aldraðra



### Bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar, lífeyrir aldraðra

Málaflokkur 28.1

### Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, öldrun

Málaflokkur 28.2

### Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, ótaldar

Málaflokkur 28.3

#### Kyngreind tölfræðigögn

Kyngreind gögn um greiðslur almannatrygginga til aldraðra eru til og aðgengileg. Þá liggja fyrir gögn hjá lífeyrissjóðum, sveitarfélögum og víðar um tekjur og þjónustu þessa hóps, auk þess sem starfshópar hafa verið að störfum um málefni aldraðra. Mælikvarðar við markmið málaflokka í fjármálaáætlun eru sundurgreindir eftir kynjum þar sem það á við og þannig er leitast við að fá skýrari mynd af stöðu og þróun mála.

#### Kynjasjónarmið

Aldraðar konur hafa almennt lægri tekjur en aldraðir karlar. Aukin áhersla á séreignar-lífeyrissparnað er leið sem virðist henta tekjuhærrí hópum betur. Konur eru líklegri til að eiga minni lífeyrissparnað á efri árum vegna ólíks lífshlaups kynjanna. Minni launuð vinna, kynbundinn launamunur og meiri ábyrgð á fjölskyldu og heimili sem leiðir til styttri tíma á vinnumarkaði eru þar áhrifaþættir. Sú aukna áhersla sem hefur verið lögð á atvinnuþáttöku aldraðra á undanförunum árum, m.a. með sérstöku frítekjumarki atvinnutekna, er því líkleg til þess að vera fremur til hagsbóta fyrir karla en konur. Samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofu Íslands má búast við að hlutfall aldraðra af íbúafjölda fari vaxandi á næstu árum og áratugum. Þannig er gert ráð fyrir að hlutfallið nálgist fjórðung af mannfjölda upp úr 2060 og að kynjaskipting hópsins verði svipuð og nú er, þ.e. 52% konur og 48% karlar.

Í [skýrslu starfshóps um kjör aldraðra](#) frá desember 2018 kemur fram að af þeim íbúum 67 ára og eldri sem búa við lökust kjör eru 60–70% konur. Af þeim sem eru með tekjur á lágsta tekjubilinu (tekjutíund 1) eru um 8,5% af erlendum uppruna sem er jafnframt


tæplega helmingur þeirra aðila af erlendum uppruna sem eiga réttindi hjá Tryggingastofnun ríkisins. Í hverri tíund eru 3.309 einstaklingar. Í skýrslunni kemur einnig fram að þessi hópur hefur unnið sér inn lítil eða engin réttindi til greiðslna úr lífeyrissjóðum, lifir nær eingöngu á bótum almannatrygginga og býr í leiguhúsnæði eða í mjög skuldsettu eigin húsnæði. Innflytjendum, sem af einhverjum ástæðum hafa ekki áunnið sér rétt til lífeyris í fyrra búsetulandi, hefur fjölgað. Þessir einstaklingar hafa margir mjög takmörkuð efni og úrræði sér til framfærslu.

Lög um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða tóku gildi þann 1. nóvember 2020 og er nú komin nokkur reynsla á löggjöfina. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að þar sem fleiri konur en karlar séu í þeim hópi sem búa við lökust kjör sé frumvarpið til þess fallið að bæta hag kvenna umfram hag karla.

Í töflu hér að neðan má sjá skiptingu greiðslna vegna þessa bótaflokks eftir kynjum og einnig eftir þjóðerni. Miðað er við tölur októbermánaðar 2021 en hlutföll kynja og þjóðernis hafa verið svipuð í öðrum mánuðum. Í töflunni kemur m.a. fram að fjöldi íslenskra og erlendra ríkisborgara sem fá þessar greiðslur er nánast sá sami þrátt fyrir að erlendir ríkisborgarar séu einungis lítill hluti þeirra eldri borgara sem eru á lægsta tekjubilinu, eða 8,5%. Þrátt fyrir að hér sé um tiltölulega lítinn hóp að ræða og ekki komin mikil reynsla á úrræðið virðist ljóst að staða erlendra ríkisborgara er umtalsvert verri en íslenskra en aftur á móti virðist staða kvenna og karla af erlendum uppruna vera heldur jafnari hvað þetta varðar.

### Viðbótarstuðningur við aldraða október 2021

Ríkisfang	Fjöldi	kr.	Meðaltal/kr.	Miðgildi/kr.
IS	103	11.246.958	109.194	105.092
Ekki IS	103	17.386.500	168.801	164.304
<b>Alls</b>	<b>206</b>	<b>28.633.458</b>	<b>138.997</b>	<b>137.967</b>
<b>Konur</b>				
IS	72	8.492.903	117.957	114.218
Ekki IS	65	11.845.116	182.233	192.133
<b>Alls</b>		<b>20.338.019</b>	<b>148.453</b>	<b>144.845</b>
<b>Karlar</b>				
IS	31	2.754.055	88.840	91.832
Ekki IS	38	5.541.384	145.826	148.284
<b>Alls</b>		<b>8.295.439</b>	<b>120.224</b>	<b>123.355</b>



### Niðurstöður og næstu skref

Í málaflokknum eru enn áskoranir sem snúa að stöðu kynjanna. Aldraðar konur hafa enn sem komið er almennt lægri tekjur úr atvinnutengdum lífeyrissjóðum en aldraðir karlar og ræðst það m.a. af ólíku lífshlaupi kynjanna og ójafnri stöðu þeirra á vinnumarkaði. Ýmsar áskoranir eru í málefnum aldraðra og talið er mikilvægt að byrja á því að styrkja stöðu þess hóps aldraðra sem býr við lökust kjör. Fyrsta skrefið hefur verið stigið með samþykkt laga um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða, nr. 74/2020, en áfram er unnið að því að greina þrjár neðstu tíundir aldraðra og hvaða úrræði séu líklegust til að bæta lífskjör þeirra.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Framtíðarsýn málaflokksins er að aldraðir njóti lífsgæða á efri árum og geti framfleytt sér með tekjum sínum, úr lífeyrissjóðum. Segja má að hlutur kvenna í lífeyrisgreiðslum úr atvinnutengdum lífeyrissjóðum endurspegli stöðu kvenna á vinnumarkaði á þeim tíma sem viðkomandi konur voru á vinnumarkaði. Þar hafa helst áhrif þeir þættir sem minnst var á hér að framan, þ.e. minni þátttaka á vinnumarkaði, kynbundinn launamunur og meiri ábyrgð á fjölskyldu og heimili sem leiðir til styttri tíma á vinnumarkaði. Löggjöf um jafnlaunavottun, breytingar á lögum um fæðingarorlof sem jöfnuðu rétt foreldra til fæðingarorlofs og síðast en ekki síst aukin áhersla á jafnrétti á öllum sviðum þjóðfélagsins munu væntanlega leiða til þess að munur á stöðu kynjanna mun minnka á komandi árum og áratugum.

### Stjórnarsáttmáli

Afkoma ellilífeyrisþega verður áfram bætt og sérstaklega litið til þeirra sem lakast standa. Almennatryggingakerfi eldri borgara verður endurmetið og hefur frítekjumark atvinnutekna þegar verið tvöfaldað. Horfa á til þess að draga úr jaðaráhrifum tekjutenginga og tekjuskatts í almennatryggingum og gera kerfið gagnsærra og réttlátara.

→ Mikilvægt er að taka tillit til ólíkrar stöðu kynjanna í þeim endurbótum á kerfinu sem framundan eru, bæði m.t.t. tekna og getu til að stunda atvinnu á efri árum.

## Fjölskyldumál



### Fæðingarorlof Málaflokkur 29.2

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Öll gögn sem safnað er í tengslum við nýtingu foreldra á rétti til fæðingarorlofs og greiðslur til foreldra í fæðingarorlofi eru kyngreind. Má í því sambandi nefna gögn í tengslum við fjölda fæðingarorlofsdaga foreldra og skiptingu þeirra milli foreldra, meðalfjölda fæðingarorlofsdaga fyrstu þrjá, sex og tólf mánuði frá fæðingu barns og dreifingu fæðingarorlofsdaga eftir tekjum foreldra miðað við tiltekin tekjubil. Ekki eru fyrirliggjandi upplýsingar vegna þeirra foreldra sem aldrei sækja um greiðslur úr Fæðingarorlofssjóði eða vegna fæðingarstyrks.


#### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Markmið laga um fæðingar- og foreldraorlof er tvíþætt, annars vegar að tryggja barni samvistir við báða foreldra sína og hins vegar að gera foreldrum kleift að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf. Reynslan hefur sýnt að einn af lykilþáttum þess að foreldrum sé unnt að samræma fjölskyldu- og atvinnulíf er að foreldrar eigi jafnan rétt til fæðingarorlofs. Lenging fæðingarorlofs miðar almennt einkum að því að barn geti notið samvista með foreldrum sínum sem lengst. Breytingar á hámarksgreiðslum úr Fæðingarorlofssjóði miða á hinn bóginn að því að draga úr röskun á tekjum heimila þegar foreldrar nýta rétt sinn til fæðingarorlofs.

Helsta áskorunin innan fæðingarorlofskerfisins er að tryggja að röskun á tekjum foreldra verði sem minnst þegar þau þurfa að leggja niður störf vegna fjölgunar í fjölskyldunni, enda má ætla að tekjur fjölskyldunnar eigi stóran þátt í ákvarðanatöku foreldra í tengslum við nýtingu þeirra á rétti til fæðingarorlofs. Almennt hafa stjórnvöld lagt áherslu á að hækka hámarksgreiðslur til foreldra sem nýta rétt sinn til fæðingarorlofs í því skyni að auka líkur á að foreldrar, ekki síst feður, sjái sér hag í að fullnýta rétt sinn innan fæðingarorlofskerfisins. Í því sambandi þykir mikilvægt að hækka hámarksgreiðslur til foreldra sem nýta rétt sinn til fæðingarorlofs m.t.t. þróunar launa, verðlags og efnahagsmála ár hvert. Fyrir fæðingarárið 2019 fengu 25% feðra hámarksgreiðslur en 10,5% mæðra. Frekari hækkun hámarks myndi því hafa meiri áhrif hjá feðrum en mæðrum. Tölulegar upplýsingar frá Vinnumálastofnun benda til þess að síðustu tíu ár hafi orðið hægfara breyting á hlutfallslegum fjölda feðra af fjölda þeirra mæðra sem nýtt hafa rétt sinn til fæðingarorlofs. Á tímabilinu 2011–2015 stóð þetta hlutfall nokkuð í stað í kringum 81%. Í október 2016 hækkuðu hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi úr 370.000 kr. á mánuði í 500.000 kr. á mánuði. Gögn benda til þess að í kjölfarið hafi hlutfall feðra af mæðrum sem nýttu rétt sinn til fæðingarorlofs aukist en hlutfallið fór í 86,5% vegna fæðingarársins 2017. Hámarksgreiðslur til foreldra í fæðingarorlofi hækkðu aftur 2018 og 2019 og fór hlutfall umsókna feðra af umsóknum mæðra yfir 88% vegna beggja fæðingarára.



### Umsóknir feðra sem hlutfall af umsóknum mæðra



Hlutfallsleg nýting feðra á fjölda daga í fæðingarorlofi hefur einnig farið hægt upp á við frá árinu 2016 en flestir feður sem nýta rétt sinn til fæðingarorlofs nýta einungis ófram-seljanlegan sjálfstæðan rétt sinn. Fram til ársins 2019 var sá réttur 90 dagar eða þrjú mánuðir. Flestir feður nýta 61–90 daga af rétti sínum til fæðingarorlofs en innan við 10% nýtti meira en 150 daga eða meira en fimm mánuði. Í tilfellum samkynja foreldra er annað foreldrið í gögnum Fæðingarorlofssjóðs flokkað sem foreldri en ekki móðir eða faðir. Nýting þeirra, sem flokkast sem foreldri hjá Fæðingar-orlofssjóði, á fjölda daga í fæðingarorlofi hefur verið nokkuð svipuð og hjá feðrum en þó eru hlutfallslega fleiri í þessum hópi sem einnig nýta sameiginlegan rétt til fæðingarorlofs. Þess skal getið að fjöldi þeirra sem ekki flokkast sem móðir eða faðir í gögnum Fæðingarorlofssjóðs er innan við 0,5% af heildarfjölda umsækjenda um greiðslur í fæðingarorlofi.

## Skipting heildarfjölda orlofsdaga eftir foreldrum og tímalengd orlofs

	1-60 dagar	61-90 dagar	91-120 dagar	121-150 dagar	121-150 dagar
<b>Móðir alls</b>					
2016	0,5%	5,4%	1,2%	3,2%	89,6%
2017	1,1%	5,7%	1,2%	3,3%	89,0%
2018	0,7%	5,8%	1,0%	3,1%	89,6%
2019	0,5%	6,0%	1,3%	3,4%	88,7%
<b>Foreldri alls</b>					
2017	100%				
2018		57,1%	14,3%	4,8%	23,8%
2019	12,9%	77,4%	6,5%		3,2%
<b>Faðir alls</b>					
2016	17,2%	68,60%	3,8%	2,8%	7,3%
2017	15,8%	69,4%	3,9%	2,6%	8,7%
2018	14,5%	71,1%	3,1%	2,4%	8,8%
2019	13,2%	71,40%	3,5%	2,6%	9,2%

## Niðurstöður og næstu skref

Á heildina litið virðist sem mánaðarlegar hámarksgreiðslur úr Fæðingarorlofssjóði hafi áhrif á nýtingu feðra á rétti sínum til fæðingarorlofs. Auk þess hefur aðeins lítill hluti feðra, sem nýtt hefur rétt sinn til fæðingarorlofs, nýtt réttinn umfram óframseljanlegan sjálfstæðan rétt sinn.

Í desember 2019 samþykkti Alþingi breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof þar sem kveðið var á um lengingu á samanlögðum rétti foreldra til fæðingarorlofs í tíu mánuði. Í því fólst m.a. að sjálfstæður óframseljanlegur réttur foreldra jókst úr þremur mánuðum í fjóra mánuði. Átti breytingin við um foreldra barna sem fæddust, voru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá 1. janúar 2020 eða síðar. Í lok árs 2021 benda gögn til þess að a.m.k. helmingur þeirra feðra sem nýtt hafa rétt sinn til fæðingarorlofs vegna fæðingarárs 2020 hafi nýtt sér þrjá til fjóra mánuði af rétti sínum til fæðingarorlofs. Endanleg gögn munu þó ekki liggja fyrir fyrr en í árslok 2022.

Í desember 2020 samþykkti Alþingi frumvarp félags- og barnamálaráðherra til nýrra laga um fæðingar- og foreldraorlof en þar er kveðið á um jafna skiptingu tólf mánaða

fæðingarorlofs á milli foreldra en foreldri er þó heimilt að framselja sex vikur af sjálfstæðum rétti sínum til hins foreldrisins. Á þetta við um foreldra barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur frá 1. janúar 2021 eða síðar.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Mikilvægt er að greiðslur til foreldra sem nýta rétt sinn til fæðingarorlofs haldi í við launaþróun í landinu þannig að þeir sjái hag sinn í að fullnýta fæðingarorlofsréttinn og takmarki ekki nýtinguna vegna skerðingar á efnahagsstöðu heimilisins á meðan á fæðingarorlofi stendur.

### Stjórnarsáttmáli

Unnið verður að því í samvinnu við sveitarfélögin að brúa bil milli fæðingarorlofs og leikskóla. Samhliða á að greina og endurskoða þjónustu ríkis og sveitarfélaga við börn og barnafölskyldur fyrstu ár ævinnar með það að markmiði að auka þjónustu við þennan hóp. Þá á að vinna gegn kynbundnum launamun en hann er talinn hafa umtalsverð áhrif á ákvarðanir foreldra um skiptinu fæðingarorlofs milli sín.

→ Þessu til viðbótar þarf að huga að leiðum til að styðja við aukna þátttöku fedra í uppeldi og umönnun barna þannig að þjónustan gagnist öllum kynjum og stuðli að jafnrétti.

### Bætur vegna veikinda og slysa Málaflokkur 29.6

Málaflokkurinn er á ábyrgð heilbrigðisráðherra og tekur til bóta samkvæmt lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, lögum um slysatryggingar almannatrygginga, nr. 45/2015, og lögum um sjúklingatryggingu, nr. 111/2000.

### Kyngreind tölfræðigögn

Nokkuð er til af gögnum en þó vantar frekari upplýsingar sem hægt væri að nálgast með lítilli fyrirhöfn.

### Kynjasjónarmið

Þar sem konur og karlar gegna oft ólíkum störfum má leiða líkum að því að áhættuþættir í starfi séu ólíkir eftir kynjum og þar með að kynjamunur sé til staðar hvað varðar slys og atvinnusjúkdóma.

Slysatiðni er hærri meðal karla en kvenna og því má telja að fleiri karlar en konur falli undir lögina sem málaflokkurinn tekur til. Karlar lenda frekar í íþróttaslysum og vinnuslysum enda eru karlar í meiri hluta þátttakenda í skipulögðu íþróttastarfi og á vinnumarkaði, auk þess sem konur og karlar vinna ólík störf. Fleiri konur en karlar velja slysatryggingu við heimilisstörf samkvæmt skattframtölum árið 2019, eða 62% kvenna og 54% karla.

Slysaögn frá Vinnueftirlitinu sýna að af tilkynntum slysum eru að jafnaði allt að 65% hjá körlum. Á tímabilinu 2019–2020 var tilkynnt um 3.670 vinnuslys, þar af voru 2.330



karlar (63%) og 1.340 konur (37%) sem slösuðust. Nokkur fækkun slysa var árið 2020 frá fyrri árum. Ekki liggur fyrir hvað veldur fækkuninni en gera má ráð fyrir að minni umsvif almennt, vegna heimsfaraldurs, spili inn í. Stóran hluta af fækkun má rekja til fækkunar tilkynntra slysa við mannvirkjagerð en störfum við mannvirkjagerð hefur heldur fækkað frá árinu 2019 þegar 15.294 störfuðu í greininni á móti 14.236 á síðasta ári. Hlutfallslega slasast fleiri konur við störf á heilbrigðisstofnunum og á heimilum (heimilishjálpi o.fl.) meðan hlutfallslega fleiri karlmenn slasast við vinnu í iðnaði og á byggingavinnusvæðum.

Karlmenn lenda oftast í alvarlegum vinnuslysum. Samkvæmt upplýsingum Vinnueftirlitsins hafa eingöngu karlmenn látist við vinnu undanfarin ár. Banaslys eru flest tengd mannvirkjagerð, tvö af þremur árið 2020, og svo iðnaði en í þessum starfsgreinum eru karlmenn í meiri hluta.

Um 11% tilkynntra vinnuslysa leiddu til fjarveru starfsmanns í 14 daga eða lengur samkvæmt Vinnuslysaskráningu Vinnueftirlitsins. Í þeim hópi eru hlutfallslega fleiri konur (12,1%) frá vinnu meira en 14 daga en karlar (10,7%). Þegar kemur að óvinnufærni eða fjarveru í meira en 180 daga frá vinnu er hlutfallið nokkurn veginn það sama milli karla og kvenna.

Þrjú banaslys urðu við vinnu 2020 og voru það í öllum tilfellum karlmenn sem létust. Þetta er í samræmi við fyrri ár, þ.e. að karlmenn eru mun líklegri til að látast í vinnuslysum.

Hlutfall kvenna og karla sem slasast í tengslum við samgöngur er nokkuð svipað, en hér undir falla bæði ferðir til og frá vinnu og störf tengd samgöngum. Þar sem fleiri karlar starfa við samgöngur má gera ráð fyrir að slysa kvenna tengist frekar ferðum þeirra til og frá vinnu.

Fleiri karlar en konur fengu greiddar bætur vegna slysa í nánast öllum greiðsluflokkum á tímabilinu 2019–2020. Heildarfjárhæð greiðslna Sjúkratrygginga Íslands var á tímabilinu 1.137 m.kr. og voru 68% vegna karla og 32% vegna kvenna. Lítil munur er á meðalgreiðslum eftir kynjum. Fjárhæðir vegna gervilima, gervitanna og viðgerða á tönnum skera sig úr að því leyti að meðalgreiðslur til karla eru töluvert hærri en til kvenna.

Kostnaðarliður	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Meðalgreiðsla	Fjöldi	Meðalgreiðsla
Dagpeningar	467	163.671	248	181.705
Dagpeningar (greitt til einstaklinga)	244	279.103	113	299.456
Ferðakostn. sjúklinga á eigin bifreið	90	41.500	42	49.073
Ferðakostn. sjúklinga v/áætlunarferða	37	47.586	16	49.928
Ferðakostn. sjúklinga v/leigubíls	13	7.815	5	4.797
Gervilimir og gervitennur	189	797.762	85	142.751
Lyf og umbúðir	238	26.557	152	25.211
Læknishjálp	943	25.331	621	20.100
Læknisvottorð	510	1.601	420	1.993
Sjúkraflutningur	59	8.258	44	7.829
Sjúkraþjálfun	626	183.806	560	189.753
Viðgerðir á tönnum	60	124.297	24	67.391
Ýmsar aðrar tekjur	34	155.984	69	142.935
Örorkubætur, eingreiðslur	295	1.059.612	130	1.037.804
<b>Alls</b>	<b>3.805</b>	<b>203.109</b>	<b>2.529</b>	<b>143.958</b>

Tryggingastofnun sér um að greiða mánaðarlega út örorkubætur þar sem slysaörorka hefur verið metin 50% eða hærrí, sem og dánarbætur. Fleiri karlar en konur fengu greitt á tímabilinu og um 70% upphæðarinnar fóru til karla. Bætur vegna andláts (dánarbætur og barnalífeyrir) eru fremur greiddar til kvenna, enda er algengara að karlar láti lífið í vinnuslysum.

Atvinnusjúkdómar koma að jafnaði fram á löngum tíma og erfitt getur verið að greina frumorsök sjúkdómsins. Rannsóknir á vinnutengdum áhættuþáttum hafa í gegnum tíðina fremur tekið mið af störfum karla og beinst að þáttum eins og slysaáætlu, mengun og líkamlegu álagi. Miklar breytingar hafa orðið á eðli starfa og vinnuumhverfi og mikilvægt að horfa líka til andlegra og félagslegra áhrifaþátta sem og vinnuaðstæðna. Vísbendingar eru um að mörg störf sem konur sinna fremur en karlar feli í sér einhæfar hreyfingar sem valdi álagi á stoðkerfi. Konur voru í meiri hluta (71%) þeirra sem leituðu sér starfsendurhæfingar hjá VIRK árið 2019 og konur eru um 60% örorkulífeyrisþega. Stoðkerfissjúkdómar eru meðal algengustu orsaka örorku meðal kvenna og fjölgun örorkulífeyrisþega er mest hjá konum 50 ára og eldri. Hugsanlega má rekja hluta af orsökinni til kynbundinnar verkaskiptingar á vinnumarkaði.

**Niðurstöður og næstu skref**

Á heildina litið falla fleiri karlar en konur undir lögin sem málaflokkurinn tekur til og fleiri karlar en konur fá greiðslur vegna slysatrygginga almannatrygginga en um 69% af greiðslum sem Sí greiddu á tímabilinu 2018–2019 runnu til karla. Fleiri konur tilkynna þó um atvinnusjúkdóma en karlar.

Ný lög um slysatryggingar almannatrygginga tóku gildi á árinu sem m.a. auka réttindi slysatryggðra og tryggja þannig betur stöðu þeirra ef slys verða. Með breytingunum teljast fleiri slysatryggðir samkvæmt lögnum, auk þess sem bætur verða að jafnaði hærri. Breyting á skilgreiningu á slysi auk breytinga á ákvæði laganna um atvinnusjúkdóma ættu að leiða til fjölgunar umsókna um bætur úr slysatryggingum almannatrygginga til Sjúkratrygginga Íslands.

Breytingarnar gætu leitt til aukinnar tryggingaverndar þeirra sem sinna umönnunarskörfum, en þar eru konur í miklum meiri hluta.

**Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Vert væri að skoða þessar niðurstöður í samhengi við málefnasvið 27 um örorku þar sem hlutfallsleg fjölgun örorkulífeyrisþega er mest hjá konum yfir fimmtugt og algengasta orsökina fyrir henni er stoðkerfisvandi.



## Vinumarkaður og atvinnuleysi



### Vinnumál og atvinnuleysi Málaflokkur 30.1


#### Kyngreind tölfræðigögn

Vinnumálastofnun hefur tekið saman ýmsar kyngreindar upplýsingar hvað varðar umræddan málaflokk en auk þess greinir stofnunin upplýsingar innan málaflokksins, m.a. eftir landshlutum, ríkisfangi, menntun og aldri.

#### Kynja- og jafnréttissjónarmið


Staða einstaklinga sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun getur verið mismunandi eftir kynjum innan ólíkra hópa atvinnuleitenda, s.s. eftir aldri eða búsetu. Þrátt fyrir framangreint verður ekki séð, af þeim tölulegu upplýsingum sem fyrir liggja og mat þetta byggist á, að verulegur munur sé á atvinnumöguleikum kvenna og karla innan ólíkra hópa. Þess ber þó að geta að staðan getur breyst mjög hratt verði breytingar á vinnumarkaði, ekki síst í ljósi þess hversu kynskiptur íslenskur vinnumarkaður er en enn eru við lýði störf þar sem starfsfólk sem þeim gegna er í yfirgnæfandi meiri hluta ýmist konur eða karlar. Í þessu sambandi má nefna miklar breytingar á skráðu atvinnuleysi á árinu 2021 en það hefur þó verið nokkuð jafnt meðal kvenna og karla.

### Skráð atvinnuleysi



Þegar ríkisborgararéttur einstaklinga sem skráðir eru án atvinnu hjá Vinnumálastofnun er skoðaður má sjá að alls voru 4.289 erlendir ríkisborgarar skráðir án atvinnu hjá stofnuninni í desember 2021. Þessi fjöldi samsvarar ríflega 40% allra skráðra atvinnuleitenda. Tæplega helmingur erlendra ríkisborgara sem skráðir voru án atvinnu kom frá Póllandi.

Fjöldi skráðra atvinnulausra í desember 2021



Í mars 2021 fór af stað atvinnuáttak undir yfirskriftinni „Hefjum störf“ en um er að ræða sérstakar aðgerðir sem skapa eiga tímabundin störf í samvinnu við atvinnulífið, opinberar stofnanir, sveitarfélög og félagasamtök. Í janúar 2022 höfðu orðið til tæplega 18.000 störf, auk þess sem tæplega 8.000 ráðningar höfðu átt sér stað. Um 47% þeirra sem höfðu verið ráðin eru konur og 53% karlar, sem er í ágætu samræmi við kynjahlutfall meðal atvinnuleitenda. Þá voru um 43% með erlent ríkisfang en um 57% með íslenskt ríkisfang.

### Niðurstöður og næstu skref

Samkvæmt þeim upplýsingum frá Vinnumálastofnun sem mat þetta byggist á má ætla að almennt sé ekki mikill munur á milli kvenna og karla þegar kemur að fjölda einstaklinga sem skráðir eru án atvinnu hjá stofnuninni á hverjum tíma, hvort sem litið er til aldurs, búsetu, ríkisfangs, menntunar eða þess hversu lengi einstaklingur hefur verið skráður án atvinnu.

Hópar þeirra einstaklinga sem skráðir eru án atvinnu á hverjum tíma geta verið mjög breytilegir, m.a. í ljósi þess að einstaklingar sem hverfa tímabundið af vinnumarkaði vegna atvinnumissis búa við ólíka stöðu, s.s. hvað varðar menntun eða búsetu, sem mikilvægt er að huga að hverju sinni. Þannig má sjá af þeim upplýsingum Vinnumálastofnunar sem liggja til grundvallar við mat þetta að munur á milli kynjanna getur verið nokkur á ákveðnum tímum innan ákveðinna hópa atvinnuleitenda.

Mikilvægt þykir að fylgjast náið með þróun mála þannig að unnt sé að grípa sem fyrst inn í ef myndin fer að skekkjast og halla fer á annað kynið. Íslenskur vinnumarkaður er

tiltölulega lítill og tekur stöðugum breytingum og því ljóst að ekki þarf mikið að breytast til að halla fari á annað kynið þegar kemur að skráðum atvinnuleitendum. Í þessu samhengi má nefna að ef til hópuppsagnar kæmi á vinnustað þar sem meiri hluti starfsfólks er af öðru kyninu gætu tölur um skráða atvinnuleitendur strax tekið miklu breytingum, í það minnsta til skamms tíma.

#### **Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun**

Ætla má að þær aðgerðir sem gripið er til innan málaflokksins geti haft áhrif á kynin. Á það ekki síst við þar sem bæði karlar og konur verða fyrir því að hverfa tímabundið af vinnumarkaði vegna atvinnumissis. Í því skyni að koma í veg fyrir að þær aðgerðir sem almennt er gripið til innan málaflokksins hverju sinni hafi þau áhrif að annað kynið verði fyrr en hitt kynið þátttakandi á vinnumarkaði að nýju er mikilvægt að fylgjast með stöðu mála á hverjum tíma og miða aðgerðir við það hvernig hópur skráðra atvinnuleitenda er samsettur. Hins vegar kunna aðgerðir gegn atvinnuleysi sem koma sér betur fyrir annað kynið að eiga rétt á sér í þeim tilvikum þegar skráð atvinnuleysi er meira meðal annað hvort kvenna eða karla.



# Húsnæðisstuðningur



## Húsnæðisstuðningur Málaflokkur 31.1

### Kyngreind tölfraeðigögn

Síðustu ár hefur orðið jákvæð þróun í söfnun gagna um húsnæðismarkað, ekki síst með tilkomu húsnæðisgrunns, nýs gagnagrunns hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Allflest gögn eru kyngreind. Hagstofa Íslands skoðar stöðu á húsnæðismarkaði í félagsvísum og lífskjararannsókn, auk þess sem tekið er tillit til húsnæðiskostnaðar við mat á fjárhagsstöðu. Helst eru það gögn um heimili með börnum sem ekki eru kyngreind eftir foreldri/um í tölum um fjárhagsstöðu heimila. Þá liggja kyngreindar tölfraeðiupplýsingar fyrir um flest úrræði Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Þó vantar kyngreindar upplýsingar um leigjendur almennra íbúða þar sem gerð leigusamninga er í höndum stofnframlagshafa (eigenda/leigusala almennra íbúða) og er ástæða til að kanna möguleika á að afla slíkra upplýsinga, t.d. í tengslum við fyrirhugaða opinbera skráningu leigusamninga.

Frá síðasta mati hafa þannig bæst við upplýsingar um veitingu stofnframlaga til byggingar á almennum íbúðum fyrir ólíka þjóðfélagshópa sem og um þau sem fengið hafa hlutdeildarlán frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun samkvæmt nýju úrræði sem tók gildi 1. nóvember 2020.

### Kynja- og jafnréttissjónarmið

Eitt af meginmarkmiðum málefnaviðsins er að tryggja öruggt húsnæði fyrir alla. Þau sem verða fyrir áhrifum af þessu markmiði eru einkum efnaminnna fólk. Samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofu Íslands frá 2019 var lítill munur á hlutfalli kvenna og karla sem bjuggu við íþyngjandi húsnæðiskostnað á tímabilinu 2004–2018. Af ólíkum heimilisgerðum var algengast að heimili með einum fullorðnum og börnum skorti efnisleg lífsgæði (25,2%) en næst á eftir komu heimili einstæðra og barnlausra einstaklinga (11%).


### Húsnæðisbætur

Um það bil 7,8% þjóðarinnar fengu greiddar húsnæðisbætur í ágúst 2021 en þær hafa það að markmiði að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda vegna leigu á íbúðarhúsnæði. Á árinu 2021 bjuggu 10,9% heimila leigjenda, samanborið við 2,4% þeirra sem voru í eigin húsnæði, við skort á efnislegum gæðum. Konur eru líklegri en karlar til að vera á leigumarkaði samkvæmt skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar frá því í

maí 2020. Þar kemur fram að um 14% kvenna leigi húsnæði samanborið við 12% karla. Í skýrslu stofnunarinnar frá því í nóvember 2021 kemur fram að meðal leigjenda leigi marktækt fleiri konur félagslegt húsnæði af sveitarfélagi, samanborið við karla, eða 12,7% á móti 7,2%. Meðal leigjenda mælast einnig hlutfallslega fleiri konur í námsmanna-húsnæði, 10,1% á móti 7% karla, en sá munur er ekki tölfræðilega marktækur.

Árið 2020 fengu 21.398 heimili greiddar húsnæðisbætur. Þegar aðeins einn fullorðinn er á heimili (óháð fjöldi barna) voru viðtakendur húsnæðisbóta 17.295 talsins árið 2020, og eru konur þar í meiri hluta (61,6%). Skipta má þessum hópi viðtakenda húsnæðisbóta í tvo flokka eftir því hvort börn eru á heimilinu eða ekki. Þegar aðeins einn fullorðinn er á heimilinu er algengara að um sé að ræða barnlaus heimili og eru kynjahlutföllin þá nokkuð jöfn á meðal viðtakenda húsnæðisbóta. Þegar einn fullorðinn ásamt börnum er aftur á móti á heimilinu er þar í yfirgnæfandi meiri hluta um konur að ræða. Gert er ráð fyrir að hér sé einkum um einstæða foreldra að ræða enda þótt réttur til húsnæðisbóta geti verið fyrir hendi þótt ekki séu fjölskyldutengsl á milli heimilismanna.

### Viðtakendur húsnæðisbóta 2020



### Almennar íbúðir (stofnframlög)

Með almennum íbúðum er átt við íbúðarhúsnæði sem hlotið hefur stofnframlag ríkis og sveitarfélags, ætlað er til leigu á viðráðanlegu verði til leigjenda sem eru undir tilteknum tekju- og eignamörkum og rekið er af aðila sem ekki er rekinn í hagnaðarskyni. Líkt og fram hefur komið liggja enn sem komið er ekki fyrir kyngreind gögn hjá stjórnvöldum um leigjendur almennra íbúða. Aftur á móti liggja fyrir upplýsingar um innbyrðis skiptingu stofnframlaga til byggingar á almennum íbúðum fyrir ólíka félagshópa. Frá árinu 2016, þegar almenna íbúðakerfinu var komið á fót, hefur stofnframlögum ríkis og sveitarfélaga verið úthlutað til byggingar eða kaupa á samtals 2.901 almennri íbúð. Íbúðirnar verða staðsettar í öllum landshlutum.

Félagshópur	Fjöldi íbúða
Aldraðir	110
Námsmenn	592
Sértæk búsetuúrræði	168
Skjólstaðingar félagsþjónustunnar	630
Á vinnumarkaði (undir tekju- og eignamörkum)	1192
Öryrkjar/fatlað fólk	209
<b>Samtals</b>	<b>2.901</b>

Stór hluti stofnframlaga hefur runnið til byggingar eða kaupa á íbúðum fyrir einstaklinga á vinnumarkaði sem eru undir tekju- og eignamörkum löggjafarinnar um almennar íbúðir.

#### Hlutdeildarlán til íbúðarkaup

Hlutdeildarlánnum var komið á í árslok 2020 en um er að ræða lán sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun veitir þeim sem eru að kaupa sína fyrstu íbúð og þeim sem ekki hafa átt íbúðarhúsnæði sl. fimm ár og eru undir tilteknum tekjumörkum með það að markmiði að brúa eiginfjárkröfu við íbúðarkaup fyrir þá sem þess þurfa. Lítið framboð hefur þó verið af hagkvæmu íbúðarhúsnæði til sölu undanfarin misseri vegna mikilla sviptinga á fasteignamarkaði en alls hafa verið veitt 252 hlutdeildarlán.

Kaupendur	Fjöldi	Hlutfall	Umsækjendur með barn	Hildarfjöldi barna	Erlent ríkisfang
Karlar að kaupa	69	27,4%	4	4	2
Konur að kaupa	82	32,5%	19	24	0
Sambýlisfólk að kaupa	101	40,1%	55	86	8
<b>Samtals</b>	<b>252</b>	<b>100,0%</b>	<b>78</b>	<b>114</b>	<b>10</b>

Af ofangreindu er ljóst að algengast er að hlutdeildarlánþegi sé einstæður, eða í 59,9% tilvika. Sé lítið til einstæðra hlutdeildarlánþega má flokka hópinn annars vegar í barnlausu hlutdeildarlánþega og hins vegar í einstæða með börn. Hlutfall barnlausra, einstæðra hlutdeildarlánþega er nokkuð jafnt á milli kvenna (25%) og karla (25,8%). Einstæðir með börn eru um 9,1% þeirra sem nýta sér hlutdeildarlán til íbúðarkaup en athygli vekur að þar eru konur í miklum meiri hluta eða 82,6% þess hóps. Hlutfall barnafjölskyldna af heildarfjölda hlutdeildarlánþega er um 31%. Þannig er algengara að hlut-

deildarlánþegar séu barnlausir. Af heildarfjölda hlutdeildarlánþega eru útlendingar um 4% hópsins, en algengast er að þar sé um að ræða sambýlisfólk sem kaupir sér íbúð saman (80% hópsins).

### Niðurstöður og næstu skref

Heilt á litið má segja að bæði viðtakendur húsnæðisbóta og hlutdeildarlánþegar séu að meiri hluta til barnlaus heimili. Í báðum kerfum eru barnlausir og einhleypir einstaklingar jafnframt meira en helmingur þeirra sem nýta viðkomandi úrræði. Hlutfall kvenna og karla í þeim hópi er nokkuð jafnt í báðum húsnæðisstuðningskerfum en þegar litið er til einstæðra með börn eru konur aftur á móti í miklum meiri hluta.

Sé litið til heimilisgerða er algengast að heimili eins fullorðins með börn skorti efnisleg lífsgæði. Þá virðist sem einstæðar mæður eigi erfiðara með að ná endum saman, búi jafnvel við fátækt og séu líklegri til að vera á leigumarkaði en í eigin húsnæði. Ljóst er af ofangreindri umfjöllun að húsnæðisbætur og hlutdeildarlán nýtast ekki síst þessum hópum, samanborið við aðrar heimilisgerðir.

Ekki hefur orðið breyting á niðurstöðum jafnréttismats á húsnæðisbótum frá fyrra ári en í ár er í fyrsta sinn fjallað um hlutdeildarlán og almennar íbúðir. Líkt og fram hefur komið er mikilvægt að afla kyngreindra gagna um leigjendur almennra íbúða, t.a.m. í tengslum við tilkomu fyrirhugaðrar opinberrar skráningar á leigusamningum.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Í fjármálaáætlun er tilgreint að við stefnumótun á sviði húsnæðismála skuli sérstaklega tekið mið af stöðu þeirra sem verst standa, einkum þeirra sem búa einir sem og einstæðra með börn, en þessir hópar eiga erfiðara en aðrir hópar með að standa undir húsnæðiskostnaði. Ljóst er að í hópi einstæðra með börn eru konur í miklum meiri hluta þeirra sem njóta húsnæðisstuðnings á meðan skiptingin er jafnari þegar kemur að einstæðum og barnlausum einstaklingum. Beina þarf stuðningi í enn ríkari mæli til þeirra sem mest þurfa, t.d. í húsnæðisbótakerfinu, en nú þegar liggja fyrir tillögur um breytingar á lögum um húsnæðisbætur þar að lútandi.

### Stjórnarsáttmáli

Ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir stöðugri uppbyggingu húsnæðis um land allt. Ráðist verður í sérstakt átak til uppbyggingar á leiguhúsnæði fyrir fatlað fólk og eldra fólk innan almenna íbúðakerfisins. Þá verður húsnæðisöryggi og réttarstaða leigjenda bætt. Loks verður horft til áframhaldandi uppbyggingar í almenna íbúðakerfinu og framhalds hlutdeildarlána.

*→ Með þessari nálgun er komið til móts við þarfir þeirra sem hvað höllustum fæti standa á húsnæðismarkaði. Mikilvægt er að beina sjónum einnig að stöðu einstæðra með börn og fylgjast vel með þróun húsnæðismarkaðar og áhrifum aðgerða stjórnvalda þar á svo tryggja megi að áframhaldandi aðgerðir taki mið af þörfinni hverju sinni.*

## Lýðheilsa og stjórnsýsla velferðarmála



### Lýðheilsa, forvarnir og eftirlit Málaflokkur 32.1

#### Kyngreind tölfraeðigögn

Kyngreind gögn fyrir eftirtalda þrjá mælikvarða, sem fram komu í markmiðum mála-flokksins í fjármálaáætlun, voru skoðuð og koma þau í öllum tilfellum frá Embætti landlæknis:

1. Hlutfall landsmanna, 16 ára og eldri, sem notar Heilsuveru í samskiptum við heilbrigðisþjónustu.
2. Hlutfall þeirra sem hafa aldrei reykt en nota rafrettur.

#### Kynjasjónarmið

Heilsuvera er vefur fyrir almenning um heilsu og áhrifaþætti hennar, sjá nánari umfjöllun í stöðuskýrslu 2021. Sú breyting hefur orðið á notkun kynjanna á Heilsuveru frá síðustu skýrslu að nú nota karlar og konur vefinn jafnt eftir 16 ára aldur. Ef litið er til aldurshópa er nánast enginn munur á fjölda notenda eftir kynjum. Munurinn er mestur í aldurs-hópunum 16–19 ára og 50–59 en þar eru karlar 48% notenda og konur 52%. Hins vegar eru karlar í aldurshópnum 30–39 ára aðeins fleiri en konur en hlutfallið jafnt þar sem svo litlu munar. Ef horft er til kynjaskiptingar einstaklinga sem áttu samskipti (viðtal, símtal, vitjun) við heilsugæsluna á árinu 2021 var hlutfall karla 48,4%.

Í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020–2023, sem samþykkt var á Alþingi 16. desember 2019, er tilgreint verkefni sem fjallar um þann kynjamun sem var á notkun Heilsuveru undir lið 20, Karlar og heilbrigðisþjónusta. Verkefnið er unnið í samstarfi við Embætti landlæknis. Segja má að markmiði verkefnisins sé náð.

#### Notkun Heilsuveru (16 ára og eldri)

Tímabil	Karlar	Konur
2017	34%	66%
2018	36%	64%
2019	39%	61%
2020	45%	55%
2021	50%	50%

Hlutfall þeirra sem hafa aldrei reykt en nota rafrettur daglega eða sjaldnar gefur mikilvæga vísbendingu um nýliðun. Gögn frá 2020 sýna að notkun er að einhverju leyti algengari meðal kvenna en karla 18 ára og eldri.

Hlutfall þeirra sem hafa aldrei reykt en nota rafrettur greind eftir kynjum árið 2020:

- 
- 0,4% karla (18 ára og eldri) hafa aldrei reykt en nota rafrettur daglega eða sjaldnar og hefur því minnkað um 0,5 prósentustig frá árinu 2019.
- 
- 0,9% kvenna (18 ára og eldri) hafa aldrei reykt en nota rafrettur daglega eða sjaldnar og hefur því minnkað um 0,4 prósentustig frá árinu 2019.
- 

### Niðurstöður og næstu skref

Karlar undir sjötugu hafa hingað til notað Heilsuveru marktækt minna en konur á sama aldri vegna eigin heilsufars. Hins vegar virðist hafa átt sér stað breyting á síðastliðnu ári þar sem notkun karla jókst talsvert.

Nýjustu gögn varðandi hlutfall þeirra sem hafa aldrei reykt en nota rafrettur daglega eða sjaldnar sýna lítinn kynjamun þegar horft er til heildarnotkunar kynjanna en ef tölur frá 2019 eru skoðaðar samanborið við tölur frá árinu 2020 sést að töliverður munur er á kynjunum og að hlutfallsleg notkun karla hefur minnkað mikið í samanburði við notkun kvenna.

### Tengsl við stefnumótun og fjármálaáætlun

Við markmiðssetningu á síðasta ári var talið að það þyrfti að huga betur að því að auka hlut karla hvað varðar notkun á Heilsuveru. Konur notuðu Heilsuveru meira og þær nýta jafnframt þjónustu heilsugæslunnar meira en karlar. Þannig var talin þörf á að flétta verkefni úr framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum sem nefnt er í fyrri lið inn í fjármálaáætlun sem gert var. Verkefnið er vel á veg komið en vert að vekja athygli á því að gríðarleg aukning varð á notkun Heilsuveru á árinu 2020 í kjölfar COVID-19 en innskráningar þar þrefölduðust. Þá jókst notkun karla verulega.

### Stjórnsáttmáli

Ríkisstjórnin vill leggja aukna áhersla á lýðheilsu, forvarnir og geðheilbrigðismál, m.a. með því að gera fólki betur kleift að huga að eigin heilsu með því að nýta alla þá þekkingu og öll þau úrræði sem eru til staðar í samfélaginu.

→ Mikilvægt er að líta til þarfa ólíkra hópa og tryggja áhrif notenda á þróun þjónustu.

